

# Stjórnartíðindi

## 1962 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. 1, 8, 25, 28, 53, 63, og 268-269.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI

1962

A-DEILD



REYKJAVÍK — 1962  
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

*Útgefandi dómsmálaráðuneytið.*

# Efnisyfirlit

## í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	18. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar .....	1
2	13. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1962 .....	1
3	24. febr.	Fjáráukalög fyrir árið 1960 .....	2—3
4	1. marz	Lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands .....	3—4
5	7. marz	Lög um sveitarstjórnarkosningar .....	5—7
6	13. marz	Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni .....	7
7	14. marz	Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	8—11
8	S. d.	Erfðalög .....	12—22
9	S. d.	Lög um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878 .....	22
10	S. d.	Lög um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923 .....	23
11	15. marz	Lög um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. desember 1943 .....	24
12	27. marz	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	25
13	31. marz	Lög um heyrnleysingjaskóla .....	25—27
14	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu) .....	28
15	S. d.	Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán ..	28—29
16	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk .....	29
17	S. d.	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breytingu á þeim lögum .....	30
19	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir .....	31—32
56	4 apríl	Lög um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. ....	75—76
18	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	31
24	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum .....	36

## IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
21	9. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi .....	33—34
22	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda .....	35
23	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt .....	35
20	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands .....	32
25	S. d.	Lög um aðstoð til fatlaðra .....	36—37
26	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð .....	37
27	17. arpíl	Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð .....	38
28	S. d.	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	38—41
76	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu .....	160
29	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju .....	42
30	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf. ....	42
31	S. d.	Lög um sjúkrahjálfun .....	43
32	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953 .....	44
33	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum .....	45
34	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum .....	45
35	S. d.	Lög um Hjúkrunarskóla Íslands .....	46—48
36	S. d.	Lög um Handritastofnun Íslands .....	48—49
37	S. d.	Forsetabréf um þinglausnir .....	49
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins .....	50
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju .....	50
57	S. d.	Lög um Hæstarétt Íslands .....	76—86
58	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna .....	86
40	21. apríl	Lög um atvinnubótasjóð .....	51—52
41	S. d.	Lög um veitingu ríkisborgaréttar .....	53—55
42	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi ....	55

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
43	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur .....	56
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingafélög fyrir fiskiskip .....	56
45	S. d.	Lög um breyting á læknaSKIPUNARLÖGUM nr. 16/1955 .	57—58
46	S. d.	Lög um Samvinnubanka Íslands hf. ....	58—59
47	S. d.	Lög um breyting á lögum nr 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju .....	60
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík .....	87
60	S. d.	Lög um verkamannabústaði .....	87—91
61	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysaftryggingu skipshafna o. fl. ....	91
62	S. d.	Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar	91—94
63	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð .....	94—101
79	24. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. ....	170
48	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans .....	60
64	S. d.	Lög um dánarvottorð .....	101—104
65	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960	104—105
51	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 17. júní 1957, um Háskóla Íslands	63
52	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	63
54	S. d.	Lög um þjóðskrá og almannaskráningu .....	65—70
66	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla .....	105
67	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands .....	106
68	S. d.	Lög um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda .....	106—107
75	S. d.	Lög um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	146—160
49	28. apríl	Lög um ríkisábyrgðasjóð .....	61—62
50	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins .....	62
55	S. d.	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	70—75
69	S. d.	Lög um tekjustofna sveitarfélaga .....	107—121
70	S. d.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt .....	121—139
71	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna .....	140
72	S. d.	Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,	

## VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Sjálfsbjargar — landsambands fatlaðra og Krabba-meinsfélags Reykjavíkur .....	140
73	28. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva .....	141
74	S. d.	Lög um innflutning búfjár .....	141—145
77	S. d.	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	161—164
78	S. d.	Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum .....	165—170
53	2. maí	Bráðabirgðalög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf .....	64
80	17. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	171
81	24. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins .....	171
82	1. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi ....	172
83	15. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	173
84	24. júní	Bráðabirgðalög til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962 .....	173—174
85	28. júní	Auglýsing um gildistöku laga nr. 7 14. marz 1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands Noregs og Svíþjóðar .....	175
99	28. sept.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1962 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1962 ..	289
100	4. okt.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands .....	289
86	24. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán .....	176
90	13. des.	Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga .....	274—275
89	17. des.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	273—274
95	20. des.	Lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislataekjum .....	285—286
97	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	288
101	S. d.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	290
102	21. des.	Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða .....	291—303
88	22. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963 .....	273
96	24. des.	Fjárukalög fyrir árið 1961 .....	286—287
87	29. des.	Fjárlög fyrir árið 1963 .....	177—272
91	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961	276—277
92	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs .....	277
93	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur,	

## VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
94	29. des.	Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga .....	278—280
98	S. d.	Lög um almannavarnir .....	280—284
		Lög um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu .....	288



# Yfirlit

## eftir málaflokkum.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		<b>Áburðarverksmiðja.</b>	
47	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju .....	60
		<b>Ábyrgðarheimildir, sjá ríkisábyrgðir.</b>	
		<b>Almannaskráning, sjá þjóðskrá.</b>	
		<b>Almannatryggingar.</b>	
18	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	31
89	17. des.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	273—274
		<b>Almannavarnir.</b>	
94	29. des.	Lög um almannavarnir .....	280—284
		<b>Alþingi.</b>	
1	18. jan.	Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar .....	1
2	13. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1962 .....	1
37	18. apríl	Forsetabréf um þinglausnir .....	49
99	28. sept.	Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1962 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1962 ..	289
101	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	290
		<b>Alþjóðastofnanir.</b>	
6	13. marz	Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni .....	7
		<b>Atvinnubótasjóður.</b>	
40	21. apríl	Lög um atvinnubótasjóð .....	51—52
		<b>Bankamál.</b>	
20	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands .....	32

## IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
30	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Íðnaðarbanka Íslands hf. ....	42
46	21. apríl	Lög um Samvinnubanka Íslands hf. ....	58—59
67	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Fram- kvæmdabanka Íslands .....	106
<b>Barnavernd.</b>			
58	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna .....	86
<b>Bráðabirgðalög.</b>			
53	2. maí	Bráðabirgðalög um hámarksþóknun fyrir verkfræði- störf .....	64
81	24. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins .....	171
82	1. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi	172
84	24. júní	Bráðabirgðalög til lausnar á sildveiðideilunni sumarið 1962 .....	173—174
<b>Brunamál.</b>			
43	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur .....	56
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík .....	87
<b>Búnaðarmálasjóður, sjá landbúnaður.</b>			
<b>Dánarvottorð, sjá vottorð.</b>			
<b>Dómsmál.</b>			
32	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um mál- flytjendur, sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953 .....	44
<b>Erfðamál.</b>			
8	14. marz	Erfðalög .....	12—22
11	15. marz	Lög um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943 .....	24
63	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð .....	94—101
102	21. des.	Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða .....	291—303
<b>Félagsmál.</b>			
16	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk .....	29

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
21	9. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi .....	33—34
25	16. apríl	Lög um aðstoð til fatlaðra .....	36—37
60	21. apríl	Lög um verkamannabústaði .....	87—91
		<b>Fiskimálasjóður, sjá sjávarútvegur.</b>	
		<b>Framkvæmdabanki Íslands, sjá bankamál.</b>	
		<b>Fjárlög, ríkisreikningar.</b>	
3	24. febr.	Fjárukalög fyrir árið 1960 .....	2—3
65	25. apríl	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960	104—105
96	24. des.	Fjárukalög fyrir árið 1961 .....	286—287
87	29. des.	Fjárlög fyrir árið 1963 .....	177—272
91	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961	276—277
		<b>Forseti Íslands.</b>	
80	17. maí	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	171
83	15. júní	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	173
		<b>Gengismál.</b>	
28	17. apríl	Lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	38—41
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	288
		<b>Gjaldeyrismál, sjá innflutningsmál.</b>	
		<b>Hafnir, lendingarbætur.</b>	
42	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi ..	55
		<b>Handritastofnun Íslands, sjá Háskóli Íslands.</b>	
		<b>Happdrætti.</b>	
72	28. apríl	Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabba-meinsfélags Reykjavíkur .....	140

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
<b>Háskóli Íslands.</b>			
36	18. apríl	Lög um Handritastofnun Íslands .....	48—49
51	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 17. júní 1957, um Háskóla Íslands .....	63
100	4. okt.	Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands .....	289
<b>Hegningarlög.</b>			
7	14. marz	Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	8—11
17	31. marz	Lög um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breytingu á þeim lögum .....	30
85	28. júní	Auglýsing um gildistöku laga nr. 7 14. marz 1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	175
<b>Heilbrigðis- og sjúkramál.</b>			
16	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk .....	29
19	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir .....	31—32
31	18. apríl	Lög um sjúkraþjálfun .....	43
35	S. d.	Lög um Hjúkrunarskóla Íslands .....	46—48
45	21. apríl	Lög um breyting á læknaSKIPUNARLÖGUM, nr. 16/1955	57—58
48	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans .....	60
<b>Húsnæðismál.</b>			
56	4. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl. ....	75—76
60	21. apríl	Lög um verkamannabústaði .....	87—91
<b>Hæstiréttur.</b>			
57	18. apríl	Lög um Hæstarétt Íslands .....	76—86
<b>Iðnaðarbanki Íslands, sjá bankamál.</b>			
<b>Iðnaðarmálastofnun Íslands, sjá iðnaðarmál.</b>			
<b>Iðnaðarmál.</b>			
4	1. marz	Lög um Iðnaðarmálastofnun Íslands .....	3—4

## XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		<b>Innflutningsmál.</b>	
79	24. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. ....	170
		<b>Jarðir, kaup, sala.</b>	
76	17. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu .....	160
102	21. des.	Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða .....	291—303
		<b>Kirkjumál.</b>	
26	16. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð .....	37
66	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla .....	105
		<b>Kosningar.</b>	
5	7. marz	Lög um sveitarstjórnarkosningar .....	5—7
		<b>Landssmiðja, sjá ríkisstofnanir.</b>	
		<b>Lagabirting.</b>	
22	9. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda .....	35
		<b>Landbúnaður.</b>	
11	15. marz	Lög um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943 .....	24
15	31. marz	Lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán ..	28—29
63	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð .....	94—101
75	27. apríl	Lög um Stofnalánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	146—160
74	28. apríl	Lög um innflutning búfjár .....	141—145
92	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs .....	277
102	21. des.	Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð, og sölu þjóð- og kirkjujarða .....	291—303
		<b>Launamál.</b>	
55	28. apríl	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	70—75
78	S. d.	Lög um lifeyrissjóð togarasjóðsmanna og undirmanna á farskipum .....	165—170
53	2. maí	Bráðabirgðalög um hámarkspóknun fyrir verkfræðistörf .....	64

## XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
84	24. júní	Bráðabirgðalög til lausnar á sildveiðideilunni sumarið 1962 .....	173—174
97	20. des.	Lög um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna .....	288
<b>Lántökur.</b>			
6	13. marz	Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni .....	7
48	25. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans .....	60
86	24. nóv.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán .....	176
<b>Lífeyrissjóður.</b>			
78	28. apríl	Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum .....	165—170
<b>Lögskráning sjómanna, sjá siglingar, skip.</b>			
<b>Málflytjendur, sjá dómsmál.</b>			
<b>Menntamál.</b>			
13	31. marz	Lög um heyrnleysingjaskóla .....	25—27
33	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum .....	45
34	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum .....	45
35	S. d.	Lög um Hjúkrunaskóla Íslands .....	46—48
36	S. d.	Lög um Handritastofnun Íslands .....	48—49
52	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	63
<b>Norræn samvinna.</b>			
7	14. marz	Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	8—11
85	28. júní	Auglýsing um gildistöku laga nr. 7 14. marz 1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	175
93	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga. ....	278—280
<b>Óðul, sjá erfðamál.</b>			

## XIV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
		<b>Opinberir starfsmenn.</b>	
55	28. apríl	Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna . . . . .	70—75
97	20. des.	Lög um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. . . . .	288
		<b>Prentréttur, prentfrelsi.</b>	
23	9. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt . . . . .	35
		<b>Raforkumál.</b>	
81	24. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins . . . . .	171
		<b>Ríkisábyrgðir.</b>	
49	28. apríl	Lög um ríkisábyrgðasjóð . . . . .	61—62
73	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til þriggja skipasmíðastöðva . . . . .	141
		<b>Ríkisborgararéttur.</b>	
41	21. apríl	Lög um veitingu ríkisborgararéttar . . . . .	53—55
		<b>Ríkisreikningur, sjá fjárlög.</b>	
		<b>Ríkisstofnanir.</b>	
29	18. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju . . . . .	42
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins . . . . .	50
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju . . . . .	50
52	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtana-skatt og þjóðleikhús . . . . .	63
50	28. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Sildarverksmiðjur ríkisins . . . . .	62
		<b>Samvinnubanki Íslands, sjá bankamál.</b>	
		<b>Seðlabanki Íslands, sjá bankamál.</b>	
		<b>Sementsverksmiðja, sjá ríkisstofnanir.</b>	
		<b>Sifjaréttarmál.</b>	
10	14. marz	Lög um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923 . . . . .	23

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
93	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga .....	278—280
<b>Siglingar, skip.</b>			
12	27. marz	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	25
24	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum .....	36
44	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	56
71	28. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna .....	140
78	S. d.	Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum .....	165—170
82	1. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi ....	172
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	288
<b>Síldarverksmiðjur ríkisins, sjá ríkisstofnanir.</b>			
<b>Sjávarútvegur.</b>			
12	27. marz	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	25
27	17. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð .....	38
44	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	56
62	S. d.	Lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar .....	91—94
50	28. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins .....	62
77	S. d.	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	161—164
78	S. d.	Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum .....	165—170
82	1. júní	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Hval innflutning á hvalveiðiskipi	172
84	24. júní	Bráðabirgðalög til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962 .....	173—174
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	288
<b>Sjúkramál, sjá heilbrigðis- og sjúkramál.</b>			



Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Skattar, gjöld.</b>			
52	27. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús .....	63
68	S. d.	Lög um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda .....	106—107
69	28. apríl	Lög um tekjustofna sveitarfélaga .....	107—121
70	S. d.	Lög um tekjuskatt og eignarskatt .....	121—139
72	S. d.	Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur .....	140
90	13. des.	Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga .....	274—275
88	22. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963 .....	273
<b>Skiptamál.</b>			
9	14. marz	Lög um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3 12. apríl 1878 .....	22
<b>Skólar, sjá menntamál.</b>			
<b>Sveitarstjórnarmál.</b>			
5	7. marz	Lög um sveitarstjórnarkosningar .....	5—7
<b>Tryggingar.</b>			
12	27. marz	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	25
43	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur .....	56
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	56
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík .....	87
61	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl. ....	91
77	28. apríl	Lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins .....	161—164
98	29. des.	Lög um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu .....	288
<b>Utanríkismál.</b>			
6	13. marz	Lög um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna og til lántöku í því skyni .....	7

## XVII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
7	14. marz	Lög um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	8—11
21	9. apríl	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi .....	33—34
85	28. júní	Auglýsing um gildistöku laga nr. 7 14. marz 1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar .....	175
93	29. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga .....	278—280
<b>Útflutningur.</b>			
62	21. apríl	Lög um sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar  Útvarp, sjá ríkisstofnanir.  Vátryggingar, sjá tryggingar.  Veði, friðun.	91—94
14	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu) .....	28
Verkamannabústaðir, sjá húsnæðismál.  Verkfræðingar, sjá launamál.			
<b>Vottorð.</b>			
64	25. apríl	Lög um dánarvottorð .....	101—104
Þjóðleikhús, sjá ríkisstofnanir.  Þjóðskrá, almannaskráning.			
54	27. apríl	Lög um þjóðskrá og almannaskráningu .....	65—70
<b>Öryggismál.</b>			
24	7. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum .....	36
95	20. des.	Lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislataekjum .....	285—286
Öryrkjar, sjá félagsmál.			



# STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1962

---

---

18. janúar.

1

Nr. 1.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 82. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar fimmtudaginn 1. febrúar 1962, kl. 13.30.

*Gjört að Bessastöðum, 18. janúar 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

13. febrúar.

## L Ö G

Nr. 2.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1962.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1962 skal koma saman miðvikudaginn 10. október 1962, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 13. febrúar 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

---

Stjórnartíðindi A, nr. 1—2. Útgáfudagur 15. febrúar 1962.

A 1

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1962

Nr. 3.

2

24. febrúar.

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1960.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1960, eru veittar kr. 72 694 450.72 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

#### 2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál .....	kr. 1 406 491.56
af kr. 8 128 820.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Síminn .....	— 13 003 797.50
af kr. 13 531 295.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
3. Tóbakseinkasala ríkisins .....	— 150 307.79
af kr. 4 590 823.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
4. Ríkisútlarpið .....	— 4 546 904.80
af kr. 6 415 997.25 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	— 444 716.21
en tekjur fóru kr. 422 883.25 fram úr fjárlagaáætlun.	
6. Áburðarsala ríkisins .....	— 170 343.81
af kr. 195 814.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Landssmiðjan .....	— 259 050.29
af kr. 287 195.03 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Tunnuverksmiðjur .....	— 842 590.93
af kr. 842 590.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Innkaupastofnun ríkisins .....	— 641 904.36
af kr. 1 661 497.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
10. Bessastaðabú .....	— 326 034.69
en tekjur fóru kr. 254 303.35 fram úr fjárlagaáætlun.	
11. Kópavogsbú .....	— 41 335.85
af kr. 44 108.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
12. Skólabúið á Hólum .....	— 324 168.88
en tekjur fóru kr. 244 021.90 fram úr fjárlagaáætlun.	
13. Skólabúið á Hvanneyri .....	— 399 570.50
en tekjur fóru kr. 361 584.30 fram úr fjárlagaáætlun.	

kr. 22 557 217.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	.....	kr.	43 996.85
— — — — - 10. — II.	— —	.....	—	1 165 067.28
— — — — - 11. — B.	— —	.....	—	51 808.27
— — — — - 13. — A.	— —	.....	—	1 851 022.17
— — — — - 13. — B.	— —	.....	—	3 373 892.16
— — — — - 13. — C.	— —	.....	—	890 430.11
— — — — - 13. — D.	— —	.....	—	246 766.38
— — — — - 13. — E.	— —	.....	—	161 566.81
— — — — - 14. — B.	— —	.....	—	178 962.83
— — — — - 16. — B.	— —	.....	—	5 147 325.23
— — — — - 16. — C.	— —	.....	—	115 721.25
— — — — - 18. —	— —	.....	—	444 111.30
— — — — - 19. — 5.	— —	.....	—	3 938 622.59
			kr.	40 166 510.40
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	.....	—	32 527 940.32	
Inn fóru kr. 112 524 783.27 fram úr fjárlagaáætlun.				
			<b>Samtals</b>	<b>kr. 72 694 450.72</b>

Gjört í Reykjavík, 24. febrúar 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

### um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSÍ) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

#### 2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,

Félag íslenzkra iðnrekenda,

Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,

Landssamband iðnaðarmanna,

Samband ísl. samvinnufélaga,

Verzlunarráð Íslands,

Vinnuveitendasamband Íslands.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.

## 3. gr.

Stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands ræður stofnuninni framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og sér um fjárreiður hennar.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri með samþykki stjórnar stofnunarinnar og ráðherra, sem ákveður laun þess, að fengnum tillögum stjórnar og framkvæmdastjóra.

## 4. gr.

Markmið Iðnaðarmálastofnunar Íslands er að efla framfarir í iðnaði hér á landi og stuðla að aukinni framleiðni í íslenskum atvinnulífi með þeim hætti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Stofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnað varða. Hún skal leitast við að efla samvinnu framleiðenda, stofnana og félagasamtaka til framfara í íslenskum iðnaði og vörudreifingu og hafa náið samstarf við þá aðila um slík mál.

## 5. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal annast skipulagningu og stjórn stöðlunarmála, hafa forgöngu um samningu, útbreiðslu og útgáfu íslenskra staðla og vera forustuaðili á Íslandi í öllu, er að stöðlun lýtur.

## 6. gr.

Stofnuninni skal heimilt að taka að sér tiltekin verkefni til fyrirgreiðslu hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og er stofnuninni óheimilt að skýra frá þeim, nema með samþykki aðila.

## 7. gr.

Reksturskostnaður Iðnaðarmálastofnunar Íslands, umfram reksturstekjur, greiðist úr ríkissjóði, og sé fé veitt til þess í fjárlögum.

## 8. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 1. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

## um sveitarstjórnarkosningar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Lög um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, skulu gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda, eftir því sem við á, með þeim frávikum, sem lög þessi ákveða.

Við sveitarstjórnarkosningar gilda eigi 3. og 4. tl. 1. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 2. tl. 15. gr. sömu laga.

## 2. gr.

Í hverju sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð þrem mönnum. Sveitarstjórn kys að viðhöfðum hlutfallskosningum yfirkjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda sveitarfélagsins og jafnmarga til vara.

Þar sem sveitarfélagi er ekki skipt í kjördeildir, skal ekki kosin yfirkjörstjórn, en undirkjörstjórn annast þá störf yfirkjörstjórnar.

Kjörstjórnir kjósa sér oddvita úr sínum hópi og skipta með sér störfum.

## 3. gr.

Við kosningar í hreppum mega framboðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hreppsnefndinni.

## 4. gr.

Nú ber nauðsyn til, að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er ráð gert fyrir, og má þá sveitarstjórn stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

## 5. gr.

Meðmælendur framboðs mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40 og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má áfrýja til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 15. gr., ef úrskurður fellur um, að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

## 6. gr.

Sveitarstjórnir láta kjörstjórnnum í té gerðabækur, sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af sýslumönnum eða bæjarfógetum (í Reykjavík borgarfógeta).

## 7. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi.

Efst á seðlinum skal standa sem fyrrsögn: **Kjörseðill við bæjarstjórnar (hreppsnefndar) kosningar í ..... kaupstað (hreppi) með dagsetningu og ártali.**



Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, skal kjörseðill vera hæfilega stór og úr haldgóðum pappír, sem skrift sést ekki í gegnum.

#### 8. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmalaflokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni, eða eftir samkomulagi við umboðsmenn, með bókstöfum næst á eftir bókstöfum stjórnmalaflokkanna.

#### 9. gr.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin, gerir hún þau kunn almenn- ingi með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hver- jum lista í rétttri röð.

#### 10. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notuð eru við kosningar til Alþingis, er heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

#### 11. gr.

Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjós- andinn gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa.

Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman, þannig, að það, sem á hann var ritað, veit inn, og stingur honum niður í atkvæðakassann.

#### 12. gr.

Þegar kosning er óhlutbundin, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrá atkvæðin jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri, ræður hlutkesti.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt, nema kosning varamanna hafi farið fram samtímis kosningu aðalmanna, samkvæmt 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

#### 13. gr.

Nú eru framboð viðhöfð í kosningu sýslunefndarmanna, og er þá heimilt að kjósa varamenn samtímis, enda sé þá nafn varamanns skráð með nafni aðmanns á kjörseðil.

Kosning fer fram með þeim hætti, að kjósandinn setur kross með ritblýi framan við nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa.

#### 14. gr.

Sveitarstjórnarkosningar má kæra skriflega fyrir sveitarstjórn, og skal kæra komin í hendur sveitarstjórnar innan 14 daga frá því, er lýst var úrslitum kos- ningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku, frá því að hún fékk kærana, og sveitarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðuneytisins, og skal tilkynn- ing um áfrýjunina komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjun- inni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Kosningu sýslunefndarmanns má kæra innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

## 15. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar, hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Sýslunefnd úrskurðar þessi atriði, ef sýslunefndarmaður á í hlut. Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar og sýslunefndar til félagsmálaráðuneytisins.

Skjóta má úrskurði ráðuneytisins, samkvæmt grein þessari, til dómstólanna.

## 16. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar og kosningu sýslunefndarmanna greiðist úr sveitarsjóði.

## 17. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 7. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

**um heimild til kaupa á skuldabréfum Sameinuðu þjóðanna  
og til lántöku í því skyni.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að kaupa skuldabréf af Sameinuðu þjóðunum fyrir allt að 80 þúsund Bandaríkjadollara og taka jafnháa fjárhæð að láni til þessara kaupa.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Framselja má eftir ákvæðum laga þessara menn, sem staddir eru innan lög-sögu íslenzka ríkisins, en grunaðir eru, ákærðir eða dæmdir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsiverða háttsemi.

#### 2. gr.

Íslenzkur ríkisborgari verður því aðeins framseldur 1) að hann hafi verið búsettur tvö síðustu árin, áður en brot var framið, í því landi, sem framsals óskar, eða 2) að þyngri refsing en 4 ára fangelsi liggi við brotinu eða samsvarandi broti eftir íslenzkum lögum.

Íslenzkur ríkisborgari verður ekki framseldur vegna verknaðar, sem að öllu leyti er framinn innan íslenzka ríkisins, nema háttsemin sé hlutdeild í broti, sem framið hefur verið erlendis, eða framsalsbeiðnin taki jafnframt til brots, sem erlendis hefur verið framið.

#### 3. gr.

Ekki verður maður framseldur til saksóknar, nema þyngri refsing en fésektir liggi við brotinu í því landi, sem framsals óskar.

Ekki verður maður framseldur til að þola fullnægju dóms, nema dæmd hafi verið refsivist eða vistun á hæli hafi verið dæmd eða ákveðin samkvæmt heimild í dómi.

Þegar framsalsbeiðni varðar fleiri brot en eitt, er framsal til saksóknar eða fullnægju dóms þó heimilt, enda þótt skilyrði samkvæmt 1. eða 2. málsgsr. séu aðeins fyrir hendi um eitt brotið.

#### 4. gr.

Framsal vegna stjórn málaafbrotar er því aðeins heimilt, að samsvarandi verknaður sé refsiverður sem stjórn málaafbrot eftir íslenzkum lögum. Ekki má framselja íslenzka ríkisborgara vegna stjórn málaafbrotar.

#### 5. gr.

Framsal er óheimilt, ef hér á landi hefur gengið dómur um verknaðinn, dóm-sátt verið gerð eða ákæru frestað skilorðsbundið.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni ekki leitt til ákæru á hendur honum, og verður hann þá ekki framseldur fyrir þann verknað, sem rannsókn tók til, nema skilyrði séu fyrir hendi um upptöku máls samkvæmt 1. málsgsr. 119. gr., sbr. 2. málsgsr. 42. gr. laga nr. 82/1961.

#### 6. gr.

Nú er óskað framsals á manni, sem vegna annars brots en í framsalsbeiðni greinir hefur verið dæmd refsivist hér á landi, eða vistun hans á hæli hefur verið ákveðin í dómi eða samkvæmt heimild í dómi, og verður hann þá ekki framseldur, fyrr en refsivist hans eða hælisvist lýkur. Ekki verður maður heldur framseldur, ef hann er undir saksókn hér á landi vegna annars brots en framsalsbeiðni varðar, enda

liggi 2 ára refsivist hið minnsta við því broti. Sama gildir, ef maður er hafður í gæzlu eða frelsi hans takmarkað samkvæmt réttarfarslögum vegna annars afbrots en í framsalsbeiðni greinir.

Um framsal til saksóknar má þó víkja frá ákvæðum 1. málsg. r., enda sé það skilyrði sett fyrir framsali, að viðkomandi maður sé að saksókn lokinni sendur aftur réttum stjórnvöldum hér á landi, svo fljótt sem við verður komið.

#### 7. gr.

Jafnan skal setja eftirgreind skilyrði fyrir framsali:

1. Að hinn framseldi maður verði ekki saksóttur né látinn taka út refsingu fyrir nokkurn annan verknað, framinn fyrir framsalið, en þann, sem hann er framseldur fyrir, nema svo standi á, sem hér segir:
  - a) að fyrir liggi samþykki dómismálaráðuneytisins samkvæmt 17. gr., eða
  - b) að hinn framseldi maður hafi sjálfur samþykkt það á dómþingi, eða
  - c) að hinn framseldi maður hafi ekki horfið úr landi því, sem hann var framseldur til, enda þótt hann hafi átt þess kost í einn mánuð hið skemmsta að fara þaðan óhindraður, eða
  - d) að hann hafi horfið aftur til lands þess, sem hann var framseldur til, eftir að hann hafði farið úr landi.
2. Að hinn framseldi maður verði ekki án samþykkis dómismálaráðuneytisins framseldur áfram til neins annars ríkis fyrir refsiverðan verknað, framinn fyrir framsalið.

Ávallt er heimilt að setja fleiri skilyrði fyrir framsali, eftir því sem ástæða þykir til.

#### 8. gr.

Þegar fleiri en eitt ríkja þeirra, sem í 1. gr. getur, æskja framsals sama manns, skal við ákvörðun þess, hvort og til hvaða ríkis framsal komi til greina, höfð hliðsjón af tegund brotsins eða brotanna, hvar og hvenær það eða þau voru framín, hvenær beiðni um framsal var gerð og svo þess, hvar viðkomandi maður á ríkisfang og heimilisfang.

Ef framsalsbeiðnirnar lúta að fleiri brotum en einu, má setja viðtökuríkinu það skilyrði fyrir framsali, að viðkomandi maður verði, að lokinni saksókn og afplánun refsingar eða annarra viðurlaga, framseldur til annars tiltekins ríkis, sem í 1. gr. getur.

#### 9. gr.

Framsalsbeiðni, sem koma verður frá þar til bæru stjórnvaldi í viðkomandi ríki, skal send dómismálaráðuneytinu.

Í beiðninni skal greina ríkisfang manns þess, sem óskast framseldur, dvalarstað hans hér á landi, sé um hann vitað, tegund hins refsiverða verknaðar og hvar og hvenær hann var framinn. Gefa skal lýsingu á manningum, ef unnt er og þörf krefur. Einnig skal frá því skýrt, hvaða refsíákvæði muni að líkindum koma til greina um verknaðinn.

Nú hefur viðkomandi maður ekki sjálfur á dómþingi annað hvort samþykkt framsalið eða játað sig sekan um brot það, sem framsalsbeiðni varðar, og skal þá til grundvallar framsalsbeiðni liggja áfallsdómur eða dómsákvörðun um, að rökstudd ástæða sé til að gruna manninn um að hafa framið brotið. Framselja má til saksóknar út af fleiri en einu broti, þó að játning eða dómsákvörðun liggi aðeins fyrir um eitt þeirra.

#### 10. gr.

Dómismálaráðuneytið sendir saksóknara ríkisins framsalsbeiðnina, og ber honum að sjá til þess, að nauðsynleg rannsókn fari þegar fram.

Nú samþykkir viðkomandi maður á dómþingi framsalið eða játar sig sekan um brot það, sem í framsalsbeiðni greinir, og er þá ekki þörf frekari rannsóknar, nema dómsmálaráðuneytið æski hennar sérstaklega.

Ef ekki er annars getið í lögum þessum, skal um framkvæmd rannsóknar og annað, sem framsalsbeiðni varðar, beita reglum laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

#### 11. gr.

Maður sá, sem óskast framseldur, getur krafizt úrskurðar sakadóms í Reykjavík um, hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi. Saksóknari skal, jafnframt því sem hann tilkynnir manninum framsalsbeiðnina og rök fyrir henni, láta hann vita um heimild þessa og að hann eigi þess kost að fá skipaðan verjanda samkvæmt 13. gr. Úrskurð sakadóms má kæra til hæstaréttar.

#### 12. gr.

Við rannsókn út af framsalsbeiðninni má beita þeim þvingunaraðgerðum, sem lög um meðferð opinberra mála heimila í sambandi við rannsókn samsvarandi saka-mála. Við ákvörðun um beitingu þvingunaraðgerða má leggja til grundvallar dóms-ákvarðanir þær, sem framsalsbeiðni fylgja, án frekari rannsóknar um sönnun fyrir sök viðkomandi manns.

Framangreindum þvingunaraðgerðum má beita, unz úr því er skorið, hvort framsal skuli fram fara, og þangað til framsal er framkvæmt, sé það heimilað. Ef kveðinn er upp úrskurður um gæzluvarðhald, skal því ekki markaður lengri tími en 3 vikur. Þyki nauðsyn bera til að lengja varðhaldstímann, skal það gert með úrskurði á dómþingi, þar sem gæzlufanginn er viðstaddur. Ekki má framlengja varðhaldstímann um meira en 2 vikur í senn.

#### 13. gr.

Jafnan skal dómari skipa viðkomandi manni verjanda, ef hann eða saksóknari æskja þess. Dómari getur og af sjálfsdáðum skipað verjanda, ef honum þykir ástæða til.

Laun verjanda og annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Dómari getur þó, þegar sérstaklega stendur á, gert viðkomandi manni að greiða kostnaðinn.

#### 14. gr.

Að rannsókn lokinni sendir saksóknari dómsmálaráðuneytinu öll gögn málsins ásamt álitsgerð um það. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um, hvort framsal skuli heimilað.

#### 15. gr.

Þegar dómsmálaráðuneytið verður við beiðni um framsal, skal það framkvæmt svo fljótt sem unnt er.

Ef viðkomandi maður er ekki í haldi, má handtaka hann og gæta hans, unz hann er afhentur, eða takmarka frelsi hans með öðrum hætti, eftir því sem segir í 71. og 72. gr. laga nr. 82/1961.

Þegar maður er framseldur, má ákveða, að munir eða verðmæti, sem hald hefur verið lagt á í sambandi við málið, séu afhentir stjórnvaldi því, sem framsals óskaði, enda sé um afhendingu gerður fyrirvari, ef ástæða er til, til verndar rétti þriðja manns.

#### 16. gr.

Nú er í einhverju þeirra ríkja, sem í 1. gr. getur, lýst eftir manni, sökuðum um afbrot, sem orðið gæti grundvöllur framsals eftir lögum þessum, og má þá beita

hann þvingunaraðgerðum laga nr. 82/1961 með sama hætti og væri hann sakaður um samsvarandi afbrot hér á landi.

Ef þvingunaraðgerðum er beitt, skal það þegar í stað tilkynnt lögregluþyr-  
völdum eða saksóknara í því landi, þar sem lýst var eftir viðkomandi manni. Ef  
framsalsbeiðni berst ekki dómsmálaráðuneytinu innan 2 vikna frá því, að slík til-  
kynning var send, skulu þvingunaraðgerðir falla niður.

#### 17. gr.

Nú hefur maður verið framseldur samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins  
vegna tiltekins afbrots eða afbrota, og getur ráðuneytið þá, ef þess er óskað, veitt  
samþykki til, að hann sæti saksókn, sé látinn taka út refsingu eða framseldur  
áfram til annars lands, sem í 1. gr. getur, fyrir annað eða önnur afbrot, framin fyrir  
framsalið.

Samþykki samkvæmt 1. málsg. verður þó því aðeins veitt, að brot, sem ekki var  
framselt fyrir, hefði út af fyrir sig getað orðið grundvöllur framsals eftir lögum  
þessum.

Hinn framseldi maður á rétt til, að framangreint málefni sé lagt undir úrskurð  
sakadóms í Reykjavík. Gilda um það ákvæði 11. gr. og 13. gr., eftir því sem við á.

Tilmælum um saksókn, fullnægju refsingar eða framsal til annars ríkis, sem  
um getur í 1. málsg., skal fylgja greinargerð um tegund brotsins, hvenær og hvar  
það var framið og hvaða refsíákvæði muni koma til greina. Einnig skulu fylgja  
fullnægjandi gögn um það, að viðkomandi manni hafi verið gert kunnugt um rétt  
sinn samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar og hvort hann hefur æskt dómsúr-  
skurðar.

#### 18. gr.

Nú er maður framseldur frá ríki, sem getur í 1. gr., til annars ríkis, sem þar getur  
einnig, og má þá án sérstaks samþykkis flytja hann um íslenzkt yfirráðasvæði.

#### 19. gr.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 20. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar, gagn-  
vart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.

*Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## ERFDALÖG

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Um lögarf.

##### 1. gr.

Lögerfingjar eru þessir:

1. Börn arfleifanda og aðrir niðjar. Óskilgetið barn erfir föður og föðurfrændur og þeir það, ef það er feðrað með þeim hætti, sem segir í löggjöf um óskilgetin börn. Um erfðarétt kjörbarns og arf eftir það fer samkvæmt 5. gr.
2. Foreldrar arfleifanda og niðjar þeirra.
3. Föðurfóreltrar og móðurfóreltrar arfleifanda og börn þeirra.
4. Maki arfleifanda.

##### 2. gr.

##### I. erfð.

Maki erfir  $\frac{1}{3}$  hluta eigna, þegar börn eru á lífi, en  $\frac{2}{3}$  hluta erfa börnin að jöfnu. Ef maka er ekki til að dreifa, taka börn og aðrir niðjar allan arf.

Nú hefur barn andazt á undan arfleifanda, og erfa börn þess þá þann hluta, er því hefði borið. Firnari niðjar taka arf með sama hætti.

##### 3. gr.

##### II. erfð.

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi, tekur maki  $\frac{2}{3}$  hluta arfs, en foreldrar hins látna  $\frac{1}{3}$  hluta að jöfnu. Nú er annað foreldri látið, og hverfur þá hlutur sá, sem því hefði borið, til hins foreldrisins. Ef báðir foreldrar eru látinir, tekur maki allan arf.

Nú er maka ekki til að dreifa, og fellur arfur þá til foreldra að jöfnu. Ef annað foreldri er látið, hverfur hlutur sá, sem því hefði borið, til barns þess eða annarra niðja með sama hætti og segir í 2. gr. Nú á hið látna foreldri enga niðja, og gengur þá hlutur þess til hins foreldrisins.

Nú eru báðir foreldrar arfleifanda látinir, og taka þá börn eða aðrir niðjar hvors foreldris um sig þann arf, sem því hefði borið. Ef annað foreldra á enga niðja á lífi, hverfur allur arfur til niðja hins.

##### 4. gr.

##### III. erfð.

Ef enginn erfingi samkvæmt 2. eða 3. gr. er á lífi, taka föðurfóreltrar og móðurfóreltrar sinn helming arfs hvort. Nú er afi arfleifanda eða amma látin, og erfa þá börn þess, sem látið er, þann erfðahlut, sem því hefði borið. Ef móðurfóreltrar arfleifanda eru dánir og börn þeirra, taka föðurfóreltrar og börn þeirra allan arf og gagnkvæmt.

##### 5. gr.

Kjörbarn og niðjar þess, þar á meðal kjörniðjar, erfa kjörfóreltra og ættingja þeirra og gagnkvæmt eftir ákvæðum 2.—4. gr.

Lögerfðatengsl milli kjörbarns og ættingja þess falla niður við ættleiðingu.

## 6. gr.

Nú hefur það hjóna, sem lengur lifir, verið einkalögerfingi þess, sem fyrr lézt, og það andast án þess að hafa gengið í hjónaband að nýju eða látið eftir sig arfgenga niðja, og skulu þá eignir þess skiptast milli erfingja beggja hjóna að jöfnu, enda hafi maki ekki ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá á annan hátt.

Nú á sá maki, sem lengur lifir, enga erfingja á lífi, er hann andast, og ganga eigur hans þá til erfingja skammlífara makans.

Þegar rætt er um erfingja skammlífara makans í þessari grein, er átt við þá menn, sem standa til arfs eftir hann, miðað við það tímamark, er langlífari makinn féll frá.

## II. KAFLI

## Um óskipt bú.

## 7. gr.

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búí með ófjárráða niðjum beggja, nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá, að skipti skyldu fara fram.

Nú á hið látna á lífi ófjárráða niðja, sem eigi eru niðjar hins, og getur skiptaráðandi þá heimilað því hjóna, sem á lífi er, setu í óskiptu búí, enda hafi hið látna ekki meinað hinu það með erfðaskrá. Skiptaráðandi skal þá kanna og meta, hvort það muni vera börnum og maka til hagsbóta, að bú haldist óskipt.

Nú eru niðjar eða stjúpnidjar fjárráða og fallast á, að maki sitji í óskiptu búí, og ber skiptaráðanda þá að leyfa það, ef ákvæði 8. gr. eru því ekki til fyrirstöðu.

## 8. gr.

Nú er bú þess hjóna, sem lengur lifir, undir gjaldþrotaskiptum eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiptu búí. Sama er, ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna óreglu þess, ráðdeildarleysis eða vanhvirðu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði, verður því ekki heimiluð seta í óskiptu búí, nema yfirlögráðandi samþykki.

## 9. gr.

Sá, sem óskar setu í óskiptu búí, skal sem fyrst eftir lát maka síns tilkynna skiptaráðanda það. Greina skal nöfn erfingja, aldur og dvalarstað. Tilkynningu skal fylgja yfirlit yfir eignir og skuldir þess, sem óskar setu í óskiptu búí, og yfir eignir og skuldir hins látna.

Ef fjárráða erfingjar samþykkja setu í óskiptu búí, skal yfirlýsing þeirra um það fylgja tilkynningu. Að öðru leyti kannar skiptaráðandi ástæður, og má skipa ófjárráða erfingjum lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra út af umsókn um setu í óskiptu búí.

Nú telur skiptaráðandi, að maki fullnægi skilyrðum fyrir setu í óskiptu búí, og lætur hann honum þá í té skilríki fyrir því.

## 10. gr.

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign, sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látinu. Aflafé og annað verðmæti, sem sá eignast, er í óskiptu búí situr, rennur til búsins, nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem hinu langlífara hlotnast, rennur þó eigi inn í óskipt bú, ef það lýsir því fyrir skiptaráðanda innan tveggja mánaða frá því, er það fékk vitneskju um arf eða gjöf, að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búíð.



Verða fjármunir þessir séreign þess, sem situr í óskiptu búí. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum búins.

## 11. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búí, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búins. Um dánarráðstafanir, sjá 20. gr.

## 12. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búí, ber persónulega ábyrgð á skuldum hins látna. Heimilt er að birta innköllun til skuldheimtumanna hins látna með þeim hætti og réttaráhrifum, sem fyrir er mælt í skiptalögum.

## 13. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búí, getur krafizt skipta, hvenær sem er. Nú gengur maki í hjúskap að nýju, og fellur þá niður heimild hans til setu í óskiptu búí.

## 14. gr.

Nú situr maki í óskiptu búí með ófjárráða niðjum eða stjúpniðjum, sbr. 1. og 2. mgr. 7. gr., og er honum þá skylt að skipta með sér og erfingja, sem fjárráða verður og krefst skipta sér til handa.

Nú hefur fjárráða erfingi samþykkt setu í óskiptu búí, sbr. 3. mgr. 7. gr., og getur hann allt um það krafizt skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

## 15. gr.

Erfingi getur krafizt skipta sér til handa, ef hann sannar fyrir skiptaráðanda, að maki vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

Nú hefur maki gefið gjöf úr óskiptu búí, og er gjöf óhæfilega há, miðað við efni búins, og getur þá erfingi fengið gjöf hrundið með dómi, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandi sat í óskiptu búí og að gjöf var úr hófi fram. Mál til riftunar verður því aðeins höfðað, að búíð hafi verið tekið til skipta eða erfingi hafi krafizt skipta. Mál skal höfða, áður en ár sé liðið frá því, að erfingi eða lög-ráðamaður hans fékk vitneskju um gjöfina, og þó ekki síðar en innan þriggja ára frá afhendingu gjafar.

## 16. gr.

Erfingjar látins erfingja, aðrir en ófjárráða niðjar hans og ófjárráða systkin, sbr. 1. málgr. 7. gr., geta krafizt skipta með sama skilorði og hinn látni erfingi.

Nú andast stjúp barn og lætur eftir sig ófjárráða niðja eða ófjárráða systkin, sem erfðahlut eiga inni í óskipta búinu, og getur skiptaráðandi þá samþykkt, að erfðahlutir þeirra eftir stjúp barnið verði áfram í búinu. Aðrir erfingjar látins stjúp barns geta þegar í stað krafizt skipta sér til handa.

Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafizt búskipta.

## 17. gr.

Nú hafa efni bús rýrnað til muna vegna óhæfilegrar fjárstjórnar maka, og geta erfingjar þá við búskipti krafizt endurgjalds út af því úr búinu. Ef rýrnunin verður ekki bætt með þeim hætti, má krefja greiðslu á helmingi þess, er á vantar, úr séreign makans, en sú krafa verður þó að þoka fyrir kröfum skuldheimtumanna.

Ef endurgjaldskröfum verður ekki lokið við skipti milli maka og erfingja hins látna, er ekki unnt að hafa þær uppi síðar.

## 18. gr.

Hlutur erfingja í óskiptu búi er séreign hans, ef erfingi er í hjúskap eða gengur í hjúskap. Óheimilt er að breyta þessu skipulagi með kaupmála. Eftir lát erfingjans telst eign þessi þó hjúskapareign hans, nema arfleifandi hafi kveðið öðruvísi á eða kaupmáli hjóna standi til annars. Sama er, ef skipti fara fram í lifanda lífi erfingjans.

Erfingi má ekki afhenda hlut sinn í óskiptu búi né skuldfesta hann, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

## 19. gr.

Við skipti milli maka, sem situr í óskiptu búi, og erfingja hins látna, skal deila búshluta hins látna milli þeirra, sem standa til erfða eftir hann, samkvæmt almennum reglum.

Nú fara skipti fram eftir lát beggja hjóna, og fellur þá niður lögmæltur erfðaréttur hins langlífara eftir hið skammlífara.

Nú er skipt eftir lát beggja hjóna, og leitt er í ljós, að enginn á tilkall til arfs eftir það hjóna, sem fyrr lézt, og renna eignir bús þá til erfingja þess, er síðar féll frá. Ef engir erfingjar þess, er síðar féll frá, eru á lífi, hverfa eignir bús með sama hætti til erfingja þess hjóna, er fyrr lézt.

## 20. gr.

Maki, sem situr í óskiptu búi, getur aðeins ráðið yfir sínum hluta úr búinu með erfðaskrá. Honum er heimilt að ráðstafa einstökum munum innan þessara eignarmarkna, ef það gengur ekki í berhögg við fyrirmæli hins látna maka samkvæmt 2. málsg. 36. gr.

## III. KAFLI

## Almenn ákvæði um arftöku.

## 21. gr.

Barn, sem getið er, áður en arfleifandi fellur frá, tekur arf eftir hann, ef það fæðist lifandi.

## 22. gr.

Nú voru erfðatengsl milli tveggja manna, sem báðir eru látnir, en ósannað er, hvor þeirra dó fyrr, og skal þá líta svo á, að hvorugur hafi lifað hinn.

## IV. KAFLI

## Brottfall erfðaréttar.

## 23. gr.

Nú hefur maður af ásetningi framið brot á ákvæðum almennra hegningarlaga, sem haft hefur í för með sér dauða annars manns, og má þá ákveða með dómi, að hann hafi fyrirgert sjálfum sér til handa rétti til þess arfs, sem háður var dauða hins.

Hafi maður vísitandi í frammi ofbeldi við foreldri sitt eða annan ættingja í beinum legg upp á við, heitist við hann eða hóti honum óförum, meiði mjög æru hans eða gerist sekur við hann um aðrar stórfelldar mótgerðir, svo að refsivert sé, þá má dæma hann til að hafa fyrirgert erfðarétti sínum eftir þann mann, sem fyrir misgerðinni varð, ef hann krefst þess.

Nú hefur maður fyrirgert erfðarétti sínum með framangreindum hætti, og má þá veita honum erfðaréttinn aftur að öllu leyti eða nokkru með erfðaskrá.

## 24. gr.

Heimilt er samkvæmt kröfu ákærvalds í opinberu máli að dæma sökunaut, sem gerzt hefur sekur um háttsemi samkvæmt 194.—201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna getnaðar barns, til þess að hafa fyrirgert rétti til arfs sér til handa eftir barnið.

## 25. gr.

Nú sannast það í opinberu máli, að maður hefur komið því til leiðar með nauðung, svikum eða misneytingu, að annar maður geri erfðaráðstöfun eða láti hjá líða að gera hana, og er þá heimilt að ákveða í dómi, að hann hafi glatað rétti til annars arfs en skylduarfs eftir þann mann. Sama er, ef maður af ásettu ráði rangfærir, eyðileggur eða kemur undan erfðaskrá eða öðrum erfðagerningi.

## 26. gr.

Erfðaréttur hjóna á milli fellur niður við skilnað að borði og sæng, við algeran hjónaskilnað og við ógildingu hjúskapar með dómi.

Nú voru þeir meinbugir á hjúskap, er annað hjóna andaðist, að hjúskapurinn var ógildanlegur, og tekur þá það hjóna, sem eftir lifir, ekki arf:

1. Ef það sannast í opinberu máli, að stofnun hjúskaparins var refsiverð athöfn af þess hendi. Þó tekur síðari maki tvíkvænings ekki arf, ef fyrri maki er á lífi og er arfgengur.
2. Ef það krefst skipta eftir 45. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 39/1921.

## V. KAFLI

## Um ráðstöfun á arfi, sem ekki hefur tæmzt, og um erfðaafsöl.

## 27. gr.

Erfingja er óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum.

## 28. gr.

Heimilt er erfingja að afsala sér arftökurétti í hendur þeim, sem hann á arfsvon að, hvort sem það er gert fyrir nokkuð eða ekkert. Sá, sem afsalar sér arfi, verður að vera fjárráða. Lögráðamaður ófjárráða manns getur veitt fyrirfram greiddum arfi viðtöku fyrir hans hönd, ef samþykki yfirlögráðanda kemur til.

Ef ekki er annars getið, skuldbindur afsal niðja þess, er afsalar sér arfi, eins og hann sjálfan.

## 29. gr.

Nú fær sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja, og skal sú greiðsla þá koma til frádráttar arfi hans eftir skammlífara makann, eftir því sem til vinnst, ef skipt er, meðan langlífari makinn er á lífi. Ekki skal þetta þó skerða lögmæta erfðaskrá, sem skammlífari makinn hefur gert. Sá fjárhluti erfingja, sem ekki kemur til frádráttar við arfskipti eftir skammlífara makann, sætir frádrætti, er erfðahluti erfingja eftir langlífari makann er ákveðinn, eftir því sem til vinnst.

Framangreindar reglur taka einnig til þess, er maki, sem situr í óskiptu búi, greiðir erfingja fyrirfram fjárhlut úr búinu.

## 30. gr.

Nú lætur maki stjúpbarni sínu eða niðjum þess í té fjárverðmæti úr hjúskapareign sinni, og má þá semja svo um, að fé þetta sé fyrirfram greiddur arfur eftir hinn makann, sem kemur til frádráttar við arfskipti eftir hann.

## 31. gr.

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess, þegar erfingi veitti því viðtöku, en þó ekki hærra verði en sann-  
gjarnt er, svo að jöfnuður fáið með erfingjum.

## 32. gr.

Nú hlýtur erfingi fyrirfram meira fé frá arfleifanda en nemur erfðahluta hans eftir hann, og verður hann þá ekki skyldaður til að standa búinu skil á mismun-  
inum, nema hann hafi sérstaklega skuldbundið sig til þess.

## 33. gr.

Fjárframlögum þeim upp í arf, sem 28.—30. gr. taka til, eða verðmætum þeirra, skal bæta við eitur búð að öðru leyti, þegar búshlutir maka og erfðahlutir eru ákvarð-  
aðir. Nú nemur fyrirframgreiðsla til erfingja hærri fjárhæð en erfðahlut hans, og skal þá aðeins bæta við fjárhæð, sem erfðahlutnum nemur.

## VI. KAFLI

## Um erfðaskrár.

## 1. Arfleiðsluhæfi.

## 34. gr.

Hver sá, sem orðinn er fullra 18 ára eða hefur stofnað til hjúskapar, getur aldurs vegna ráðstafað eignum sínum með erfðaskrá.

Erfðaskrá er því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

## 2. Arfleiðsluheimild. Skylduarfur.

## 35. gr.

Þegar niðjar, þar á meðal kjörniðjar, eða maki taka arf, er arfleifanda óheim-  
ilt að ráðstafa meira en  $\frac{1}{3}$  hluta eigna sinna með erfðaskrá.

## 36. gr.

Arfleifanda er óheimilt að setja erfingja fyrir mæli um meðferð á skylduarfi, nema lög mæli annan veg.

Arfleifandi getur mælt svo fyrir í erfðaskrá, að tiltekinn skylduerfingi hans skuli fá í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, enda fari verð þessara muna ekki fram úr skylduerfðahluta erfingjans að viðbættum þeim eignarhluta, sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa samkvæmt 35. gr.

## 3. Um ógildi erfðaskráa.

## 37. gr.

Erfðaákvörðun er ógild, ef arfleifandi hefur verið beittur nauðung, svikum eða misneytingu til þess að gera hana.

Nú er leitt í ljós, að erfðaskrárákvæði er annars efnis en til var ætlað, og stafar það af misritun eða öðrum mistökum, og skal þá framkvæma ákvæðið í samræmi við það, sem raunverulega vakti fyrir arfleifanda, ef auðið er að stað-  
reyna arfleiðsluviljann.

## 38. gr.

Nú stafar erfðaskrárákvæði af misskilningi hjá arfleifanda, án þess að ákvæði 37. gr. eigi við, og er það þá ógilt, ef telja má, að röng hugmynd arfleifanda hafi ráðið úrslitum um efni ákvæðisins.

## 39. gr.

Erfðaskrárákvæði, sem mæla fyrir um að spilla eignum arfleifanda, eru ógild, nema eðlileg og skynsamleg ástæða sé til þeirra.

## 4. Um form erfðaskráa.

## 40. gr.

Erfðaskrá skal vera skrifleg, og skal arfleifandi undirrita hana eða kannast við undirritun sína fyrir notario publico eða tveimur vottum.

Ef arfleifandi er ólæs, skal lesa erfðaskrá skilmerkilega fyrir honum.

## 41. gr.

Arfleiðsluvottar skulu ekki vera yngri en 18 ára. Þeir skulu vera áreiðanlegir og hvorki geðveikir né andlega sljóir. Maka arfleifanda skal ekki kveðja til að votta arfleiðslu né menn, sem eru skyldir arfleifanda að feðgatali eða niðja eða mægðir honum með slíkum hætti, eða systkin hans. Maður, sem er í hliðstæðum sifjatengslum við arfleifanda sakir ættleiðingar, er ekki heldur votthæfur.

Nú er maður í sifjatengslum samkvæmt 1. málsgrein við aðilja, sem hagsmuna hefur að gæta við erfðaskrá, og er hann þá ekki hæfur til að votta arfleiðslu. Sama er, ef erfðaskrá varðar hagsmuni hans sjálfs eða aðilja eða stofnunar, sem hann vinnur. Nú eru hagsmunir þessir litilvægir, og valda þau atvik, sem greind eru í þessari málsgrein, þá ekki vanhæfi. Nú er manni falið í erfðaskrá að standa fyrir skiptum á búi arfleifanda, og getur hann allt að einu vottað arfleiðslu.

Um hæfi notarii publici til að votta arfleiðslu fer samkvæmt ákvæðum laga um hæfi dómara til meðferðar einkamáls, og um hæfi notarialvotta fer sem um hæfi þingvotta.

## 42. gr.

Arfleiðsluvottar skulu geta þess í vottorði, að arfleifandi hafi kvatt þá til að votta arfleiðslu sína, og hafi hann ritað undir erfðaskrá eða kannast við undirritun sína að þeim báðum viðstöddum. Þá skal það koma fram í vottorði, að vottum sé kunnugt, að hinn vottfesti gerningur sé erfðaskrá. Vottarnir skulu undirrita vottorð sitt svo fljótt sem föng eru á, eftir að arfleifandi hefur kennt við erfðaskrána.

Í arfleiðsluvottorði skal þess enn fremur getið, hvort arfleifandi hafi verið svo heill heilsu andlega, að hann hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá. Einnig er rétt að geta þar annarra atriða, sem áhrif geta haft á mat á gildi erfðaskrár.

Arfleiðsluvottar skulu staðsetja og dagsetja vottorð sitt og greina þar nákvæmlega, hvenær arfleifandi hafi ritað undir erfðaskrá eða kennt við efni hennar. Þeir skulu og greina heimilisföng sín, svo að ekki verði um villzt.

## 43. gr.

Í áritun notarii publici á erfðaskrá skal geta sömu meginatriða og þeirra, sem greind eru í 42. gr.

Nú er erfðaskrá færð í notarialbók, og hefur þá endurrit úr henni sama gildi sem frumrit erfðaskrár, þótt þess sé ekki sérstaklega getið í erfðaskránni.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um umsýslu notarii í sambandi við erfðaskrár.

## 44. gr.

Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt

sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40.—43. gr., eftir því sem við getur átt.

Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti.

### 5. Um vefningu á erfðaskrá.

#### 45. gr.

Nú sannast, að arfleifanda brast hæfi, sbr. 34. gr., eða að erfðaskrárákvörðun hefur orðið til með þeim hætti, sem í 37. eða 38. gr. segir, og kemur hún þá ekki til framkvæmdar, er erfingi rengir hana.

Þegar erfðaskrá, sem er undirrituð af arfleifanda og ber áritun votta, fullnægir ekki ákvæðum 40.—43. gr. að öðru leyti, og erfingi telur, að ógilda beri erfðaskrá samkvæmt 34. gr. eða 37.—38. gr., þá verður sá, sem vill byggja rétt á henni, að hrinda staðhæfingu þess, er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum.

#### 46. gr.

Um sönnunargildi notarialvottorðs fer sem um önnur opinber skjöl, sbr. 158. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði fullnægjandi um atriði þau, sem greinir í 42. gr. og 1. málsg. 44. gr., og skal hún þá talin rétt, nema sá, sem rengir, færi sönnur á hið gagnstæða.

#### 47. gr.

Andmæli gegn gildi erfðaskrár skal bera fram við skiptaráðanda, skiptaforstjóra eða erfingja, sem skipta einkaskiptum, jafnfljótt og tilefni verður til. Andmæli, sem koma fram eftir skiptalok, skulu ekki tekin til greina, nema það sannist, að erfingi hafi ekki haft tók á að bera þau upp við skiptin eða refsiverðu misferli sé til að dreifa við gerð erfðaskrár eða við skipti erfingja.

### 6. Um breytingu og afturköllun á erfðaskrá.

#### 48. gr.

Nú vill arfleifandi breyta einstökum ákvæðum erfðaskrár eða auka við þau, og skal þá gætt sömu reglna og við gerð erfðaskrár.

Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann taki aftur erfðaskrá sína, og er hún þá fallin úr gildi. Ef erfðaskrá er sameiginleg eða gagnkvæm, er afturköllun því aðeins gild, að hún sé gerð kunn hinum aðiljanum, nema slíkt sé ekki unnt vegna sérstakra ástæðna.

#### 49. gr.

Arfleifandi getur skuldbundið sig gagnvart erfingja sínum eða öðrum aðilja með yfirlýsingu um að gera ekki erfðaskrá eða taka ekki aftur eða breyta erfðaskrá, sem hann hefur þegar gert. Um slíka yfirlýsingu skal gætt reglna 34. gr. og 40.—43. gr. Nú er arfleifandi ófjárráða, og verður þá samþykki yfirtjárráðanda að koma til.

### 7. Um kvaðaarf.

#### 50. gr.

Nú er sérstök hætta á, að skylduerfingi muni fara ráðleysislega með erfðahlut sinn, og er arfleifanda þá heimilt að setja ákvæði í erfðaskrá um það, hversu fari

um skylduarf til einstakra niðja eða maka, svo sem að erfðahlutur lúti reglum um fé ófjárráða, að erfingja sé greidd tiltekin fjárhæð af höfuðstól með vissu millibili eða að óheimilt sé að ráðstafa eign eða leita fullnustu í henni nema með tilteknum hætti. Slík ákvæði í erfðaskrá verða því aðeins gild, að dómsmálaráðuneytið samþykki þau.

Dómsmálaráðherra er heimilt að fella niður kvaðir á arfi að nokkru leyti eða öllu, þegar erfingi hefur náð 21 árs aldri og færir sönnur á, að þær ástæður, sem lágu til grundvallar kvöðum, eru ekki framar fyrir hendi. Ráðherra getur einnig leyft, að erfingja séu greiddar hærrí fjárhæðir af arfi en erfðaskrá ákveður, ef brýn nauðsyn erfingja eða fjölskyldu hans krefur.

Kvöð á arfi fellur niður í síðasta lagi við andlát erfingja.

#### 51. gr.

Um varðveizlu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. laga nr. 95/1947, um lögræði.

Nú er arfur bundinn kvöðum, og getur erfingi þá ekki ráðstafað höfuðstólnum með löggerningum, en eindöguðum greiðslum ræður hann samkvæmt almennum reglum, nema erfðaskrá mæli annan veg.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki leitað fullnustu í kvaðaarfi, meðan erfingi er á lífi, nema vegna skaðabóta, sem hann hefur verið dæmdur til að gjalda út af refsiverðum verknaði hans eða öðrum verknaði frömdum af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

#### 52. gr.

Binda má arf, sem ekki er skylduarfur, kvöðum með erfðaskrá. Ákvæði 2. og 3. málsg. 50. gr. og 51. gr. eiga við um slíkan arf, nema erfðaskrá geti annars.

### 8. Um skýringu á erfðaskrá.

#### 53. gr.

Nú arfleiðir arfleifandi tvo menn eða fleiri í erfðaskrá, en greinir þar hvorki um erfðahluti þeirra né röð arftaka, og fá arftakar þá allir jafnan erfðahlut.

## VII. KAFLI

### Um dánargjafir.

#### 54. gr.

Framangreindar reglur um erfðaskrár skulu einnig gilda um þau gjafaloforð, sem ekki er ætlað til, að komi til framkvæmdar, fyrr en að gefandanum látnum, og gjafir, sem gefnar eru á dánarbeiði.

## VIII. KAFLI

### Um erfðarétt erfðafjársjóðs o. fl.

#### 55. gr.

Nú á maður engan erfingja, og renna þá eigur hans í erfðafjársjóð. Um erfðafjársjóð er nánar mælt í lögum um hann.

Dómsmálaráðherra getur vefengt erfðaskrá fyrir hönd sjóðsins. Nú þykir ráðherra sýnt, að erfðaskrá, sem er vefengjanleg, gefi til kynna raunverulegan vilja

arfleifanda, og getur hann þá látið hjá líða að rengja erfðaskrána. Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að hafna arfi fyrir hönd sjóðsins til hagsbóta fyrir vandamenn arfleifanda, þegar sérstaklega stendur á, einkum ef arfleifandi hefur ekki verið arfleiðsluhæfur eða ekki getað komið því við að gera erfðaskrá.

## 56. gr.

Nú er erfingi ekki látinn, svo að sannað sé, né talinn látinn samkvæmt dánarúrskurði, og vitjar hann ekki arfs, sem hann hefur þó ekki hafnað, innan 5 ára frá því, að skorað var á erfingja með opinberri innköllun að segja til erfðaréttar síns, og skal þá skipta þeim erfðahluta, sem úthlutað var til erfingjans við erfðaskiptin, með sama hætti og vera mundi, ef erfinginn hefði ekki lifað við andlát arfleifanda.

Nú kallar erfingi til arfs eftir skipti á erfðahluta samkvæmt 1. málsgrein, en innan 10 ára frá birtingu innköllunar til erfingja, og getur hann þá endurheimt það fé, sem erfingi hefur hlotið og hann á tilkall til úr hendi hans. Sá, er arf hefur tekið, er þó ekki skyldur að skila arði af hlut eða svara vöxtum, nema viðtaka arfs af hendi hans sé refsiverð.

## IX. KAFLI

## Gildistaka laganna o. fl.

## 57. gr.

Lög þessi taka gildi 6 mánuðum eftir, að þau hafa verið birt.

## 58. gr.

Lögum þessum skal beita um erfðaskipti eftir þá menn, sem andast eftir gildistöku laga þessara, nema annars sé getið.

## 59. gr.

Nú situr maki í óskiptu búi við gildistöku laga þessara, og eiga þá ákvæði laganna við um búið upp frá því. Ákvæði þeirra laga, sem í gildi voru, þegar hið skammlifara andaðist, ráða því þó, hverjir taka arf eftir það.

## 60. gr.

Erfðagerninga, sem stofnað var til í tíð eldri laga og gildir voru eftir þeim lögum, skal meta gilda, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum laga þessara um hæfi arfleifanda og form gernings. Um arfleiðsluheimild og önnur atriði, er varða efni erfðagernings, skal beita ákvæðum þessara laga.

Nú reynir á erfðagerning eftir gildistöku laga þessara, en til hans er stofnað í tíð eldri laga, og skal þá meta hann gildan, þótt hann fullnægi ekki reglum eldri laga um hæfi arfleifanda og form erfðagernings, ef hann fullnægir ákvæðum laga þessara um þau efni.

## 61. gr.

Sérákvæði í lögum um rithöfundarétt og prentarétt og lögum um ættaróðal og erfðaábúð svo og önnur sérákvæði halda gildi sínu, þrátt fyrir gildistöku laga þessara.



X. KAFLI  
Brottfallin lög o. fl.

62. gr.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi þessi lög og lagaákvæði:

1. Erfðalög nr. 42 23. maí 1949.
2. Opið bréf 15. janúar 1768 um það, hvernig farið skal með arf, sem afbrota-  
manni tæmist, meðan hann er að taka út hegningarvinnu.
3. Konungsbréf 9. nóvember 1825 um meðferð yfirgefins arfs á Íslandi.
4. Lög nr. 39 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar, 50. gr.
5. Lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, nr. 57 27. júní 1921, 24. og 25. gr.
6. Lög um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923, VIII. kafli.
7. Almenn hegningarlög nr. 19. 12. febrúar 1940, 265. gr.
8. Lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, nr. 87 5. júní 1947, 17. og 20. gr  
Svo falla og úr gildi öll önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

**L Ö G**

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.,  
nr. 3 12. apríl 1878.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Við 46. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. málsgrein, svofelld:

Nú eru í búi munir, sem hafa sérstakt minjagildi fyrir tiltekna fjölskyldu, og skulu þá erfingjar, sem teljast til þeirrar fjölskyldu, eiga forgangsrétt til muna þessara.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## L Ö G

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap, eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess. Í kaupmála má enn fremur ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hlaut samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Hjónum er einnig heimilt að ákveða að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að séreign skuli vera hjúskapareign.

#### 2. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítills virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmaeltum hluta þess í hjúskapareignunum.

Munir þeir, sem maki tekur samkvæmt 1. og 2. málsg., eru ekki taldir með við ákvörðun bús- og erfðahluta.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## L Ö G

um breyting á lögum um ættaróðal og erfðaábúð, nr. 116 30. des. 1943.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi ný grein, sem verður 24. gr. a, svofelld:

Við ákvörðun á búshluta maka og erfðahlutum erfingja skal telja óðal á því verði, sem viðtakanda þess ber að gjalda fyrir það samkvæmt 5. gr.

Ákvæði erfðalaga um skylduvarf eru því ekki til fyrirstöðu, að óðalsbóndi ráðstafi óðali til eins erfingja samkvæmt því, sem nánar greinir í þessum kafla, en andvirði óðalsins samkvæmt 5. gr. rennur í búíð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 15. marz 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1962

---

27. marz.

25

Nr. 12.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveður, hversu háa fjárhæð Samabyrgðin tekur í eigin áhættu í hverju skipi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er með þeim úr gildi numin 2. gr. laga nr. 52 17. maí 1947.

*Gjört að Bessastöðum, 27. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

31. marz.

Nr. 13.

## L Ö G

um heyrnleysingjaskóla.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. Skólinn og hlutverk hans.

1. gr.

Í Reykjavík skal vera skóli fyrir heyrnarleysingja. Nefnist hann Heyrnleysingjaskólinn. Við skólann skal starfrækt heimavist.

Hlutverk skólans er að kenna heyrnarlausum eða heyrnarlitlum börnum að skilja mál og tala. Skal skólinn leitast við að haga störfum sínum í samræmi við eðli og sérstakar þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til þess að öðlast heilbriggt lífsviðhorf og gæta andlegrar og líkamlegrar heilsu þeirra. Enn fremur að veita þeim tilsögn í lögskipuðum námsgreinum nemenda á fræðsluskyldualdri, hverjum eftir getu og þroska.

**2. gr.**

Skylt er læknum að tilkynna skrifstofu landlæknis á þar til gerðu eyðublaði jafnskjótt og þeir komast að raun um, að barn innan 7 ára aldurs hafi svo litla heyrn, að lítil líkindi séu til þess, að það læri málið, eða hætta sé á, að það missi málið vegna heyrnarleysis.

**3. gr.**

Foreldrum og forráðamönnum þeirra barna, sem annaðhvort eru fædd með svo litla heyrn eða heyrn þeirra hefur skemmt svo af sjúkdómum, slysum eða öðrum orsökum, að þau læra ekki málið á eðlilegan hátt, er skylt að senda þau til náms í Heyrnleysingjaskólann, þegar þau eru 4 ára gömul.

Verði líkur færðar fyrir því, að barn hljóti jafngóða kennslu og uppeldi á annan hátt, getur fræðslumálastjóri, að fengnum tillögum skólastjóra Heyrnleysingjaskólans, veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Börn skulu stunda nám í skólanum til 16 ára aldurs, nema þau hafi lokið námi þar fyrr eða rétt þyki af öðrum ástæðum að láta þau fara fyrr úr skólanum. Það skal að jafnaði gert, reynist barnið algerlega óhæft til náms. Taki barn svo miklum framförum, að það verði hæft til að njóta kennslu í almennum skólum, skal skólastjóri hlutast til um, að það hljóti skólavist með venjulegum hætti.

Missi barn heyrn, eftir að það er orðið talandi og áður en það er orðið 16 ára, gilda framangreind ákvæði einnig um það. Heimilt er að ákveða í reglugerð, að taka meg til náms í skólanum fólk eldra en 16 ára, hafi það misst heyrnina og skilji af þeim sökum eigi mælt mál.

**4. gr.**

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur fræðslumálastjóri, í samráði við skólastjóra, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. 3. gr. um það, hvenær barni skuli komið til náms í skólanum.

**II. Kennarar og starfsfólk.****5. gr.**

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara við skólann. Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkv. launalögum.

Skólastjóri ræður stundakennara, eftir því sem þörf krefur, í samráði við fræðslumálastjóra.

**6. gr.**

Eigi má aðra skipa skólastjóra eða kennara við skólann en þá, sem lokið hafa kennaraprófi við Kennaraskóla Íslands og prófi í kennslu heyrnarleysingja frá stofnun, sem fræðslumálastjórn viðurkennir. Skólastjóri og kennarar skulu ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslutíma.

Kennarar, sem eigi hafa lokið sérnámi í kennslu heyrnarleysingja, skulu því aðeins settir við skólann, að eigi sé völ á öðrum.

**7. gr.**

Skólastjóri og kennarar, sem settir eru eða skipaðir til starfs, skulu gegna því samkvæmt erindisbréfi, sem menntamálaráðherra setur.

**8. gr.**

Skylt er kennara að kenna að jafnaði 30 klukkustundir á viku, en fækka má þeim niður í 25, er hann verður 55 ára, og í 20, þegar hann verður 60 ára. Kennarinn

skal starfa utan kennslustunda með nemendum sínum í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ákveðið verður í erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

#### 9. gr.

Skólastjóri ræður annað starfsfólk skólans en fasta kennara, en um tölu þess og laun skal leita samþykkis menntamálaráðuneytisins.

#### 10. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um réttindi til orlofs fyrir kennara Heyrnleysingjaskólans, og skal þar tekið tillit til þeirra sérstöku krafna, sem gerðar eru til kennara skólans, auk þess sem þeir njóti sömu réttinda og kennarar við aðra skóla, er annast kennslu nemenda á fræðsluskyldualdri.

### III. Fjármál.

#### 11. gr.

Kostnaður við skólann greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði. Áætlanir um fjárþörf skólans skulu árlega lagðar fyrir menntamálaráðuneytið, og eru allar greiðslur kostnaðar bundnar samþykki þess.

### IV. Stjórn skólans, skýrslur o. fl.

#### 12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur á hendi yfirstjórn skólans. Skólastjóri fer í skólanum með umboð fræðslumálastjórnar gagnvart kennurum skólans og nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar starfi skólans eftir gildandi lögum og ber ábyrgð á því gagnvart fræðslumálastjórn.

#### 13. gr.

Skólastjóri skal árlega senda fræðslumálastjóra skýrslu um hæfni og framfarir nemenda og annað, er að kennslunni lýtur.

#### 14. gr.

Skólastjóri skal í samráði við foreldra barns eða forráðamenn þess leitast við að útvega því vinnu eða koma því til náms við þess hæfi, er það hverfur úr Heyrnleysingjaskólanum. Til þess er skólanum heimilt að styrkja það, ef með þarf, en samþykki fræðslumálastjórnar þarf til hverju sinni, og skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð.

#### 15. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um tilhögun kennslunnar í Heyrnleysingjaskólanum, svo og um önnur atriði, er skólann varða.

#### 16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 19. júní 1922, um kennslu heyrnar- og málleysingja.

#### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 23. júní 1936, um eyðing svartbaks (veiðibjöllu).

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. másl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Þó er ríkissjóði eigi skylt að greiða meira en kr. 6.00 fyrir hvern skotinn svartbak.

2. gr.

Fyrir „10—100“ í 5. gr. laganna komi: 100—1000.

3. gr.

Fyrir „50—300“ í 6. gr. laganna komi: 500—3000.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:  
Ráðherra setur reglugerð samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á jörðum sínum á árunum 1956—1960, að báðum árunum meðtöldum.

## 2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánstími skal vera allt að 20 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar, að höfðu samráði við ráðherra.

## 3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 70% af matsverði veðsins.

## 4. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til banka-vaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

## 5. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

## 6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna í 1. gr. laganna „í næstu 5 ár“ komi: í næstu 10 ár, og í stað orðanna „10 aurar“ komi: 30 aurar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*



**L Ö G**

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940,  
sbr. lög nr. 22 3. maí 1955, um breyting á þeim lögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

**2. gr.**

56. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknara ríkisins.
- b. Í stað orðsins „ráðherra“ í 2. og 6. mgr. komi: saksóknari.
- c. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 5. mgr. komi: saksóknara.

**3. gr.**

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ á þremur stöðum í 58. gr. laganna komi: saksóknari.

**4. gr.**

59. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. mgr. komi: saksóknari.
- b. Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 2. og 3. mgr. komi: saksóknara.

**5. gr.**

2. mgr. 61. gr. laganna falli niður.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

b-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

## 2. gr.

Við 2. mgr. 54. gr. sömu laga bætist:

Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 30. apríl 1959.

*Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn staðfestri heilbrigðissamþykkt eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni varðar sektum, allt að 5000 krónum, er renna í bæjar- eða hreppssjóð.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekens frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 1000 krónum, þar til úr er bætt. Dagsektir

renna í bæjar- eða hreppssjóð. Einnig getur heilbrigðisnefnd látið vinna verk, er hún hefur lagt fyrir, að unnið skyldi, á kostnað þess, er vanrækt hefur að vinna verkið.

Kostnað og dagsektir skv. 2. mgr. má innheimta með lögtaki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. marz 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslenzku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Kaup- og sölugengi má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir stofngengi. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyrstegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta.

2. gr.

Við 20. gr. laganna bætist:

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

Seðlabankinn er undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, að því er varðar lán skv. 2. og 3. málsgrein.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, falla úr gildi, þá er nýtt gengi hefur verið ákveðið samkvæmt 1. gr. þessara laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, sem undirritaður var á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda í Pallastunturi hinn 13. september 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

#### 2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR

milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli sömu ríkja frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem gerðu með sér samning um félagslegt öryggi 15. september 1955, eru ásáttar um að 4. gr. í nefndum samningi skuli breytt eins og segir hér á eftir:

#### 4. grein.

Ríkisborgarar hvers samningsríkis eiga rétt á ellilífeyri ásamt viðbótargreiðslum í öðru samningsríki með sömu skilyrð-

#### OVERENSKOMST

mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om ændring af konventionen mellem samme stater af 15. september 1955 om social tryghed.

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige, som den 15. september 1955 har indgået en konvention om social tryghed, er blevet enige om, at artikel 4 i den nævnte konvention skal affattes som angivet nedenfor:

#### Artikel 4

Statsborgere fra et af de kontraherende lande er i et andet af landene på samme betingelser og efter samme regler som

um og eftir sömu reglum og borgarar þess ríkis, enda hafi sá, er hlut á að máli, dvalið í síðar nefnda ríkinu samfleytt a. m. k. 5 síðustu árin, áður en umsókn um ellilífeyri er lögð fram.

Ef hlutaðeigandi maður fær greiðslur þær, sem um ræðir í 2. og 3. grein, í dvalarlandinu, flyzt hann án tillits til dvalartíma yfir á ellilífeyri eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

Nú nýtur ríkisborgari einhvers samningsríkjanna ellilífeyris ásamt viðbótar-greiðslum samkvæmt lögum þess ríkis, og skal hann þá halda þeim rétti, er hann flytur til annars samningsríkis, þar til hann uppfyllir þau skilyrði, sem sett eru um lífeyrisaldur og dvalartíma til þess að öðlast rétt til lífeyris frá dvalarlandinu. Flytji hlutaðeigandi maður til heimalands síns, glatar hann þó réttinum til lífeyris í síðasta lagi, þegar hann nær ellilífeyrisaldri, sem gildir í heimalandi hans.

Samning þenna skal fullgilda, og skal fullgildingarskjölunum, svo fljótt sem unnt er, komið til varðveislu í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst að liðnum tveim almanaksmánuðum frá þeim degi, er fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent til varðveislu. Hann er óskiptur hluti samningsins frá 15. september 1955, um félagslegt öryggi, og er því ekki hægt að segja honum upp sér í lagi.

Samningurinn skal varðveittur í skjala-safni danska utanríkisráðuneytisins, og skal það láta ríkisstjórnun allra hinna landanna í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Pallastunturi í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 13. september 1961.

landets egne statsborgere berettiget til folkepension med tillægsydelse, såfremt pågældende har opholdt sig i sidstnævnte land uafbrudt i mindst 5 år, umiddelbart før begæring om folkepension fremsættes.

Oppebærer pågældende fra opholdslandet de i artiklerne 2 og 3 nævnte ydelser, overgår han uden hensyn til opholdstid til folkepension efter samme regler som opholdslandets egne statsborgere.

Oppebærer en statsborger fra et af de kontraherende lande folkepension efter lovgivningen i et sådant land, bevarer han retten hertil ved flytning til et andet af landene, indtil han opfylder de vilkår, som gælder vedrørende pensionsalder og opholdstid for at opnå ret til pension i opholdslandet. Flytter pågældende til sit hjemland, mister han dog retten senest, når han opnår den i hjemlandet gældende pensionsalder.

Denne overenskomst skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne skal snarest muligt deponeres i det danske udenrigsministerium.

Overenskomsten træder i kraft den første dag i den måned, som indtræder to fulde kalendermåneder efter den dag, da samtlige landes ratifikationsinstrumenter er blevet deponeret. Den udgør en integrerende del af konventionen af 15. september 1955 om social tryghed og kan derfor ikke opsiges særskilt.

Overenskomsten skal deponeres i det danske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det danske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende landes regeringer.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Pallastunturi i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, således at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finland og en for Sverige, den 13. september 1961.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Orðin „samningar við önnur ríki“ í 1. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

Á eftir efnismálgrein 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í C-deild Stjórnartíðinda skal birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal birta í C-deild Stjórnartíðinda efni samkvæmt 2. gr. hér að framan frá 1. janúar 1962.

*Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 57 10. apríl 1956, um prentrétt.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðsins „Dómsmálaráðherra“ í 26. gr. komi: Saksóknari ríkisins.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. töluliður 46. gr. laganna orðist svo:

Að dæma og eftir atvikum rannsaka refsímál, sem höfðuð eru út af sjóslýsum eða brotum á lögum þessum.

## 2. gr.

a. 5. mgr. 47. gr. laganna orðist svo:

Öll sjópróf fara fram að hætti opinberra mála.

b. 7. mgr. sömu greinar orðist svo:

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun fyrir siglingadómi, skal hann jafnan leita umsagnar skipaskoðunarstjóra. Ber skipaskoðunarstjóra að láta í té rökstudda umsögn og tillögur svo fljótt sem verða má.

c. 8. mgr. sömu greinar orðist svo:

Nú er refsímál höfðað fyrir siglingadómi, og fer þá um meðferð þess að hætti opinberra mála, þó þannig, að mál skal jafnan sæta sókn og vörn samkvæmt 131.—136. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um aðstoð til fatlaðra.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Af þeim innlendum tollvörutegundum, sem taldar eru í lögum nr. 60/1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, 1. kafla nr. 1—7 og 2. kafla nr. 2—5, skal í næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð kr. 3.00 af kg, og rennur gjald þetta í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins.

Fé sjóðsins skal ætíð vera handbært til framkvæmda samkvæmt 4. gr. Um stjórn sjóðsins skal nánar ákveðið í reglugerð.

## 2. gr.

Sælgætisframleiðendur skulu greiða gjald samkvæmt 1. gr., og innheimtist það með tekjum ríkisins.

## 3. gr.

Verð á sælgæti, sem gjald greiðist af samkvæmt lögum þessum, er heimilt að hækka, sem gjaldinu nemur. Telst gjaldið ekki innifalið í söluverði við álagningu söluskatts.

## 4. gr.

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

## 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Styrktarsjóðs lamaðra og fatlaðra á eldspýtustokka og greiða félaginu allt að 20 aurum af hverjum stokki, er verzlunin selur með merki félagsins. Verðhækkun á eldspýtum af þessum sökum skal vera undanþegin smásöluálagningu.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 14. apríl 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð eigi lægri upphæð en kr. 1000000.00 á ári næstu 20 ár.

## 2. gr.

3. og 4. másl. fyrri málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 400.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 2000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum á 50 árum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*



## L Ö G

um breyting á lögum nr. 89 5. júní 1947, um fiskimálasjóð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr.“ í 5. gr. laganna komi: Engin lánveiting má nema yfir 400 000 kr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Hækkun sú, er verður á skuld ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópu-sjóðinn vegna nýákveðinnar breytingar á stofngengi íslenzkrar krónu, skal færð á sérstakan vaxtalausán reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Á reikning þennan skal einnig færa þann gengismun, er af sömu ástæðu kemur fram hjá einstökum bönkum, sem verzla með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyri í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Á reikning þann, er um ræðir í fyrri málgr. þessarar gr., skal færa gengismun, sem myndast vegna ákvæðis 2. gr., þá er banki hefur innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar áður en hið nýja gengi tók gildi. Sama gildir um gengismun, er myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu vegna ákvæða 3. gr.

## 2. gr.

Nú er bankaábyrgð til handa erlendum aðila ekki greidd í íslenzkum banka fyrir en eftir 1. ágúst 1961 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi.

## 3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum fram að gildistöku hins nýja gengis, skulu fara fram á því gengi, sem gildi fyrir þann dag. Sama gildir um hvers konar kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins eða aðila á þess vegum áður en hið nýja gengi tók gildi.

## 4. gr.

Nú er gjald af fob-verði bifreiðar eða bifhjóls samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 greitt eftir 3. ágúst 1961, og skal þá innheimt á því gengi, sem er á greiðsludegi gjaldsins, án tillits til þess, hvenær ákvörðun um veitingu leyfis er tekin.

## 5. gr.

Frá gildistöku þessara laga skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts (sbr. lög nr. 10 22. marz 1960 með síðari breytingum) og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi. Sama gildir um annan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, sé hann ákveðinn í erlendum gjaldeyri, þannig að krónuvirði hans breytist sjálfkrafa til samræmis við hið nýja gengi, ef greiðsla fer fram eftir gildistöku þessara laga. Á innflutningsfarmskrá, sem farmflytjendur afhenda tollyfirvöldum, skal flutningsgjald tilgreint í íslenskum krónum. — Í fob-verðmæti skal reikna allan erlendan kostnað, sem á er fallinn, þá er vara er komin í farartæki það, sem flytur hana til Íslands.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundr- aðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi fyrir 4. ágúst 1961 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 virkra daga frá gildistöku þessara laga.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna.

## 6. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar afurðir framleiddar á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gildi fyrir 4. ágúst 1961. Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falli undir ákvæði þessarar málsg., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á hinu nýja gengi samkvæmt 1. málsg. skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal nota fé á þessum reikningi til greiðslu gengistaps vegna skuldar ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu og Evrópusjóðinn, ef það fé, er verður til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum 1. gr., nægir ekki til þess. Af fé á þessum reikningi skal enn fremur greiða hluta útflutningsgjalds og hlutatryggingasjóðsgjalds af sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, samkvæmt nánari ákvæðum 1. málsg. 7. gr. og 2. málsg. 8. gr. laga þessara. Að öðru leyti skal fé þetta renna til ríkisábyrgðasjóðs. Þó er heimilt að nota allt

að 13 milljónum króna til þess að greiða það, sem á vantar, að fé útflutningssjóðs hrökkvi til greiðslu váttryggingargjalda fiskiskipa árið 1960.

#### 7. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum (þar á meðal hvalafurðum) samkvæmt 1. gr. laga nr. 66/1957 skal frá gildistöku þessara laga nema 6% af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Að því er snertir sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. ágúst 1961 skal gjaldið þó að  $\frac{2}{3}$  hlutum greitt af mismun þeim, er fram kemur við gjald-eyrisskil vegna viðkomandi vörusendingar, sbr. ákvæði 6. gr. Allir, sem flytja út sjávarafurðir frá gildistöku þessara laga, skulu greiða þriðjung útflutningsgjalds af þeim um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd, og jafnframt skulu þeir afhenda toll-yfirvaldi ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir  $\frac{2}{3}$  hlutum gjaldsins. Tollyfirvöld senda gjaldeyriseftirlitinu ávísanir þessar, og tekur það fé til greiðslu á þeim af söluandvirði gjaldskyldra afurða, en ávísanir vegna útflutningsgjalds af sjávar-afurðum framleiddum fyrir 1. ágúst 1961 falla úr gildi, sbr. ákvæði 2. málsliðs þessarar málsgr.

Útflutningsgjald af niðursoðnum sjávarafurðum og af afurðum frá selveiðum fluttum út eftir gildistöku laga þessara skal vera 2% af fob-verði reiknuðu á nýju gengi, og innheimtist gjaldið um leið og útflutningsskjöl eru afgreidd.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, hvaða afurðir falla undir ákvæði 1. og 2. málsgr., og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 30%, til fiskimálasjóðs 5%, til byggingar haf- og fiskirannsóknarskipa 1.3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 1.0%, til Landssambands isl. útvegsmanna 0.7% og til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%. Þegar váttryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til trygginga fiskiskipa samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og 30% til stofnlánasjóða sjávarútvegsins eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

#### 8. gr.

Hlutatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 48/1949 skal frá 3. ágúst 1961 og þar til þau lög falla úr gildi nema  $1\frac{1}{4}$ % af fob-verði afurða reiknuðu á nýju gengi. Á sama tímabili skal gjald þetta innheimt af afurðum, sem koma frá togurum.

Endurgreiða skal útflytjendum samkvæmt umsóknum þeirra 47% greidds hluta-tryggingasjóðsgjalds á sildarafurðum og 65% greidds hluta-tryggingasjóðsgjalds á öðrum gjaldskyldum sjávarvörum framleiddum á tímabilinu 16. febrúar 1960 til 31. júlí 1961, en útfluttum eftir 3. ágúst 1961. Endurgreiðsla þessi skal innt af hendi með fé af reikningi þeim, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laga þessara.

Framlag ríkissjóðs í hluta-tryggingasjóð árið 1961 og 1962 skal ekki vera hærra en ákveðið er í fjárlögum þessara ára.

#### 9. gr.

Gjald vegna ferskfiskseftirlits (sbr. 7. gr. laga nr. 42/1960) og gjald af útfluttri saltsild til sildarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952 skal frá gildistöku þessara laga miðað við fob-verð reiknað á nýju gengi.

#### 10. gr.

Skattur sá á útfluttum vörum framleiddum 1960, er um ræðir í 8. gr. laga nr. 4/1960 (sbr. lög nr. 84/1960), skal frá gildistöku laga þessara nema 0.44% af niður-

soðnum sjávarvörum og 2.2% af öðrum vörum, og skal miða skattinn við fob-verð reiknað á nýju gengi.

## 11. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við herra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánsamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar gr.

## 12. gr.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á gengi í gildi fyrir 4. ágúst 1961, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. — Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

## 13. gr.

Allir þeir, sem telja sig eiga rétt til bóta úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum stafliða b og c í VII. kafla laga nr. 4 20. febr. 1960, skulu tilkynna gjaldeyriseftirliti Seðlabankans kröfur sínar fyrir 1. júlí 1962 og jafnframt leggja fram fullnægjandi gögn til stuðnings þeim. Bótakröfur, sem bornar eru fram að liðnum þessum fresti, falla niður ógildar.

## 14. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerðum eða á annan hátt nánari fyrirráði um framkvæmd þessara laga.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

7. gr. 1. málsg. laga nr. 102/1936 orðist svo:

Landssmiðjan greiðir fasteignaskatt samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga svo og landsútsvar samkv. IV. kafla sömu laga, en hún greiðir hvorki aðstöðugjald né útsvör.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð allt upp í 10 milljón krónur, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjäreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

### um sjúkraþjálfun.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Rétt til að kalla sig sjúkraþjálfara hér á landi hafa þeir einir, sem hlotið hafa til þess löggildingu heilbrigðismálaráðherra. Sjúkraþjálfarar skulu hafa lokið námi í sjúkraþjálfun (fysiotherapi) við skóla í þeirri grein, sem viðurkenndur er sem fullkominn sjúkraþjálfunarskóli af heilbrigðisstjórn þess lands, sem námið er stundað í, og af landlækni, eða hafa menntun, sem því jafngildir að dómi ráðherra. Einnig má ráðherra löggilda þá, sem starfað hafa í þessari grein, þegar lög þessi öðlast gildi. Um ofangreind þrjú atriði tekur ráðherra ákvarðanir að fengnum meðmælum landlæknis og umsögn formanns Félags íslenzkra sjúkraþjálfara.

##### 2. gr.

Sjúkraþjálfun er meðferð, sem sjúkum er veitt í lækningaskyni með nuddi, æfingum, ljósum, hita, rafmagni og á ýmsan annan hátt eftir fyrir mælum læknis.

##### 3. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar og fyrir-sagnar læknis.

##### 4. gr.

Óheimilt er að ráða til sjálfstæðra sjúkraþjálfunarstarfa aðra en fullgilda sjúkraþjálfara. Ráðherra getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fengnum meðmælum landlæknis.

##### 5. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu löggildingar.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

##### 6. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

##### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 61 4. júlí 1942, um málflytjendur,  
sbr. lög nr. 25 16. febrúar 1953.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í 3. gr. falli niður orðin „hefur óflekkað mannorð“.

## 2. gr.

Í 6. gr. falli niður orðin „eða búsetu“.

## 3. gr.

9. gr. breytist þannig:

- a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli niður.
- b. Í 7. tölulið 1. mgr. falli niður orðin „og sé eitt af þeim opinbert mál“.
- c. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.
- d. Í 2. mgr. breytast orðin „1.—5. tölul.“ í: 1.—2. og 4.—5. tölul.

## 4. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu innan lögsagnarumdæmis þess, þar sem þeir eru búsettir, eða þar í grennd.

## 5. gr.

1. mgr. 13. gr. orðist svo:

Skylt er hæstaréttarlögmönnum að flytja þau opinber mál, sem þeim verða falin. Önnur mál er þeim eigi skylt að taka að sér fyrir hæstarétti.

## 6. gr.

14. gr. breytist þannig:

- a. Ákvæði 3. töluliðs 1. mgr. falli brott.
- b. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Heimilt er að synja manni leyfis, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

## 7. gr.

Í 19. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og“.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Aftan við 1. málsg. 16. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður greiða jafnóðum ársfjórðungslega áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan, til þeirra heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi P. Gislason.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Á eftir 1. málsg. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimavistar skólar gagnfræðastígs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Skulu sveitarfélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna, eins og hann er í árslok 1961.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi P. Gislason.*



## L Ö G

### um Hjúkrunarskóla Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Markmið og stjórn skólans.

###### 1. gr.

Ríkið rekur heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita nemendum hjúkrunarfræðslu. Kennslan skal veitt ókeypis.

###### 2. gr.

Skólinn heitir Hjúkrunarskóli Íslands. Hann starfar undir yfirstjórn menntamálaráðherra.

###### 3. gr.

Stjórn skólans annast 5 manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: Landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, forstöðukona Landsspítalans og þrír aðrir, sem ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Hjúkrunarfélags Íslands, annan samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og hinn þriðja án tilnefningar, og skal hann vera sérfróður um skólamál. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólanefndar.

#### II. KAFLI

##### Um kennara skólans.

###### 4. gr.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru starfsmenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Til þess að geta orðið settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við skólann þarf sérmenntun hjúkrunarkennara samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Ráðherra setur og skipar skólastjóra og fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans í samráði við skólanefnd og eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

###### 5. gr.

Eigi skal skipa kennara fyrr en eftir 2—3 ára reynslutíma. Um starfstíma fastra kennara og starfstilhögun skulu sett ákvæði í reglugerð. Ráðherra setur skólastjóra og kennurum erindisbréf að fengnum tillögum skólanefndar.

###### 6. gr.

Um orlof kennara frá störfum eftir 10 ára kennslu skulu gilda sömu reglur og í öðrum skólum, sem þeirra réttinda njóta.

#### III. KAFLI

##### Inntökuskilyrði.

###### 7. gr.

Þessi eru aðalinntökuskilyrði í skólann:

1. Að umsækjandi sé fullra 18 ára og eigi eldri en 30 ára. Þó getur skólanefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á.

2. Að umsækjandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti stafað hætta af eða orðið honum til trafala í námi og starfi.
3. Að umsækjandi hafi góða framkomu og óspillt siðferði.
4. Að umsækjandi hafi lokið landsprófi miðskóla, gagnfræðaprófi eða hlotið hliðstæða menntun. Umsækjendur, sem hlotið hafa frekari menntun, skulu ganga fyrir að öðru jöfnu.
5. Skólanum skal heimilt að láta umsækjendur ganga undir inntökupróf samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

#### IV. KAFLI

##### Um námstíma og námsefni.

###### 8. gr.

Námstími skólans skal vera 3 ár, og hefst hann með námskeiði, sem má taka allt að 16 vikna tíma. Að því loknu skal ákveða, hvort nemandi telst hæfur til að hefja verklegt hjúkrunarnám. Eigi síðar en eftir 4 mánaða reynslutíma í verklegu hjúkrunarnámi í sjúkrahúsi skal fundur fastra kennara skólans, að fengnu áliti viðkomandi yfir- eða deildarhjúkrunarkvenna, skera úr því, hvort nemandi sé hæfur til að halda námi áfram.

###### 9. gr.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í námskeiðum, en hið verklega í Landsspítalanum, svo og í öðrum stofnunum samkvæmt ákvörðun skólanefndar.

###### 10. gr.

Í skólanum skal kenna þessar aðalnámsgreinar: Hjúkrunarfræði og ágrip almennrar heilsufræði og heilsuverndar, líffæra- og lífeðlisfræði, sjúkdóma- og sýklafræði, lyfjafræði, lyflæknisfræði, handlæknisfræði, sálarfræði og geðsjúkdómafræði. Í reglugerð skal ákveða undirgreinar og aukagreinar, enn fremur kennslustundafjölda í hverri námsgrein og tilhögun kennslu að öðru leyti.

#### V. KAFLI

##### Próf og einkunnir.

###### 11. gr.

Próf skulu haldin í lok hvers námstímabils eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Kennarar skólans prófa, en landlæknir skipar prófdómara. Einkunnir skulu gefnar í heilum tölum og tíundu hlutum frá 0 upp í 10.

#### VI. KAFLI

##### Framhaldsnám og námskeið.

###### 12. gr.

Skólanum skal heimilt að fenginni sérstakri fjárveitingu að veita framhaldsmenntun í hjúkrunarfræðum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einnig má ákveða í reglugerð, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, t. d. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær færari um að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, ásamt ljósmóðurstörfum.

## VII. KAFLI

## Um fjármál og fleira.

## 13. gr.

Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

## 14. gr.

Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H. S. Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar rikisspítalanna og stjórnar borgarsjúkrahússins í Reykjavík.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, nr. 76 frá 20. desember 1944.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

## L Ö G

## um Handritastofnun Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Komið skal á fót Handritastofnun Íslands.

## 2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

## 3. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

## 4. gr.

Kveðið skal á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa.

## 5. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans.

## 6. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

## 7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi P. Gíslason.*

## FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Alþingi, 82. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slita Alþingi í dag, miðvikudaginn 18. apríl.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

14. gr. 2. málsg. orðist svo, en núverandi 2. málsg. verður 3. málsg.:  
Einkasalan greiðir fasteignaskatta og landsútsvar samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

7. gr. laganna orðist svo:  
Verksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignaskatti og landsútsvari samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

## L Ö G

### um atvinnubótasjóð.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Stofna skal atvinnubótasjóð, sem vera skal eign ríkisins.

Hlutverk sjóðsins er:

- a. að veita lán eða styrki til þess að auka framleiðslu á þeim stöðum í landinu, þar sem þörfin er brýnust, og stuðla þannig að aukinni atvinnu og jafnvægi í byggð landsins;
- b. að veita lán til þess að stuðla að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu.

##### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

- a. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 100 000 000.00, sem greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1962.
- b. Eftirstöðvar lána þeirra, sem veitt hafa verið til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu, samkvæmt 20. og 22. gr. fjárlaga.

##### 3. gr.

Stjórn atvinnubótasjóðs skipa fimm menn, sem kosnir eru hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi á fyrsta þingi hvers kjörtímabils. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Félagsmálaráðherra ákveður laun stjórnarnefndarmanna, og greiðast þau, ásamt öðrum kostnaði, úr sjóðnum.

##### 4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um lán og styrki, sem veitt eru úr sjóðnum. Að jafnaði skulu lán og styrkir, samkvæmt 1. gr. a., ganga fyrir lánnum, sem veitt eru samkvæmt 1. gr. b. Svo skulu og lán eða styrkir til atvinnuaukningar á stöðum, sem við atvinnuleysi búa, ganga fyrir lánnum eða styrkjum til þeirra staða, sem að þessu leyti eru betur settir.

Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf til þess að veita styrki, sbr. 1. gr. a., og styrk skal eigi veita nema sérstakir erfiðleikar séu fyrir hendi.

##### 5. gr.

Sjóðstjórninni er rétt að breyta greiðsluskilmálum lána þeirra, sem um ræðir í 2. gr. b., ef samkomulag næst um slíkar breytingar við lántakendur. Heimild þessi nær til þess að lengja greiðslutíma lánanna, lækka vexti eða gefa eftir af lánunum að einhverju eða öllu leyti, ef sérstakar ástæður mæla með slíkri eftirgjöf. Samþykki allra stjórnarnefndarmanna þarf þó til eftirgjafar lánanna.

##### 6. gr.

Umsókn um lán eða styrk úr sjóðnum skal senda sjóðstjórn, og skal fylgja umsókninni:

- a. Upplýsingar um tryggingu fyrir láni og veðbókarvottorð, ef um skip eða fasteign er að ræða.

- b. Vottorð vinnumiðlunar (sveitarstjórnar) um atvinnuástandið í sveitarfélagi, þar sem umsækjandi hyggst reka starfsemi þá, sem styrks eða láns er óskað til.
- c. Aðrar þær upplýsingar, sem stjórn sjóðsins kann að óska eftir.

Þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til, skal hún leita umsagnar sveitarstjórnar, Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Búnaðarfélags Íslands eða Iðnaðar-  
málastofnunar Íslands, eftir því sem við á, áður en umsókn er afgreidd.

7. gr.

Sjóðstjórnin getur óskað upplýsinga varðandi umsóknir frá hverjum sem er, og er öllum skylt að láta henni slíkar upplýsingar í té, eftir því sem föng eru á.

8. gr.

Vextir af lánum, sem veitt eru úr sjóðnum, samkvæmt 1. gr. b., skulu vera almennir útlánsvextir banka og sparisjóða. Vextir af öðrum lánum skulu eigi vera hærri en 6% p. a.

9. gr.

Atvinnubótasjóður skal vera í vörzlu Framkvæmdabanka Íslands, sem annast bókhald sjóðsins og daglega afgreiðslu mála á hans vegum eftir nánari ákvörðun sjóðstjórnar. Handbært fé sjóðsins skal ávaxta í Seðlabankanum.

Ráðherra ákveður þóknun til bankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

10. gr.

Endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd af endurskoðendum Framkvæmdabankans.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Sjóðstjórn er heimilt að afla upplýsinga um atvinnuástandið í hinum ýmsu byggðarlögum í landinu og gera um það skýrslu. Sömuleiðis er sjóðstjórninni rétt að gera áætlun um uppbyggingu atvinnuveganna í einstökum byggðarlögum til hliðsjónar við veitingu lána úr sjóðnum til slíkra byggðarlaga um lengra eða skemmra tímabil.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara skal í fyrsta sinn kjósa stjórn atvinnubótasjóðs. Kjörtími hennar er þar til ný stjórn er kjörin á fyrsta þingi eftir næstu almennar alþingiskosningar.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

## um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:*

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Altman, Christa Maria Josefa Agnes, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. janúar 1932.
2. Andersen, Hans Schlander, vélvirki, Reykjavík, f. í Danmörku 12. júlí 1940.
3. Annegret Baldursdóttir, húsmóðir, Akureyri, f. í Þýzkalandi 13. marz 1943.
4. Ayers, Theodora Mabel Norton, húsmóðir, Reykjavík, f. í Bandaríkjum Norður-Ameríku 24. maí 1887.
5. Beck, Signhild Johanne Katrine, starfsstúlka, Keflavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1909.
6. Beckemeyer, Gerda Wally Waltraud Emma, húsmóðir, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 4. október 1927.
7. Bjerkhoel, Andreas, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Noregi 12. apríl 1931.
8. Danielsen, Sonja Johanna Nikolina, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Færeyjum 20. febrúar 1937.
9. Frederiksen, Torben, viðskiptafræðingur, Reykjavík, f. í Danmörku 21. apríl 1934.
10. Füllgraf, Ursel, húsmóðir að Refsmýri í Fellum, Norður-Múlasýslu, f. í Þýzkalandi 8. desember 1936. (Fær réttinn 24. september 1962).
11. Graap, Kristel Helena, húsmóðir í Borgargerði í Akrahreppi, f. í Þýzkalandi 25. janúar 1930.
12. Guðjón R. Sigurðsson, smiður, Höfn í Hornafirði, f. á Íslandi 26. apríl 1903. (Fær réttinn 24. september 1962).
13. Hansen, Knud Alex, landbúnaðarverkamaður, Haga í Gnúpverjahreppi, f. í Danmörku 16. desember 1932.
14. Helga Gabriella Guðmundsdóttir, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. apríl 1958.
15. Hemstock, Maurice David, flugvélavirki í Reykjavík, f. í Englandi 21. febrúar 1942.
16. Hermann, Wally Luise, húsmóðir í Brekku, Aðaldælahreppi, f. í Þýzkalandi 6. febrúar 1921.
17. Hermanns, Ruth Stefanie, fiðluleikari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. ágúst 1913.
18. Heuttinen, Lauri Olavi, málari, Reykjavík, f. í Finnlandi 10. ágúst 1933.
19. Hilmar Hafsteinn Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. október 1959.
20. Hriberschek, Herbert August Maria, hljóðfæraleikari, Reykjavík, f. í Austurriki 8. ágúst 1926. (Fær réttinn 1. október 1962).
21. Hunter, Geoffrey Trevor, prentari í Reykjavík, f. í Bretlandi 5. marz 1935.
22. Jacobsen, Jacob Henrik Valdemar Johannes, bifreiðaviðgerðarmaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 2. október 1930.
23. Jacobsen, Jolana, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 27. október 1934.
24. Jacobsen, Robert, verkamaður, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 12. marz 1923.
25. Jacobsen, Sólrunn, húsmóðir, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 14. júlí 1932.



26. Jacobsen, Thomas Theodor, vélvirkjameistari, Njarðvíkum, f. í Færeyjum 13. maí 1925.
27. Jensen, Lillian Anne-Lise, húsmóðir, Keflavík, f. í Danmörku 2. marz 1934.
28. Juzova, Jarmila (Ólafsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 8. nóvember 1926.
29. Krøyer, Unni Börde, húsmóðir, Reykjavík, f. í Noregi 30. desember 1930. (Fær réttinn 16. september 1962).
30. Körner, Christel Marie, húsmóðir á Þórdísarstöðum í Eyrarsveit, f. í Þýzkalandi 27. ágúst 1922. (Fær réttinn 13. júní 1962).
31. Langfeldt, Jürgen Heinrich, bóndi á Ásmundarstöðum í Rangárvallasýslu, f. í Þýzkalandi 31. marz 1925.
32. Lindenskov, Jörgen, framreiðslumaður, Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1934. (Fær réttinn 13. júní 1962).
33. Madsen, Jens Bruun, rafvirki, Hafnarfirði, f. í Danmörku 2. ágúst 1939.
34. Magnús Gamaliel Gunnarsson, barn, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. október 1958.
35. Meyer, Hedwig Franziska Elisabeth (Guðjónsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 25. marz 1929.
36. Mikkelsen, Ida, húsmóðir, Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. september 1922.
37. Mölk, Uwe Jens, rakari, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. maí 1936.
38. Nielsen, Niels Peter Frederik, landbúnaðarverkamaður á Álfsnesi, Kjalarneshreppi, f. í Danmörku 12. júní 1903.
39. Olsbo, Ida Elvira, húsmóðir, Reykjavík, f. í Danmörku 4. júlí 1932.
40. Pedersen, Erik Max, vélvirkjanemi, Reykjavík, f. í Danmörku 6. ágúst 1942.
41. Petersen, Ingolf Jóns, nemandi, Reykjavík, f. í Danmörku 30. marz 1940.
42. Rasmussen, Kamma, húsmóðir, Neskaupstað, f. í Færeyjum 19. október 1936.
43. Rasmussen, Samuel Andreas, skipasmiður, Neskaupstað, f. í Færeyjum 24. febrúar 1938.
44. Richardt, Hertha Maria, húsmóðir, Seyðisfirði, f. í Færeyjum 13. september 1939.
45. Rüttermann, Sonja Elsa (Haraldsson), húsmóðir í Seltjarnarneshreppi, f. í Þýzkalandi 10. apríl 1937.
46. Schiöth, Helga Henni Elisabeth Karla, húsmóðir, Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. júní 1937.
47. Sigríður Bjarnadóttir, húsmóðir, Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1921.
48. Steinmüller, Wilfried Hans-Günther, nemandi, Stóra-Hofi á Rangárvöllum, f. í Þýzkalandi 2. október 1944.
49. Stolpmann, Maria, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 8. marz 1934.
50. Ström, Össur, matreiðslumaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. október 1936. (Fær réttinn 14. ágúst 1962).
51. Sørensen, Rønn, múrari, Neskaupstað, f. í Danmörku 2. maí 1933.
52. Thomasen, Thomas Johan, trésmiður, Reykjavík, f. í Færeyjum 2. nóvember 1888.
53. Thomsen, Ove Helmuth, landbúnaðarverkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1932. (Fær réttinn 18. apríl 1962).
54. Weidemann, Alma Dorothea Erna, ráðskona, Hafrafelli í Reykhólahreppi, f. í Þýzkalandi 3. október 1930.
55. Wiggert, Ingeborg Ella Anna, húsmóðir, Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 21. september 1929.
56. Wächter, Harri, trésmiður, Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júlí 1933.
57. Ziebert, Christel (Kristinsson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. nóvember 1926. (Fær réttinn 30. maí 1962).

## 2. gr.

Peir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-  
rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um  
mannanöfn.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað  
og Njarðvíkurhreppi.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi, einn  
kosinn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafn-  
arstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál,  
skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í  
starfið af áðurnefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og  
daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og  
hefur þar tillögurétt.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara skulu bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarð-  
víkurhrepps kjósa hvor um sig mann í stjórn landshafnarinnar, og skal kjörtími  
þeirra vera til ársloka 1965.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar  
utan Reykjavíkur.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur váttryggingafélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélags, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatta og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 61 31. maí 1947, um váttryggingafélög fyrir fiskiskip.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingafélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

21. apríl.

57

Nr. 45.

## L Ö G

um breyting á læknaþingarlögum, nr. 16/1955.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

36. og 37. tölul. 1. gr. laganna orðist svo:

36. *Austur-Egilsstaðahérað*: Skriðdalshreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Eiðahreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðarþorpi;  
37. *Bakkagerðishérað*: Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi.

#### 2. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

#### 3. gr.

2. málsgrein 10. greinar laganna falli niður, en í stað hennar komi svo hljóðandi:

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisáðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélag lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélag lækna setja og birta almenníngi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

## 4. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þangað til heilbrigðisstjórnin setur gjaldskrá skv. 2. tölulið 2. málsg. 10. gr. laganna, skal núgildandi gjaldskrá héraðslækna gilda um störf þeirra í þágu sjúkra-samlaga og annarra greina almannatrygginga.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta lækniþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um Samvinnubanka Íslands hf.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Samvinnubanki Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja samvinnurekstur landsmanna.

## 2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. króna. Samband isl. samvinnufélaga skal safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 10 millj. króna. Ábyrgðarmenn Samvinnusparisjóðsins skulu hafa rétt til að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu, er nemi allt að tífaldri upphæð núverandi hluta þeirra í heildar-ábyrgðarfé Samvinnusparisjóðsins. Innan níu mánaða, frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreindir aðilar þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn Samvinnusparisjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

## 3. gr.

Heimili og varnarþing Samvinnubanka Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

## 4. gr.

Samvinnubanki Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Samvinnusparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Samvinnusparisjóðsins eignayfirtærsluna.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á aðalfundi ár hvert. Skal hún skipuð að minnsta kosti þrem aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

## 6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

## 7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutfjár, aðilja-skipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglu-gerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

## 8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningum og sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutafé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

## 9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja víxla, tékka og aðrar ávísanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg, auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa eða selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

## 10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

## 11. gr.

Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 18., 19., 21. og 23. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Bankinn tekur þó ekki til starfa, fyrr en samþykktir hans og reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra og helmingur lofaðs hlutfjár hefur verið greiddur.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

9. gr. laganna orðist svo:

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna viðbyggingar Landsspítalans.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á árunum 1962 og 1963 4 milljón króna innlent lán hvort árið, og skal láninu varið til framhaldsframkvæmda við nýbyggingu Landsspítalans.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 25. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

### um Ríkisábyrgðasjóð.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Koma skal á fót sérstökum sjóði, sem nefnist Ríkisábyrgðasjóður. Hann er eign ríkisins og lýtur stjórn fjármálaráðherra, og ber ríkissjóður ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins.

##### 2. gr.

Stofnfé Ríkisábyrgðasjóðs er sem hér segir:

1. Gengishagnaður, sem samkvæmt 2. málsg. 6. gr. laga nr. 80 3. ágúst 1961 á að renna til ríkissjóðs.

2. Áhættugjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það sem goldizt hefur, er lög þessi taka gildi.

3. Afhenda skal sjóðnum framkröfur, sem ríkissjóður á, vegna þess að hann hefur sem ábyrgðaraðili orðið að svara til kröfu, svo og kröfur, sem stafa af því, að ríkissjóður hefur sjálfur tekið lán og endurlánað lánsfé, en vanskil hafa orðið af hálfu lántaka. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að afhenda sjóðnum kröfur, er af því stafa, að vanskil hafa orðið á lánnum, sem veitt hafa verið beint úr ríkissjóði.

##### 3. gr.

Tekjur Ríkisábyrgðasjóðs eru:

1. Áhættugjald fyrir ríkisábyrgðir samkv. 4. gr. laga nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, það er goldið verður eftir gildistöku laga þessara.

2. Fé það, sem endurgreiðist samkvæmt kröfum þeim, er greinir í 3. tölulið 2. gr., svo og fé, sem greiðist upp í kröfur Ríkisábyrgðasjóðs samkv. 2. málsg. 4. gr.

3. Framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni, eftir því sem sjóðurinn þarf á að halda.

##### 4. gr.

Úr Ríkisábyrgðasjóði skal greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ábyrgðar, er hann hefur tekizt á hendur. Sama gildir um kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 fyrir vanskil á lánnum, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað.

Ríkisábyrgðasjóður eignast framkröfur, er myndast samkv. 1. málsg.

##### 5. gr.

Ríkissjóði er heimilt að semja við einhvern ríkisbankanna um, að sá banki taki að sér umsjá Ríkisábyrgðasjóðs eftir nánari reglum, er ráðherra setur.

##### 6. gr.

Kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða af fé Ríkisábyrgðasjóðs.



## 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um starfshætti sjóðsins og um heimtu krafna þeirra, er sjóðnum tilheyra.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

14. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1955, orðist svo:

Síldarverksmiðjurnar eru undanþegnar tekju- og eignarskatti, svo og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og landsútsvari, samkvæmt II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Heimilt er þó sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald af öllum öðrum rekstri verksmiðjanna en síldarbræðslu, þar á meðal vegna seldrar vinnu vélaverkstæða þeirra, enda greiði verksmiðjurnar ekki landsútsvar af þessum rekstri.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

*Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60  
17. júní 1957, um Háskóla Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

**1. gr.**

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:  
2. í læknadeild 12.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 57/1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927,  
um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

**1. gr.**

Í stað „1961“ í ákvæði til bráðabirgða komi: 1963.

**2. gr.**

Á eftir fyrri málsgrein í ákvæði til bráðabirgða komi ný málsgrein:  
Hagnaður Viðtækjaverzlunar ríkisins af innflutningi sjónvarpstækja skal renna  
til Ríkisútvarpsins til undirbúnings og rekstrar sjónvarps.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG****um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tíma kaupum samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, með síðari verðlagsuppbótum samkvæmt lögum. Verkfræðingafélag Íslands hafi nú gefið út nýja gjaldskrá, sem gildi frá 1. þ. m., þar sem tíma kaupum er ætlað að hækka allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðisvinnu er ætlað að hækka verulega.

Slík hækkun á kaupum verkfræðinga myndi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum bæði hjá ríki og öðrum aðilum og auk þess óeðlilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að komið verði í veg fyrir að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tíma vinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

**2. gr.**

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 2. maí 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

um þjóðskrá og almannaskráningu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sérstök stofnun, þjóðskráin, annast almannaskráningu samkvæmt lögum þessum og annað það, er þau mæla fyrir um. Hagstofan fer með stjórn þjóðskrárinnar, og skal hún rekin sem deild í Hagstofunni. Fjárreiður þjóðskrárinnar skulu vera algerlega greindar frá fjárreiðum Hagstofunnar.

Hagstofan leggur þjóðskránni til starfslíð eftir þörfum hennar á hverjum tíma, gegn endurgreiðslu launa hlutaðeigandi starfsmanna.

#### 2. gr.

Auk þjóðskrárinnar og Hagstofunnar starfa sveitarstjórnir og sóknarprestar utan kaupstaða að almannaskráningu samkvæmt þessum lögum. Í kaupstöðum, þar sem sóknarprestur hefur hingað til starfað að almannaskráningu með bæjarstjórn, skal hann þó halda því áfram á sama hátt og verið hefur.

Ákvæði 10., 14. og 15. gr. varðandi sóknarpresta eiga við þá presta eina, er starfa að almannaskráningu, en þar, sem minnst er á sóknarpresta annars staðar í lögum þessum, er átt við alla starfandi presta og safnaðarstjóra.

#### 3. gr.

Hlutverk sitt leysir þjóðskráin af hendi með því:

1. að láta opinberum aðilum í té árlega íbúaskrá samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,
2. að láta sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, þá er forsetakosningar, alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram,
3. að láta opinberum aðilum og öðrum í té aðrar skrár en þær, er um ræðir í 1. og 2. tölulíð, endurgjaldslaust eða gegn greiðslu, hvort tveggja samkvæmt nánari ákvörðunum Hagstofunnar,
4. að láta opinberum aðilum og almenningi í té upplýsingar og vottorð samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga,
5. að stuðla að því með skrángerð sinni, annars vegar að enginn gjaldskyldur einstaklingur sleppi við álagningu lögboðinna gjalda og hins vegar að tvísköttun manna eigi sér ekki stað, — enn fremur að hafa um það meðalgöngu milli sveitarfélaga, að einstaklingar með óljóst eða umdeilanlegt heimilisfang verði skráðir í ákveðnu umdæmi,
6. að láta í té efnivið í mannfjöldaskýrslur Hagstofunnar.

## 4. gr.

Almannaskráning byggist á þeim gögnum, sem hér eru talin:

1. Tilkynningar um aðsetursskipti, samkvæmt lögum nr. 73/1952 með síðari breytingum.
2. Skýrslur sóknarpresta til Hagstofunnar um fæðingar, skírnir, nafngiftir, hjónavígslur og mannlát.
3. Mannskaðaskýrslur til Hagstofunnar, samkvæmt lögum nr. 42/1913, þær þeirra er varða horfna menn, sem taldir eru látnir.
4. Skýrslur héraðsdómara til Hagstofunnar um hjónavígslur og um leyfi til skilnaðar að borði og sæng.
5. Skýrslur dómsmálaráðuneytisins til Hagstofunnar um leyfi til lögskilnaðar, ættleiðingarleyfi og breytingar á ríkisborgararétti o. fl. í því sambandi.
6. Sérstakar upplýsingar sveitarstjórna, sóknarpresta, útlendingaefirtirlits og annarra opinberra aðila um menn.
7. Upplýsingar, sem þjóðskráin aflar sér sjálf með eftirgrennslan eða henni berast á einn eða annan hátt, eftir því sem þörf krefur og heimildir leyfa.

Hagstofan lætur gera eyðublöð undir skýrslur þær, sem um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., og kveður á um skil þeirra.

## 5. gr.

Hagstofan getur krafizt þess af opinberum aðilum, að þeir láti þjóðskránni í té skýrslur og upplýsingar, sem hún þarfnast til starfsemi sinnar, enda séu þær á reiðum höndum. Hagstofunni er heimilt að ákveða skilafresti í þessu sambandi.

## 6. gr.

Nú bregzt það, að skýrslur, sem um ræðir í 4. og 5. gr., séu látnar í té, áður en fresti lýkur, og getur Hagstofan þá þröngvað hlutaðeiganda með dagsektum, 50—300 kr. á dag, til að láta gögnin í té. Dagsektir skulu taka gildi 5 dögum eftir að Hagstofan tilkynnir hlutaðeigandi aðila þær með símskeyti eða bréfi afhentu sama dag og það er skrifað, enda geri hann ekki skil áður en þeim fresti lýkur.

Ákvæði 1. málsg. þessarar greinar taka einnig til skila sóknarpresta á dánarvottorðum, svo og til skila ljósmæðra á tilkynningum um barnsburði, samkvæmt reglugerð nr. 103/1933 eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 158/1942.

Lögreglustjóri innheimtir sektarfé samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., og rennur það í ríkissjóð. Hlutaðeigandi skal inna greiðslu sektarfjárins af hendi ekki síðar en 7 dögum eftir að hann afhenti Hagstofunni hinar síðbúnu skýrslur eða setti þær í póst.

## 7. gr.

Nú kemur það í ljós, að sóknarprestur hefur vanrækt að gera lögboðna skýrslu til Hagstofunnar um fæðingu, skírn, nafngift, hjónavígslu eða mannlát eða skýrsla um slíkt er fyrst látin í té að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr. Sama gildir, ef sóknarprestur framkvæmir líksöng án þess að hafa áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna.

Nú annast annar prestvígður maður en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri) skírn eða hjónavígslu, og skal hann þá tilkynna hana bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan 7 daga, en útfararathöfn, sem hann annast, skal hann tilkynna bæði hlutaðeigandi sóknarpresti og Hagstofunni áður en 3 dagar eru liðnir frá útförinni. Sé þetta vanrækt, varðar það sekt allt að 500 kr.

Nú vanrækir ljósmóðir að láta í té lögboðna tilkynningu um barnsburð eða tilkynningu um hann er fyrst afhent að liðnum skilafresti, og varðar það þá sekt allt að 500 kr.

## 8. gr.

Á grundvelli gagna þeirra, er um ræðir í 4. og 5. gr., fylgist þjóðskráin með breytingum á skráningaratriðum frá 1. desember ár hvert til jafnlengdar næsta ár og hefur tiltækar upplýsingar um þær, eftir því sem föng eru á.

## 9. gr.

Eftir gögnum þeim um breytingar skráningaratriða, sem þjóðskráin fær í hendur, skal gera árlega íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag, miðað við 1. desember, með nöfnum allra einstaklinga, er aðsetur hafa í því þann dag, ásamt upplýsingum um fæðingardag og þau atriði önnur um hvern einstakling, er máli skipta fyrir opinber not skrána.

Að því er snertir skráningaratriði, sem vandkvæðum er bundið að fá skýrslur um í tæka tíð, er heimilt að miða íbúaskrár við annan tíma á hausti en 1. desember. Um aðsetur manna skal þó ávallt miða við 1. desember í íbúaskrám.

## 10. gr.

Í janúarmánuði ár hvert sendir þjóðskráin sveitarstjórnnum, sóknarprestum utan kaupstaða og skattyfirvöldum eintak af íbúaskrá viðkomandi umdæmis 1. desember næsta ár á undan.

Sveitarstjórnir og sóknarprestar skulu fara yfir íbúaskrána í sameiningu eins fljótt og auðið er eftir móttöku hennar. Sveitarstjórn gerir athugasemdir um oftalda eða vantalda einstaklinga á henni, samkvæmt nánari fyrirmælum þjóðskrárinnar. Hlutaðeigandi prestur aðstoðar sveitarstjórn við þetta verk og leggur í því sambandi til upplýsingar um breytingar, sem hann fékk vitneskju um við húsvitjanir haustið áður eða á annan hátt. Að þessu loknu tilkynnir sveitarstjórn þjóðskránni athugasemdir sínar um oftalda og vantalda einstaklinga.

Sveitarstjórn má ekki breyta íbúaskrá sinni til samræmis við athugasemd, sem hún gerir samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., nema þjóðskráin fallist á hana, sbr. ákvæði 11.—13. gr.

Sveitarstjórn skal, um leið og hún fer yfir íbúaskrá sína, gera á henni nauðsynlegar leiðréttingar og lagfæringar, aðrar en þær, sem samþykki þjóðskrárinnar þarf til, sbr. 3. málsg. Sveitarstjórn gerir þjóðskránni grein fyrir öllum slíkum breytingum á íbúaskránni, um leið og hún tilkynnir athugasemdir sínar um oftalda og vantalda menn á íbúaskrá samkvæmt 2. málsg. þessarar gr.

Þjóðskráin ákveður sveitarstjórnnum fresti til að tilkynna athugasemdir samkvæmt 2. málsg. og breytingar samkvæmt 4. málsg. Heimilt er að beita dagsektum í þessu sambandi samkvæmt ákvæðum 6. gr. þessara laga.

## 11. gr.

Þegar lokið er skilafresti þeim, sem ákveðinn hefur verið samkvæmt 5. málsg. 10. gr., ber þjóðskráin saman athugasemdir sveitarstjórna um oftalda og vantalda menn á íbúaskrám.

Nú er einstaklingur oftalinn á íbúaskrá samkvæmt athugasemd einnar sveitarstjórnar, en vantar á íbúaskrá samkvæmt athugasemd annarrar sveitarstjórnar, og tilkynnir þjóðskráin þá aðilum breytingar á íbúaskrám viðkomandi sveitarfélagi til samræmis, eins fljótt og auðið er.

Nú ber sveitarstjórn fram þá athugasemd, áður en fresti lýkur, að tiltekinn einstaklingur sé vantalin á íbúaskrá umdæmis hennar, og skal þjóðskráin þá taka athugasemdina til greina að jafnaði, ef önnur sveitarstjórn, sem hlut á að máli, vanrækir að tilkynna henni leiðréttingar sínar og athugasemdir við skrána, áður en fresti lýkur. Þjóðskráin tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum breytingar á íbúaskrá þeirra af þessum sökum.

Nú ber tveim sveitarstjórnnum, sem haldið hafa skilafresti, ekki saman um, hvar maður skuli vera á íbúaskrá, og tilkynnir þá þjóðskráin þeim það og skorar á þær að rökstyðja mál sitt fyrir ákveðinn tíma. Að fresti loknum tekur þjóðskráin ákvörðun í málinu samkvæmt fengnum gögnum og tilkynnir hlutaðeigandi sveitarstjórnnum niðurstöðuna án tafar.

#### 12. gr.

Nú telur sveitarstjórn einhvern einstakling oftalinn á íbúaskrá sveitarfélagsins, án þess að nokkur önnur sveitarstjórn telji hann vantalin á íbúaskrá sinni að svo stöddu, og gerir þjóðskráin þá ráðstafanir til að fá það upplýst, í hvaða sveitarfélagi hann hafðist við undangenginn 1. desember. Síðan tilkynnir hún hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hann skuli settur þar á íbúaskrá, nema í ljós komi, að hann teljist heimilisfastur í enn öðru umdæmi. Þjóðskráin getur og, ef ástæða er til, mælt svo fyrir, að einstaklingur, sem þannig er ástatt um, sé tekinn á íbúaskrá sveitarfélags, sem hann settist að í eftir 1. desember. Sömu leiðis getur þjóðskráin lagt fyrir sveitarstjórn þess umdæmis, þar sem hlutaðeigandi var upphaflega á íbúaskrá, að hann sé aftur settur á hana.

#### 13. gr.

Ákvarðanir þjóðskrárinnar samkvæmt 11. og 12. gr. um, hvar menn skuli vera á íbúaskrá, ráða úrslitum um það, í hvaða umdæmi tekju- og eignarskattur og hliðstæð þinggjöld eru á þá lögð, og verður þeim ekki áfrýjað. En það eitt, að maður er á íbúaskrá sveitarfélags samkvæmt slíkri ákvörðun þjóðskrárinnar og án samþykkis sveitarstjórnar, getur aldrei leitt af sér neinn rétt annarra sveitarfélaga eða einstaklinga til að gera fjárkröfu á hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi vegna manns, sem svo er ástatt um.

#### 14. gr.

Þjóðskráin sendir hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti afrit af tilkynningum þeim, er hún sendir sveitarstjórn samkvæmt 11.—13. gr., og breyta þessir aðilar íbúaskránni til samræmis. Sama gildir um aðrar breytingar, sem þjóðskráin tilkynnir þessum aðilum.

Sveitarstjórn skal tilkynna hlutaðeigandi skattyfirvaldi og sóknarpresti allar breytingar á íbúaskrá, sem hún gerir samkvæmt 4. málsg. 10. gr., og rita þessir aðilar þær á íbúaskrá.

Sveitarstjórn skal rita breytingar, sem gerðar eru á íbúaskrá, á aðrar skrár, sem leiðdar eru af henni, eftir því sem við á.

#### 15. gr.

Sóknarprestar skulu, er þeir húsvitja á hverju hausti, safna upplýsingum um allar breytingar, sem orðið hafa á aðsetri manna miðað við síðustu íbúaskrá, og í því sambandi ber þeim eftir föngum að afla vitneskju um fullt aðsetur hvers einstaklings, sem hefur tekið sér annað aðsetur en hann hafði samkvæmt síðustu íbúaskrá. Leggja skal upplýsingar þessar til grundvallar, þegar næsta íbúaskrá er endurskoðuð af sveitarstjórn og sóknarpresti, sbr. 10. gr., að svo miklu leyti sem þess gerist þörf.

Sóknarprestar skulu aðstoða við söfnun aðseturstilkynninga í prestakalli sínu, eftir því sem föng eru á.

Þriðja hvert ár skal hver sóknarprestur bera allar upplýsingar íbúaskrárinnar um nöfn, fæðingardaga og hliðstæð atriði saman við það, sem skráð er um sömu einstaklinga í embættisbókum prestakallsins. Að loknum þessum samanburði lætur sóknarprestur þjóðskránni í té þær leiðréttingar, er hann telur gera þurfa á íbúaskrá prestakallsins.

Biskupsskrifstofan og Hagstofan ákveða sameiginlega framkvæmd á ákvæðum þessarar gr. í einstökum atriðum.

## 16. gr.

Hverri sveitarstjórn er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að afla upplýsinga um breytingar, sem kann að þurfa að gera á íbúaskrá umdæmisins til þess að hún verði rétt, miðað við 1. desember hvert ár. Þjóðskráin getur, ef svo ber undir, lagt fyrir sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir í þessu skyni, þar á meðal láta fara fram almenna manntalskráningu í umdæminu.

Nú telur þjóðskráin, að framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 73/1952 sé ábótavant í umdæmi, og getur hún þá lagt fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn að gera tilteknar ráðstafanir til úrbóta, þar á meðal láta fara fram almenna manntalsskráningu í umdæminu.

## 17. gr.

Iðgjöld til almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, og sóknargjöld samkvæmt lögum nr. 36/1948, um sóknargjöld, skulu lögð á menn á sömu stöðum og tekju- og eignarskattur er á þá lagður eftir íbúaskrá 1. desember hvert ár, sbr. 1. málslíð 1. málsg. í 32. gr. laga nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt.

## 18. gr.

Þjóðskráin lætur embættum og sveitarstjórnnum í té hvers konar upplýsingar um einstaklinga, sem skrár hennar og önnur gögn hafa að geyma, enda þurfi þau upplýsinganna við vegna embættisrekstrar eða hliðstæðra starfa. Þjóðskráin lætur slíkar upplýsingar í té ókeypis, en sé um að ræða meiri háttar verk, getur hún þó krafizt þess, að hlutaðeigandi endurgreiði henni kostnað við það.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. taka ekki til opinberra fyrirtækja.

## 19. gr.

Þjóðskráin veitir hverjum sem er upplýsingar um aðsetur manna og önnur atriði samkvæmt skráum sínum og gögnum, eftir reglum, sem Hagstofan setur.

Þjóðskráin skal frá ársbyrjun 1963 annast útgáfu allra fæðingarvottorða og hliðstæðra vottorða til opinberra nota, annarra en þeirra, sem sóknarprestarnir láta í té eftir kirkjubókum, meðan þær eru lögum samkvæmt í vörzlu þeirra. Vottorð þjóðskrárinnar skulu veitt samkvæmt kirkjubók eða skýrslu sóknarprests til Hagstofunnar.

Þjóðskráin tekur gjald fyrir veitingu upplýsinga og útgáfu vottorða samkvæmt þessari gr., og fer það eftir gjaldskrá, sem Hagstofan setur. Þegar sérstaklega stendur á, má veita afslátt af gjaldi eða fella það niður. Gjald fyrir upplýsingar og vottorð skal greitt um leið og ósk er borin fram þar um.

Þjóðskráin getur lagt fyrir einstakar sveitarstjórnir að láta almenningi í té upplýsingar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., og ber þjóðskránni þá ekki skylda til að veita íbúum viðkomandi umdæma slíka þjónustu.

## 20. gr.

Ríkissjóður stendur straum af árlegum kostnaði við rekstur þjóðskrárinnar að  $\frac{1}{10}$  hlutum og Tryggingastofnun ríkisins að  $\frac{1}{10}$  hluta.

## 21. gr.

Hið árlega framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 20. gr. er endurgjald fyrir not hennar á vélspjöldum þjóðskrárinnar til skrárgerðar, svo og fyrir almenna þjónustu og aðstoð, sem þjóðskráin lætur Tryggingastofnuninni í té og eigi skal koma greiðsla fyrir. Hins vegar á ákvæðið í 2. málslíð 1. málsg. 18. gr. við Tryggingastofnunina jafnt og við aðra opinbera aðila.



Sveitarfélög eiga, án þess að sérstök greiðsla komi fyrir, rétt á árlegum íbúaskrá samkvæmt 9. gr. og kjörskrárstofni samkvæmt 2. tölulið 3. gr., og auk þess njóta þau upplýsingaþjónustu þjóðskrárinnar samkvæmt 18. gr. En aðrar skrár en þær, sem hér er gert ráð fyrir, svo og önnur þjónusta heldur en veiting upplýsinga, skal greidd þjóðskránni sérstaklega.

## 22. gr.

Reikningsár þjóðskrárinnar er almanaksárið. Ríkisendurskoðunin endurskoðar reikninga hennar.

## 23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almannaskráningu.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

### um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Lög þessi taka til starfsmanna, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum og minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Ráðherra né hæstaréttardómara, sbr. þó 2. málsg. 4. gr.
2. Iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, er um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarféлага þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. 80/1938. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. Bankastarfsmanna.

4. Starfsmanna Alþingis.

##### 2. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirsva ríkissjóðs, að því er varðar kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi ríkisvalds samkvæmt lögum þessum. Hann getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast samninga af sinni hendi.

##### 3. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirsva ríkisstarfsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna samkvæmt lögum þessum.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja velur fimm ríkisstjórsmenn í Kjararáð, sem fer með umboð bandalagsins til samningagerðar. Þegar bandalagsstjórn velur menn í Kjararáð, skulu bæjarstjórsmenn víkja sæti, en varamenn úr hópi ríkisstjórsmanna koma í þeirra stað.

Ríkisstjórsmáður, er lög þessi taka til, sbr. 1. gr., á rétt til að vera félagsmaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins.

## II. KAFLI

### 4. gr.

Launakjör starfsmanna ríkisins, sbr. 1. gr., skulu ákveðin með kjarasamningum aðilja þeirra, sem í 2. og 3. gr. getur.

Launakjör ráðherra og hæstaréttardómara skulu ákveðin af Kjaradómi.

### 5. gr.

Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu. Kjarasamningur á ekki að taka til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaförföllum né annarra fríðinda, sem líkt er farið.

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt, ef það brýtur í bág við kjarasamning starfsmanni í óhag.

### 6. gr.

Þegar ákveða skal starfskjör, sem kjarasamningur samkvæmt 5. gr. tekur ekki til, og eigi eru lögbundin, skal semja um þau við hlutaðeigandi bandalagsfélög.

Uppsagnarfrestur slíkra samninga skal vera 3 mánuðir. Að öðru leyti fer um þá samkvæmt fyrirmælum laga þessara um kjarasamninga.

### 7. gr.

Kjarasamningur skal vera skriflegur, gerður til eigi skemmri tíma en tveggja ára í senn og gildistími hans miðast við áramót.

Nú verða almennar og verulegar kaupbreytingar á samningstímabili, og má þá krefjast endurskoðunar kjarasamnings án uppsagnar hans. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls samkvæmt III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

### 8. gr.

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðilja skal eigi vera skemmri en sjö mánuðir.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

### 9. gr.

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

### 10. gr.

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðilja tilögur sínar í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu sanningsviðræður þá þegar upp teknar.

## 11. gr.

Endurrit af uppsögn kjarasamnings og tillögum um nýjan samning skulu send sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og uppsögn og tillögur eru sendar samningsaðilja, sbr. 8. og 10. gr.

## III. KAFLI

## 12. gr.

Aðili kjarasamnings getur, er slitnað hefur upp úr samningsumleitunum, vísað kjaradeilu til meðferðar sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum.

Þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningar komizt á fyrir þann tíma. Sáttasemjari getur þó frestað aðgerðum allt að viku, ef sérstaklega stendur á.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum sáttasemjara ríkisins eða aðilja, að skipa til sáttastarfs sérstakan sáttasemjara eða sáttanefnd, er hafi réttindi og skyldur ríkissáttasemjara samkvæmt lögum þessum.

## 13. gr.

Sáttasemjari ríkisins getur lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu.

Leynileg atkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, fer fram um miðlunartillögu undir yfirstjórn og eftirliti sáttasemjara. Það fer eftir ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, hvort tillaga telst samþykkt eða felld.

Fjármálaráðherra greiðir fyrir hönd ríkissjóðs atkvæði um miðlunartillögu. Skal hann greiða atkvæði sitt leynilega, áður en allsherjaratkvæðagreiðslu samkvæmt 2. málsg. lýkur.

Ákvæði laga nr. 80/1938 gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um sáttastarf samkvæmt lögum þessum.

## 14. gr.

Nú er kjaradeila eigi til lykta leidd, að liðnum tveimur mánuðum uppsagnarfrests, og senda aðiljar þá þegar Kjaradómi greinargerðir um málið, enda er þá sáttameðferð þess á vegum sáttasemjara lokið.

Aðiljar geta á fyrra stigi máls en í 1. málsg. segir vísað kjaradeilu til Kjaradóms, ef þeir eru um það sammála.

Eftir að sáttasemjari hefur fengið mál til meðferðar, getur hann og vísað máli til Kjaradóms án atbeina aðilja, þegar er hann telur sýnt, að frekari sáttaumleit-anir verði árangurslausar.

## IV. KAFLI

## 15. gr.

Kjaradómur skal skipaður fimm dómendum og jafnmörgum varadómendum. Hæstiréttur skipar þrjá dómendur. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður dómsins.

Fjármálaráðherra skipar einn dómanda.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar einn dómanda.

Sömu aðiljar skipa varadómendur.

Dómendur skulu skipaðir til fjögurra ára í senn. Starfstímabili dómenda, sem fyrstir eru skipaðir, skal þó eigi ljúka, fyrr en fjögur ár eru liðin frá næstu áramótum eftir skipun þeirra.

Kjaradómur setur sér sjálfur starfsreglur.

## 16. gr.

Kjaradómur tekur kjaradeilu til meðferðar, er honum hafa borizt gögn samkvæmt 14. gr., og skal hafa lagt dóm á ágreiningsefni, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá upphafi uppsagnarfrests.

## 17. gr.

Aðiljar skulu leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm. Þeir skulu tjá sig rækilega um kjaraatriði, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og setja fram sjónarmið sín ásamt rökstuðningi og rækilegri málsreifun.

## 18. gr.

Kjaradómur aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga, og er honum rétt að krefjast skýrslna munnlegra og skriflegra af einstökum mönnum og embættismönnum.

## 19. gr.

Kjaradómur getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu dómsins og ráðuneytis um úrlausn mála.

## 20. gr.

Kjaradómur skal við úrlausnir sínar m. a. hafa hliðsjón af:

1. Kjörum launþega, er vinna við sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu.
2. Kröfum, sem gerðar eru til menntunar, ábyrgðar og sérhæfni starfsmanna.
3. Afkomuhorfum þjóðarbúsins.

## 21. gr.

Dómur Kjaradóms er fullnaðarúrlausn kjaradeilu.

Dómur Kjaradóms kemur til framkvæmda á næstu áramótum eftir uppsögu hans og gildir í tvö ár.

Dómur bindur aðilja á sama hátt sem samningur þeirra, og gilda um uppsögn kjaraákvæða hans og framlengingu ákvæði laga þessara um kjarasamninga, sbr. II. kafla.

## V. KAFLI

## 22. gr.

Stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tekur af þess hendi ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, en um ákvörðun hennar skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla starfandi ríkisstarfsmanna, er í hlut eiga, til samþykktar eða synjunar.

Þegar bandalagsstjórn tekur ákvörðun samkvæmt 1. málsgr., skal hún skipuð eins og þegar hún velur í Kjararáð samkvæmt 3. gr.

## VI. KAFLI

## 23. gr.

Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum.

Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmanna. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmanna.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skipar einn nefndarmann.

Sömu aðiljar skipa varamenn í Kjaranefnd.

## 24. gr.

Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi samningsaðilja um:

1. Skipun einstakra manna í launaflokka kjarasamnings.
2. Hver aukastörf rétt sé að telja til aðalstarfs og hver beri að launa sérstaklega.
3. Vinnutíma, yfirvinnu og yfirvinnukaup einstakra starfsmanna.

## VII. KAFLI

## 25. gr.

Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans.

Þegar félagsdómur fer með slík mál, nefna Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra dómendur til setu í dómnum í stað þeirra dómenda, er nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagsdómi vegna sjálfs sín og starfsmanna, er í hlut eiga.

## VIII. KAFLI

## 26. gr.

Kostnaður við Kjaradóm og Kjaranefnd, þar á meðal laun dómenda og nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

## 27. gr.

Nú er sett á fót ríkisstofnun, og ákveður fjármálaráðherra þá í samráði við ráðherra, er fer með mál þeirrar stofnunar, og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja svo og með hliðsjón af því, sem gildir um hliðstæðar eða sambærilegar stofnanir, kjör starfsmanna hinnar nýju stofnunar, þar til þau hafa verið ákveðin eftir reglum laga þessara.

Ef til koma við stofnanir nýjar stöður, ákveður fjármálaráðherra, með sama hætti sem í 1. málsg. segir, kjör starfsmanna, sem í hlut eiga.

## 28. gr.

Skylt er borgar-, bæjar- og sveitarstjórn að veita starfsmönnum sínum samningsrétt í samræmi við lög þessi, ef hlutaðeigandi starfsmannafélag óskar þess. Skal nánar kveðið á um það í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

## 29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um fyrstu framkvæmd laganna og kjaraákvæðanir samkvæmt þeim gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Viðræður um kjarasamninga skulu hefjast eigi síðar en 1. ágúst 1962.
2. Nú hafa samningar eigi tekizt 1. janúar 1963, og hefur sáttasemjari þá sáttumleitanir.
3. Kjaradómur tekur kjaramálin til meðferðar eigi síðar en 1. marz 1963, hafi þau þá eigi verið til lykta leidd, og skal hann hafa lokið störfum 1. júlí 1963.
4. Kjarasamningur eða kjaradómur gildir frá 1. júlí 1963 til ársloka 1965.

Framangreindum tímamörkum, nema gildistíma kjarasamnings eða kjaradóms, samkvæmt 4. tölulíð, getur ráðherra breytt, ef nauðsyn krefur.

Hinn 1. júlí 1963 falla úr gildi:

1. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, nema:
  - a) Síðasta málsgr. 14. gr.
  - b) 25. gr. 3.—4. málsgr., 26. gr., 29. gr. og 30. gr.
2. Önnur ákvæði í lögum um kjaraatriði, er lög þessi taka til, sbr. 1. og 5. gr.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Nú verða almennar og verulegar kauphækkningar, þar til kjaraákvæði samkvæmt lögum þessum koma til framkvæmda, og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls eftir ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

*Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

4. apríl.

Nr. 56

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Þriðja málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn veitir húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Auk þess skipar félagsmálaráðherra einn mann í húsnæðismálastjórn samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, og skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár“ í 2. mgr. 4. gr. laganna komi: allt að 150 milljónum króna árlega næstu 10 ár.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „100 þúsund krónur“ í staflíð B í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 150 þúsund krónur.

#### 4. gr.

Fyrsta málsgrein 16. gr. laganna orðist svo:

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkis-

sjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánnum ríkissjóðs í þessu skyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Umboð núverandi stjórnar og varastjórnar húsnæðismálastofnunar ríkisins fellur niður við gildistöku laga þessara, og skal þá Alþingi kjósa menn í stjórn og varastjórn og ráðherra skipa mann í stjórnina og varamann samkvæmt lögum þessum.

*Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

### um Hæstarétt Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

##### 2. gr.

Hæstarétt skipa fimm dómara, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og varaforseta til sama tíma.

##### 3. gr.

Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

Synódalrétt skipa fimm dómara, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómara, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

##### 4. gr.

Nú vikur hæstaréttardómari sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmann eða héraðsdómara, sem fullnægir

skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skytt er nefndum aðiljum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dómnum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

#### 5. gr.

Þann einn er rétt að skipa hæstaréttardómara, sem:

1. Fullnægir almennum dómarskilyrðum.
  2. Hefur lokið embættisprófi í lögum með fyrstu einkunn.
  3. Hefur náð 30 ára aldri.
  4. Hefur verið þrjú ár hið skemmsta prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, héraðsdómari, ráðuneytistjóri, lög-reglustjóri í Reykjavík eða fimm ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.
- Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarsæti í Hæstarétti.

Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

#### 6. gr.

Hæstaréttardómari vikur úr dómarsæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirsvarsmaður aðilja, hefur flutt málið eða leiðbeint aðilja í því.
3. Hann er skyldur eða mægður aðilja eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðilja eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sifjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið héraðsdómari, gerðardómsmaður um sakarefni eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Mál varðar venzlamenn samkvæmt 3. tölulið að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
9. Horf hans við aðilja eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi litið óhlutdrægt á málavexti.

#### 7. gr.

Aðiljar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í Hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 6. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.



**8. gr.**

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins.

Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómarskilyrðum. Hann tekur laun samkvæmt V.—III. launaflokki laga nr. 92 24. des. 1955 eftir ákvörðun ráðherra að fenginni umsögn Hæstaréttar.

**9. gr.**

Hæstaréttarritari hefur þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til Hæstaréttar.
2. Heldur bækur Hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómskjölum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins. Samsvarandi störf vinnur hæstaréttarritari fyrir Synódalrétt.

**10. gr.**

Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágrip af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, hvaða dag það skuli þingfesta, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

**11. gr.**

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

**II. KAFLI****12. gr.**

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar málum samkvæmt því, er í lögum segir.

**13. gr.**

Haldast skulu ákvæði um málsskot í lögum um meðferð opinberra mála.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar úrlausn héraðsdóms í einkamáli, enda banni sérákvæði í lögum það eigi. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttareðlis, og er það áfrýjunarskilyrði, að fjárhæð hennar nemi verðmæti, metið til peninga, kr. 5000.00.

Ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli verður eigi skotið til Hæstaréttar, nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar.

## 14. gr.

Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Nú eru réttilega sóttar saman í máli fleiri kröfur en ein, og skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi, en gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal eigi litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

## 15. gr.

Nú varðar krafa innstæðuréttindi, greiðslur, er inna skal af hendi með vissu millibili, kvaðir, afnotaréttindi, ógildingu á skjölum, eignarréttindi yfir fasteign, gildi réttinda o. s. frv., og ákveður Hæstiréttur, að fenginni umsögn aðilja, hvort verðmæti hagsmuna, sem í húfi eru, skuli í því máli teljast nema áfrýjunarfjárhæð.

## 16. gr.

Rétt er ráðherra að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Áður en ákvörðun er tekin um, hvort slíkt leyfi skuli veita, skal gefa aðiljum kost á að tjá sig um málið.

## 17. gr.

Hvarvetna þess sem heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.—16. gr., eftir því sem við á.

## 18. gr.

Skjóta má dómsathöfn til Hæstaréttar í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar, dómsathöfn verði breytt að efni til eða hún staðfest.

## 19. gr.

Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðilja, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður eigi gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

## 20. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885, 11. gr., uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949, 4. gr., laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr., og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. 1. málslíð segir, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu, er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis, sem annars kostar er fyrirgert.

Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðilja rétt að gagnáfrýja á næstu þremur vikum, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til, enda hafi aðilja eigi verið unnt að áfrýja fyrr og honum sjálfum verði eigi um það kennt.

## 21. gr.

Kæru til Hæstaréttar sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara um:
  - a. Að víkja eigi sæti.
  - b. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.
  - c. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.
  - d. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.
  - e. Skyldu gagnaðilja eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.
  - f. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.
  - g. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.
  - h. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.
  - i. Synjun að heimila meðalgöngu.
  - j. Að frestur skuli veittur.
  - k. Réttarfarssektir.
2. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:
  - a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.
  - b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.
  - c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.
  - d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.
  - e. Skiptagerðin sjálf.
3. Úrskurðir fógetaréttar, nema:
  - a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
  - b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.
  - c. Fógetagerðin sjálf.
4. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:
  - a. Um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
  - b. Hvaða verðmæti skuli selja.
  - c. Uppboðsgerðin sjálf.
  - d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.
  - e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.

Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómara starfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti, og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt að fjárhæð 200—4000 krónur til ríkissjóðs.

## 22. gr.

Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

## 23. gr.

Í kæru skal kærandi greina:

1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.

2. Kröfu um breytingar á henni.

3. Ástæður, sem hann reisir kærana á.

Kæru má styðja með tilvisun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum.

Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

24. gr.

Með beiðni leggur kærandi lögmaelt dómgjöld fyrir Hæstarétti, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

25. gr.

Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kærana aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 23. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

26. gr.

Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðilja, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því er kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

27. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til Hæstaréttar, en tilkynnir aðiljum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

28. gr.

Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

29. gr.

Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til Hæstaréttar, geta aðiljar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruefnið. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðiljar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í Hæstarétti.

30. gr.

Nú er kæra eigi svo úr garði gerð sem í 23. gr. segir eða annars ófullkomin, og leggur Hæstiréttur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum Hæstaréttar, getur hann vísað kærumáli frá sér.

## 31. gr.

Hæstiréttur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðiljum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.

## 32. gr.

Hæstiréttur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

## 33. gr.

Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn svo fljótt sem kostur er. Hæstiréttur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

## 34. gr.

Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður fjórar vikur séu liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. og 4. mgr. 20. gr.

Í stefnu skal greina:

1. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til Hæstaréttar, og skal dómsorð eða ályktarorð tekið orðrétt í stefnu.
2. Nöfn áfrýjanda og stefnda, stöðu þeirra og heimili.
3. Í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
4. Í hvaða starfsmánuði Hæstaréttar þingfestingar máls er óskað.

Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar, er ákveður frestinn.

Þingfesta skal mál fyrsta þingdag þess mánaðar, sem stefnt er til, en rétt er forseta Hæstaréttar að ákveða annan þingfestingardag, þegar sérstaklega stendur á.

Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

## 35. gr.

Stefnufrest til Hæstaréttar skal miða við þingfestingardag samkvæmt 34. gr. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði. Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum.

## 36. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmælt áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað þar frá dómi, er aðilja rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan mánaðar frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður eigi beitt oftar en einu sinni.

## 37. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

## 38. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir, er í 1. og 2. mgr. 20. gr. segir.

## III. KAFLI

## 39. gr.

Áfrýjanda ber að koma fyrir Hæstarétt á hinum tiltekna þingfestingardegi og leggja fram áfrýjunarstefnu. Nú lætur áfrýjandi það undir höfuð leggjast, og ber að fella mál niður og dæma stefnda, sem fyrir dóm hefur komið, málskostnað eftir kröfu hans. Sömu meðferð skal hafa, er áfrýjandi mætir eigi á síðari dómþingum eða lætur þá farast fyrir að fylgja málinu fram.

## 40. gr.

Nú kemur stefndi eigi fyrir dóm við þingfestingu, þótt honum hafi verið birt lögleg stefna, en áfrýjandi leggur fram stefnu og skjöl og flytur mál sitt, og kveður Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þessum ákvæðum skal einnig beita, ef stefndi kemur eigi fyrir dóm, er þing skal heyja síðar um mál hans.

Hæstarétti er rétt að leyfa stefnda, sem eigi hefur sótt fyrra dómþing, að taka til varnar í máli með samþykki áfrýjanda eða án þess, ef miklir hagsmunir stefnda eru í húfi.

## 41. gr.

Veita skal aðiljum frá þingfestingu fjögurra mánaða frest, enda telji Hæstiréttur eigi ástæðu til lengri frests eða skemmri, til að afla gagna og gera ágrip dómskjala. Gagnáfrýjun skapar eigi rétt til sjálfstæðs frests í máli, að því er gagnsökina varðar.

## 42. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip dómsgerða héraðsdóms og dómskjala, sem fram koma eftir áfrýjun máls, og leggja það ásamt dómsgerðum héraðsdóms fram á skrifstofu Hæstaréttar fyrir lok þess frests, er 41. gr. segir, í svo mörgum eintökum sem dómimum nægir, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Nú er máli einungis áfrýjað til staðfestingar, og er nægilegt að leggja fram staðfest endurrit héraðsdóms, nema Hæstiréttur ákveði, að dómsgerðir skuli lagðar fram.

## 43. gr.

Nú er ástæða til að telja, að formgallar séu á máli, og er rétt að veita aðiljum sérstakan styttna frest frá því, sem í 41. gr. segir, til stuttrar greinargerðar um það efni, þar sem greindar séu málsástæður og rök þeirra um formhlið málsins.

## 44. gr.

Ágrip samkvæmt 42. gr. skal fylgja samandregin og gagnorð greinargerð hvors eða hvers málsaðilja, er geymi:

1. Kröfugerð hans í málinu, og sé gerð grein fyrir breytingum, er kunna að hafa orðið frá kröfugerð í héraði.
2. Sérstaka tilvísun til þeirra atvika, er eigi hafa áður verið nægilega rakir í málinu og héraðsdómi og aðili hyggst bera fyrir sig.
3. Nákvæma reikningsgerð, ef um hana er að tefla.
4. Upptalningu á sönnunargögnum og einkum þeim, er aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.

## 45. gr.

Nú vill aðili bera fram kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði, og er Hæstarétti rétt að leyfa honum það, enda hafi hann áskilið sér það í stefnu, grundvelli máls sé eigi raskað, afsakanlegt sé, að þær voru eigi

hafðar uppi í héraði, og það ylli aðilja réttarspjöllum, ef eigi væri tekið tillit til þeirra.

46. gr.

Rétt er Hæstarétti, ef sérstaklega stendur á, að leyfa vitnaleiðslur þar fyrir dómi svo og yfirheyrslu aðilja og matsmanna.

47. gr.

Er Hæstarétti hefur borizt ágríp máls samkvæmt 42. gr. og greinargerðir aðilja samkvæmt 43. og 44. gr., ákveður forseti, hvenær mál skuli flytja, og tilkynnir hæstaréttarritari það aðiljum eða umboðsmönnum þeirra með hæfilegum fyrirvara.

Málflutningur fyrir Hæstarétti skal vera munnlegur. Hæstarétti er þó rétt að ákveða skriflegan málflutning.

48. gr.

Flytja skal mál um formhlið máls, áður en efnishlið þess er tekin til meðferðar, nema Hæstiréttur ákveði, að málflutningur um formsatriði og efnis fari fram samtímis.

49. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi eða umboðsmaður hans frumræðu sína og les upp úr ágrípi það, sem máli skiptir. Því næst talar stefndi eða gagnáfrýjandi, eða umboðsmenn þeirra, og les á sama hátt úr ágrípi. Eigi skal aðili oftara tala en tvisvar. Er aðili flytur eigi mál sjálfur, er Hæstarétti rétt að leyfa honum að koma fram stuttum athugasemdum, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið, að stefndi eða gagnáfrýjandi eða umboðsmenn þeirra hefji málflutning, enda sé aðiljum með hæfilegum fyrirvara gert viðvart um þá skipan.

50. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

#### IV. KAFLI

51. gr.

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið.

52. gr.

Áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn í máli, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dýrum ástæður og niðurstöðu dóms eða úrskurðar, nema útvistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði semur sá dómenda, sem forseti kveður til þess hverju sinni. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

53. gr.

Sá dómari, sem greitt hefur atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls, eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á sams konar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem tíðkæpt hefur.

#### 54. gr.

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðilja, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðilja í einkamálum. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóms. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í Hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú fellst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, en eigi á forsendur hennar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

#### 55. gr.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefur verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma Hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækileg efnisskrá. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

#### 56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefur komið í máli og sannað er eða viðurkennt.

#### 57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk eða þola athöfn eða ástand. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir Hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta.

Hæstaréttarritari undirritar dómsendurrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

### V. KAFLI

#### 58. gr.

Meginreglum laga um meðferð mála í héraði skal beita í Hæstarétti, eftir því sem við á, enda sé eigi á annan veg mælt í lögum.

### VI. KAFLI

#### 59. gr.

Rétt er Hæstarétti að leyfa samkvæmt umsókn aðilja, að mál, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, sé tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu af nýju, þá er sterkar líkur eru að því leiddar, að atvik málsins hafi eigi verið réttilega í ljós leidd í Hæstarétti, er málið var þar til meðferðar hið fyrra skipti, án þess að aðilja sé um að kenna, og að hin nýju gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum og svo að öll atvik annars liggi til þess, að slíkt leyfi sé veitt, þ. á m. að stórfelldir hagsmunir aðilja séu í húfi.

Áður en leyfi samkvæmt 1. mgr. er veitt, skal veita gagnaðilja færi á að láta uppi álit sitt.



Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

## VII. KAFLI

### 60. gr.

Nú er landsyfirrætti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttar-dómari í staðinn.

### 61. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. júlí 1962 og taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Lög nr. 112/1935 falla úr gildi samkvæmt því, sem nú var sagt.

Frá gildistöku laga þessara fellur úr gildi XV. kafli laga nr. 85 23. júní 1936. Enn fremur falla þá úr gildi ákvæði þeirra laga um kæru til Hæstaréttar, önnur en ákvæði 169. gr., 1. mgr. 170. gr. og ákvæði í XVI.—XIX. kafla.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer að hætti opinberra mála.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Tekjur váttryggingafélaga af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga, en félögin skulu þó gjalda fasteignaskatt og aðstöðugjald samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

## 2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um verkamannabústaði.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að bæta úr húsnaðisþörf þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem ekki hafa tekjur né eiga eignir yfir það hámark, er greinir í 4. tölulið 6. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

## 2. gr.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til bygginga skv. skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Kaup­tún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

## 3. gr.

Byggingarsjóður verkamanna skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kaup­tún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hvernar deildar sem hér segir:

1. Frá og með árinu 1962 greiði sveitarsjóðir, sem um ræðir í 2. gr., í sjóðinn árlega upphæð, sem nemi eigi minna en 40 kr. og eigi meira en 60 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt. Ef sveitarfélag vanrækir að greiða framlag sitt til Byggingarsjóðs, er heimilt að krefja sveitarfélagið um dráttarvexti, svo sem nánar er ákveðið í reglugerð.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kaupsþúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. tölulið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi Byggingarsjóðs, sbr. 2. gr.
3. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður, en hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 2. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kaupsþúni af lánsfé sjóðsins.

Nú er kaupsþún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til Byggingarsjóðs jafnað niður á þá íbúa kaupsþúnsins, sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

#### 4. gr.

Byggingarsjóður verkamanna veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kaupsþúni, og skal félagið fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

Lán þessi skulu vera tryggð með 1. veðrétti í húsum og lóðarréttindum. Lánin séu affallalaus og endurborgist með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum. Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 300 þúsund krónur. Seðlabankinn ákveður vexti á lánum í samráði við ríkisstjórnina.

Stjórn Byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess, en ekki skal það hafa áhrif á söluverð íbúða samkvæmt 8. tl. 6. gr.

#### 5. gr.

Lausafé Byggingarsjóðs verkamanna skal jafnan ávaxta í peningastofnunum með ríkissjóðsábyrgð.

#### 6. gr.

Byggingarfélag hafa rétt á að fá lán úr Byggingarsjóði skv. 4. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum, og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af löglegum félagsmönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með eins til fjöggra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútíma þægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag bygginganna, þar á meðal stærð íbúðanna, samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsþúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 65 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 5 þúsund krónum fyrir hvern ómaga á framfæri, né yfir 150 þúsund króna skuldlaus eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við breytingar á almennum kaupgjaldi verkamanna.

5. Að íbúðir séu hagkvæmar og teikningar eða uppdrættir séu samþykktir af stjórn Byggingarsjóðs og að öll efniskaup til þeirra og tilhögun byggingarframkvæmda sé gerð á sem hagkvæmastan hátt.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru skv. 4. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á skipulögðum leigulóðum sveitarfélaga eða ríkisins eða skipulögðum eignarlóðum byggingarfélaga. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignahlutföllum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, er sveitarfélaginu heimilt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið skv. lögum nr. 61 frá 14. nóvember 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja, nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbætti verðhækkun, sem skv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja skv. mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda skv. mati á íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.
9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðar jafnað niður á eigendur eftir eignahlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innan húss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunarteki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn Byggingarsjóðs hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

#### 7. gr.

Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingu eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mótuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

#### 8. gr.

Í stjórn Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr

honum skv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 3. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík og nágrenni, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinna skv. 6. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn einn eða fleiri í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild Byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álitur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

#### 9. gr.

Ársreikningar byggingarfélagsins skulu ætíð lagðir fyrir stjórn Byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af því láni, er veitt hefur verið til bygginganna. Ef stjórn Byggingarsjóðs hefur ekki borizt í hendur reikningur byggingarfélags fyrir síðasta ár fyrir 1. september ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til byggingarfélagsins, fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórn í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga Byggingarsjóðs, en Alþingi kys með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

#### 10. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, skv. lögum þessum, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög skv. lögum þessum.

#### 11. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn Byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa skv. lögum þessum.

#### 12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

#### 13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn I. kafli laga nr. 36 frá 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

#### 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Kosning fyrstu stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna og endurskoðenda fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, eftir gildistöku laganna, og fellur þá niður umboð stjórnar og endurskoðenda Byggingarsjóðs skv. lögum nr. 36 frá 16. febrúar 1952.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

14. gr. 1. málsg. laganna orðist svo:

Félagið er undanþegið öllum opinberum sköttum og gjöldum, hvort heldur er til ríkis eða sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkvæmt II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

**2. gr.**

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Síldarútvegsnefnd skipuleggur og hefur eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Nefndin skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir:

Sameinað Alþingi kys þrjá menn hlutfallskosningu, en ráðherra skipar fjóra menn eftir tilnefningum Alþýðusambands Íslands, Landssambands íslenzkra útvegs-

manna, Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

Varamenn skulu kosnir og tilnefndir á sama hátt. Vanræki aðili tilnefningu aðalmanns eða varamanns í nefndina, skipar ráðherra þá án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar úr hópi hinna þingjörnu nefndarmanna, til eins árs í senn.

Nefndin skal hafa aðsetur sitt á Siglufirði á síldarvertíð norðanlands og nefndarmenn eða varamenn þeirra dvelja þar þann tíma, eftir því sem nefndin sjálf ákveður. Á síldarvertíð sunnanlands skal nefndin með sama hætti hafa aðsetur í Reykjavík.

Nefndin ræður sér starfsfólk, eftir því sem nauðsyn krefur.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna, og greiðast þau af tekjum nefndarinnar.

## 2. gr.

Tekjur síldarútvegsnefndar skulu vera 2% af fob-verði útfluttrar síldar og allt að 5% af rekstrarvörum til síldarsöltunar, sem nefndin hefur til sölumeðferðar. Árlegur tekjuafgangur nefndarinnar skal lagður í sérstakan sjóð í vörzlu nefndarinnar. Sjóði þessum má eingöngu verja í þágu síldarútvegsins samkvæmt ákvörðun nefndarinnar og með samþykki ráðherra.

## 3. gr.

Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlandan og erlendan markað með þeim skilyrðum, sem hún telur nauðsynleg til að tryggja sem best rétt hlutföll söltunar á hina einstöku markaði, góða verkun og geymslu síldarinnar. Hún hefur forgöngu um markaðsleit fyrir síld og annast um, að gerðar séu tilraunir með útflutning á síld, sem veruð er með öðrum aðferðum en nú eru tíðkaðar, og annað það, sem orðið getur þeim til hagsbóta, sem vinna að framleiðslu saltaðrar síldar.

Heimilt er síldarútvegsnefnd að setja unráðamönnum skipa þeirra, er veiða síld til söltunar, reglur um meðferð síldarinnar um borð í skipunum og við löndun síldarinnar. Sé réttum reglum eigi hlýtt, getur nefndin svipt viðkomandi rétti til þess að leggja upp síld til söltunar um lengri eða skemmri tíma.

## 4. gr.

Enginn má bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld, sem íslensk skip veiða, eða veruð er hér á landi eða lögð á land veruð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til.

Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda, nema ákvæðum 4. og 5. gr. sé fullnægt.

Söltuð síld í neytendaumbúðum, s. s. niðurlögð síld og niðursoðin, er undanskilin ákvæðum þessara laga, eins og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, er síldarútvegsnefnd heimilt að veita undanþágu fyrir smásendingum af síld, þegar sérstaklega stendur á.

## 5. gr.

Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmálum, sem nefndin telur nauðsynlega um löggildingartíma, framboð og lágmarksverð, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir, sem hún telur við þurfa til að tryggja, að löggildingarskilmálum sé fullnægt.

Til þess að geta fengið löggildinguna sem útflytjandi samkvæmt þessari grein,

skal hlutaðeigandi fullnægja ákvæðum laga nr. 52 27. júní 1925, um verzlunar-  
atvinnu, og ráða yfir því lágmarksmagni saltsíldar, sem nefndin ákveður.

Með reglugerð má ákveða, að síldarútflytjendur skuli skyldir að taka síld til  
sölu af framleiðendum, gegn hæfilegri hámarksþóknun, enda sé síldin markaðs-  
hæf vara, og annað það, sem greiðir fyrir því, að allir síldarframleiðendur njóti  
sem fyllsts jafnréttis um sölu framleiðslu sinnar.

#### 6. gr.

Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar,  
sem hún óskar, um hvað eina, sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur  
nefndin frjálstan aðgang að verzlunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin  
og starfsmenn hennar eru bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjanda, er þau  
verða áskynja um á þennan hátt.

Skýrslur um síldarsöltun skulu sendar nefndinni daglega.

#### 7. gr.

Síldarútvegsnefnd er heimilt að takmarka síldarsöltun, ákveða hvenær söltun  
megi hefjast eða hanna söltun um skemmri eða lengri tíma, ef nefndin telur slíkar  
ráðstafanir nauðsynlegar til að tryggja gæði saltsíldarinnar eða sölu hennar.

#### 8. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildar-  
samtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri  
síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld, sem verkuð er með tilteknum verk-  
unaraðferðum eða seld til ákveðinna landa.

#### 9. gr.

Sé síldarútvegsnefnd eða heildarsamtökum síldarsaltenda veittur einkaréttur  
samkvæmt 8. gr., skal hver síldarsaltandi héra ábyrgð á gæðum sinnar síldar, en  
allir saltendur fá jafnt verð fyrir síld, sömu gæða, þökkunar og tegundar, enda sé  
síldin flutt út með leyfi nefndarinnar og fengizt hafi fyrir hana eigi lægra verð en  
fyrirframselda síld af sambærilegum gæðum.

Greiða skal af óskiptu síldarandvirkni, áður en jafnaðarverð er fundið, hæfilegt  
gjald að dómi síldarútvegsnefndar fyrir geymslu, þökkun og annan kostnað í sam-  
bandi við sérstaka verkun og meðferð síldarinnar.

#### 10. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir máli um framkvæmd laga þessara.

#### 11. gr.

Brjótí löggiltur útflytjandi eða söltunarleyfishafi gegn ákvæðum laga þessara  
eða fyrir mála, sem sett eru samkvæmt þeim, getur síldarútvegsnefnd svipt hann  
þeim réttindum sínum, enda hafi hann ekki sinnt áminningu nefndarinnar.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta  
meðferð opinberra mála og varða sektum allt að kr. 2 000 000.00, nema þyngri refsing  
liggi við samkvæmt öðrum lögum.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 74 29. des.  
1934, um síldarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., 3. gr. laga



nr. 79 16. apríl 1935, um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð islenskra afurða, og bráðabirgðalög nr. 69 9. maí 1961, um breyting á fyrrgreindum lögum, nr. 74 29. des. 1934.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 116 frá 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

d-liður 1. gr. laganna orðist svo:

Að á jörðinni hvili ekki aðrar veðskuldir en þær, sem kunna að hafa verið teknar í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði, ræktunarsjóði og raforkusjóði vegna þeirra framkvæmda á jörðinni, sem þessar stofnanir lána til, eða lánsstofnunum, sem koma kunna í þeirra stað.

#### 2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú óskar jarðeigandi að gera jörð sína að ættaróðali, og skal hann þá afhenda sýslumanni yfirlýsingu þar að lütandi ásamt lýsingu af jörð og jarðarhúsum og skilríki fyrir því, að fullnægt sé ákvæðum 1. gr.

Þegar sýslumaður hefur sannfært sig um, að fullnægt sé ákvæðum laganna um stofnun ættaróðals, skal hann færa jörðina á skrá um ættaróðul í sérstaka bók, er fylgi embættinu. Enn fremur skal hann senda Búnaðarfélagi Íslands um hver áramót skýrslu um þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali á árinu í undæmi hans, ásamt staðfestu samriti af óðalsréttarsamningi.

Búnaðarfélag Íslands skal láta gera fyrirmynd, í samráði við landbúnaðarráðuneytið, að óðalsréttarsamningi, þar sem fram sé tekið, auk þess sem áður er tilgreint, þáverandi fasteignamat jarðarinnar, jarðarverð sér og húsaverð sér, svo og tölur, er sýni stærð ræktaðs lands og ræktanlegs, meðaltal af afrakstri jarðarinnar síðustu 3 árin, hlunnindi og aðra aðstöðu til búrekstrar. Enn fremur skrá yfir fylgifé, skjöl, minjagrip og annað það, er óðalinu kann að fylgja. Gerninginn skal þinglesa á næsta manntalsþingi.

Verði misbrestur á, að stjórn Búnaðarfélags Íslands berist þau gögn, er að framan greinir, skal stjórn félagsins krefjast, að úr því verði bætt.

#### 3. gr.

Niðurlag 10. gr. laganna, orðin „og færast ekki sem fylgifé þess“ o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.

## 4. gr.

Á eftir 2. málslíð 11. gr. laganna komi:

Við skipti má eigi skerða ræktað land óðalsjarðar, nema um sé að ræða túnauka, fráskilinn heimatúni. Komi hlunnindi til skipta, skal óðalsjörðin ávallt halda að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  hlutum þeirra. Um reka fer þó eftir fjörumáli, sem hverjum jarðarhluta tilheyrir, ef hann kemur til skipta.

## 5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni í veðdeild Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, Ræktunarsjóði Íslands og raforkusjóði samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Fylgja skulu beiðninni um lán teikningar af hinni fyrirhuguðu byggingu, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, og byggingarvottorð um framkvæmd verksins frá byggingarfulltrúa viðkomandi héraðs. Ef um aðrar framkvæmdir er að ræða, þá skal fylgja lánbeiðninni úttekt og mót samkvæmt þeim reglum, er um þessi lán gilda á hverjum tíma.

## 6. gr.

8. málsgrein 14. gr. laganna orðist svo:

Verði ágreiningur um afhendingu ættaróðals, sem úttektarmenn geta ekki jafnað, getur hvor aðili um sig krafizt yfirmats, og fer um það samkvæmt 53. gr. ábúðarlaganna.

## 7. gr.

Á eftir orðunum „fasteignamatsverð hennar“ í 17. gr. laganna komi: en skal þó ekki vera lægra en áhvílandi veðskuldir.

## 8. gr.

b-liður 19. gr. laganna orðist svo:

Til barna þess hjónanna, sem óðalsréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum. Á sama hátt fá kjörbörn óðalsrétt, hafi óðalsréttarhafi veitt þeim þann rétt með sérstakri yfirlýsingu þar að lútandi.

d-liður sömu lagagreinar falli niður.

## 9. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Foreldrar koma sér saman um, hvert af börnum eða fjarskyldari erfingjum, að börnunum frágengnum, skuli erfa óðalið. Þessi ráðstöfun skal tilkynnt sýslumanni, ekki síðar en þegar óðalsbóndi er fullra 60 ára, og skal sýslumaður hlutast til um, að þessi ákvörðun sé gerð í viðurvist hans.

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda.

Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það barn eða þau börn fyrir, sem hata að staðaldri unnið með foreldrum sínum á jörðinni og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir.

## 10. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Ættarjarðir heita í lögum þessum þær jarðir, sem eru ekki óðalsjarðir, hafi þær:

- a. Verið skrásettar sem ættarjarðir samkvæmt lögum nr. 116/1943 eða með sérstökum gerningi, áður en þessi lög taka gildi.
- b. Verið í ábúð eða eign sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eign hennar, þegar lög þessi öðlast gildi.
- c. Verið ráðstafað til erfingja, ættmenna eða annarra með sérstökum gerningi samkv. 30. gr.
- d. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er síðar fullnægja skilyrði b-liðar um eigu eða ábúð sömu ættar.

Eftir gildistöku þessara laga skulu sýslumenn, hver í sinni sýslu, tilkynna hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum jarða, er falla undir a- og b-lið þessarar greinar, að jarðir þeirra verði skrásettar sem ættarjarðir að átta mánuðum liðnum, frá því að lögin taka gildi, hafi eigandi eða ábúandi ekki innan þessa tíma tilkynnt sýslumanni skriflega, að hann hafni því, að jörð hans falli undir ákvæði laganna. Sama rétt til höfnunar hafa ábúendur og eigendur jarða, sem getið er í d-lið. Ákvörðun jarðareiganda gildir, á meðan hlutaðeigandi maður býr á jörðinni.

### 11. gr.

#### 27. gr. laganna orðist svo:

Jörð, sem um ræðir í a- og b-lið 26. gr., má ekki selja úr ættinni fyrr en að ættmönnum frágengnum, sbr. 19. gr.

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kys helzt, og fer þá um leigumála samkvæmt 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs hýlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annari jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, sem nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára, frá því að hann fékk viðbótarlandið.

### 12. gr.

#### 28. gr. laganna orðist svo:

Nú vill eigandi ættarjarðar samkv. a- og b-lið 26. gr. selja jörðina, og skal hann þá bjóða hana fyrst niðjum sínum til kaups og ábúðar, systkinum sínum og afkomendum þeirra fyrir fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið á jörðinni, eftir að fasteignamat hefur farið fram. Vilji þessir aðilar ekki kaupa, er jarðeiganda frjálst að selja jörðina hæstbjóðanda.

### 13. gr.

#### 29. gr. laganna orðist svo:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni, frá því að aðalfasteignamat fór fram, þó ekki lægra en áhvílandi veðskuldir. Seljandi getur enn fremur krafizt hækkunar á söluverði fasteignar, ef tekjur af veiðiréttindum, jarðhita eða öðrum hlunnindum svo og tekjur af malarnámi, er jörðinni fylgja, hafa hækkað að mun, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

Mat á umbótum og auknum hlunnindatekjum skal framkvæmt af úttektar-  
mönnum. En krafizt getur jarðareigandi þess, að kaupandi greiði honum jarðar-  
verðið að fullu við undirskrift kaupsamnings, að frádragnum áhvílandi veðskuldum.

Nú er ættarjörð leigð til ábúðar, og hafa þá ættmenn forgangsrétt að ábúðinni  
eftir sömu reglu og þegar um kaup er að ræða samkvæmt 28. gr. Fer þá um leigu-  
mála eftir ákvæðum 35. gr.

#### 14. gr.

30. gr. laganna breytist þannig, að niður falli „og að frádragnum  $\frac{1}{2}$  jarða-  
bótastyrknum á þær umbætur“.

#### 15. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn skulu halda skrá yfir allar ættarjarðir innan síns lögsagnarumdæmis  
og færa þær í sérstaka bók samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, séu  
þær ekki óðalsjarðir. Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, með aðstoð fróðustu  
manna og beztu heimilda, sem föng eru á, gera skrá yfir þær jarðir í hreppnum,  
sem falla undir a- og b-liði 26. gr., ásamt greinargerð fyrir ábúð eða eignarhaldi  
hlutaðeigandi ættar á hverri jörð um sig síðastliðin 75 ár.

Þegar hreppstjóri skrásetur ættarjörð, skal hann jafnframt gera lýsingu af  
jörðinni, svo sem fyrir er mælt í 3. gr. um skrásetningu óðalsjarða, sbr. 3. málsg.  
hennar, eftir því sem við á. Skal það gert í samráði við jarðareiganda eða ábúanda.  
Leita skal staðfestingar jarðareiganda á, að skýrsla hreppstjóra sé rétt. Skrásetningu  
þessa og annað, er henni tilheyrir, skal hreppstjóri færa í úttektar- og virðingarbók  
hreppsins.

Skrásetning ættarjarðar ásamt greinargerð og jarðarlýsingu skal gera í tvíriti  
og færa á þar til gerð eyðublöð, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera í samráði við  
landbúnaðarráðuneytið. Skal annað eintakið varðveitt á skrifstofu sýslunnar. Hitt  
eintakið skal sýslumaður senda Búnaðarfélagi Íslands, eftir að hann hefur fullvissað  
sig um, að ekkert sé við það að athuga.

Nú verður ágreiningur um, hvort jörð sé ættarjörð. Skal sýslumaður þá rann-  
saka málavexti og fella því næst úrskurð í málinu. Geta skal þess í afsals- og veð-  
málabókum hlutaðeigandi sýslu eða kaupstaðar, að jörð sé ættarjörð, og sömuleiðis  
breytinga, er á því kunna að verða.

Hreppstjórar skulu endurskoða árlega skrána yfir ættarjarðir í hreppnum og  
fella niður eða bæta við jörðum, eftir því sem tilefni er til. Tilkynna skal sýslu-  
manni allar slíkar breytingar.

#### 16. gr.

Aftan við 1. málsg. 34. gr. laganna komi:

Heimilt er þó að byggja slíkar jarðir í lífstíðarábúð, ef viðtakandi óskar sér-  
staklega eftir því.

#### 17. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Afgjald af jörðum þeim, sem um ræðir í 34. gr., skal vera 3% af fasteigna-  
matsverði landsins og jarðarhúsa. Með verði jarðarhúsa telst það álag, er kann að  
fylgja jörð, þegar erfðaábúð hefst, og kúgildi með verðlagsskrárverði. Við ákvörðun  
jarðarafgjalds skal jafnframt miða við þá tölu búfjár eða það magn afurða, er  
þarf til að greiða eftirgjaldið, er leigusamningurinn er gerður, og miðað við verð-  
lag þess árs. Eftirgjaldið greiðist í peningum eftir verðlagsskrárverði eða gangverði  
þessara afurða í viðkomandi sýslu ár hvert, sbr. 10. gr. ábúðarlaga.

Nú leggur landsdrottinn fram fé til umbóta á jörðinni, og skal þá landskuld

hækka, þannig að af framlagi til íbúðarhúsa greiðist sömu vextir og af lánnum hjá byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands, en af framlagi til annarra umbóta sömu vextir og af lánnum ræktunarsjóðs, eins og þessir vextir eru á hverjum tíma.

Jarðarafgjöld skal greiða sýslumönnum á manntalsþingum, ef annað er ekki fram tekið í byggingarbréfi.

Skylt er erfðaleiguábuanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum án endurgjalds frá landsdrottni. En kostnað við virðingu á eignum landsdrottins greiðir hann að sínum hluta.

## 18. gr.

Fyrri málsliður 36. gr. laganna orðist svo:

Ábúandi greiðir leiguliðabót, svo sem fyrir er mælt í ábúðarlögum, 14. gr., og auk þess af fé því, er landsdrottinn hefur greitt til húsabóta og annarra umbóta á jörðinni.

## 19. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Þurfi að byggja jörð, sem er í erfðaábúð, til bráðabirgða (sbr. 46. gr., 6. lið), fer um upphæð jarðarafgjalds eftir samkomulagi. Hús og önnur mannvirki á jörðinni, sem aðrir eiga, skulu auk þess leigð að minnsta kosti fyrir þeim vöxtum af lánnum, er ber að standa straum af, ella sparisjóðsvexti.

## 20. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Meðan sama ætt heldur jörðinni, skal afgjaldið ekki hækka umfram það, er leiðir af hækkun fasteignamats vegna verðbreytinga og framlags ríkissjóðs. Þegar við jörð tekur ný ætt, skal afgjaldið ákvarðast samkvæmt ákvæðum 35. gr. Þó getur hvor aðili krafizt millimats fasteignamatsnefndar, ef liðin eru þrjú ár eða meira, frá því að síðasta fasteignamat fór fram.

## 21. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú verður jörð fyrir skemmdum, svo að jarðarnytjar rýrna að mun, og fer þá um það samkvæmt 35. gr. ábúðarlaga.

## 22. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þegar ábúandaskipti milli ætta verða á jörðum, sem byggðar eru í erfðaábúð, skal fara fram úttekt af lögskipuðum úttektarmönnum, og fer um það samkvæmt ákvæðum 13., 50. og 53. gr. ábúðarlaganna.

## 23. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum á þeim jörðum, sem eru í erfðaábúð, að skipta þeim milli barna sinna. Skal erfðaábuandi tilkynna það landsdrottni og leita samþykkis hans á skiptingunni.

Tryggt skal, að hvert býli hafi að minnsta kosti þá lágmarksstærð, er nægi til framfærslu meðalfjölskyldu (sbr. 14. gr. laga nr. 48/1957) að dómi nýbýlastjórnar, enda samþykki hún skiptinguna. Við skipti skal ekki skerða tún heimajarðar, ef unnt er (sbr. 28. gr. laga nr. 48/1957), og að öðru leyti fer um skiptinguna samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

Leigumáli á úrskiptu býli skal ákveðinn samkvæmt ákvæðum 35. gr. þessara laga.

Ef búrekstraraðstaða á heimajörðinni breytist verulega við slíka skiptingu, getur ábúandi krafizt endurskoðunar á leigumála jarðarinnar að undangengnu mati úttektarmanna.

## 24. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd eða sýslunefnd ástæða til að skipta jörð, sem byggð er í erfðaábúð, og skulu þá þessir aðilar snúa sér til nýbýlanefndar viðkomandi sýslu, sem skal rannsaka allar aðstæður og gefur viðkomandi aðilum rökstutt álit um málið. Að svo búnu getur sýslunefnd eða hreppsnefnd, ef þeim þykir ástæða til, sent álit nýbýlanefndar og tillögur sínar um skiptingu jarðarinnar til nýbýlastjórnar ríkisins.

Verði skipti ákveðin á jörðinni, skulu þau fram fara samkvæmt ákvæðum 43. gr., eftir því sem við getur átt.

Ábúandi á rétt á því, að ættingjar hans, er hann kys til, sitji fyrir ábúð á hinu úrskipta landi.

Nú taka aðrir, ábúanda óskyldir, ábúð á hinu úrskipta landi, og skal þá sá, er hefur ábúð á jörðinni, og samerfingjar hans fá fullar bætur fyrir það, sem hið úrskipta land hefur hækkað í verði fyrir atbeina ættar hans, en taka skal tillit til eðlilegrar fyrningar á jarðabótum.

Um lækkun á jarðarleigu hans í þessu sambandi gilda ákvæði síðustu málsg. 43. gr.

Aldrei má það land, sem hann hefur eftir, vera minna virði en land jarðarinnar var, þegar hans ætt tók við jörðinni, nema landeigandi og ábúandi samþykki.

Einnig skal ábúandi fá hæfilegar bætur, ef svo mikið er tekið af landi jarðarinnar, að það land, sem eftir er, samsvarar eigi þeim húsum, sem byggð hafa verið á jörðinni, enda hafi þau samsvarað heilbrigðum búrekstri á jörðinni allri.

Um byggingu þeirra jarða, er verða til við skiptingu eftir þessari grein, fer eftir fyrirmælum 35., 38. og 46. gr., 9. lið. Þó skulu ákvæði 43. gr. gilda um þá jarðarhluta, sem ráðstafað er á þennan hátt innan ættar ábúanda.

## 25. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ábúendum þeirra jarða, sem byggðar eru eftir lögum þessum, að taka lán með veði í jörðinni til varanlegra húsabóta og annarra umbóta á jörðinni í byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

Beiðni um veðleyfi skulu fylgja teikningar, samþykktar af Teiknistofu landbúnaðarins, áritaðar yfirlýsingu úttektarmanna viðkomandi hrepps, að byggingarnar séu við hæfi, miðað við hagfelldan búrekstur á jörðinni.

Sé um jarðabætur að ræða, skal lögð fram með beiðninni yfirlýsing héraðsráðunautar um, að framkvæmdin sé nauðsynleg og líkleg til að stuðla að aukinni arðgæfni í búrekstri á jörðinni.

Jarðeignadeild ríkisins getur krafizt þess af veðleyfisbeiðanda, að hann leggi fram ábyrgð hreppsnefndar hlutaðeigandi hrepps fyrir því, að lán það, er leiguliði tekur með veði í jörðinni, verði eingöngu notað til þeirra umbóta, er úttektarmenn og héraðsráðunautur telja hagkvæmar og nauðsynlegar fyrir búrekstur á jörðinni.

## 26. gr.

Töluliður 2 í 46. gr. laganna orðist svo:

Erfðaréttur erfist til barna þess hjónanna, sem erfðaábúðarréttinn stofnaði eða erfði, og ganga skilgetin börn fyrir óskilgetnum, og á sama hátt fá kjörbörn erfðaábúðarrétt, sbr. 19. gr.

## 27. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verði:

Um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og 47. gr. orðist svo:

Ábúendur þjóð- og kirkjujarða og annarra opinberra stofnana og sjóða, — nema ákvæði gjafabréfa og skipulagsskráa mæli gegn því, — sem hafa fengið erfða- eða lífstíðarábúð á jörðum sínum, hafa rétt til að fá ábúðarjarðir sínar keyptar, ef þeir, eftir því sem við á, fullnægja ákvæðum 1. gr. og auk þess eftirtöldum skilyrðum:

1. Hafa búíð á jörðinni minnst 3 ár.
2. Gefa út við undirskrift kaupsamnings skuldbindingu um að gera jörðina að ættaróðali og leggja fram nauðsynleg skilríki þar að lútandi.
3. Fyrir liggja yfirlýsing hlutaðeigandi hreppsnefndar um, að ábúandi hafi setið jörðina vel og að hreppsnefndin mæli með, að hann fái jörðina keypta. Þó getur hann skotið þeirri umsögn til sýslunefndar.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til jarða, sem þegar eru ákveðnar sem bústaðir embættismanna eða til annarrar opinberrar notkunar, svo og þeirra jarða, er að dómi Búnaðarfélags Íslands eða Landnáms ríkisins, að fengnum tillögum viðkomandi sýslunefndar og aðliggjandi bæjarfélaga, teljast líklegar til opinberra nota eða skiptingar í náinni framtíð.

Námuréttindi á þjóð- og kirkjujörðum skulu undanskilin sölu og sömuleiðis vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta þau réttindi.

## 28. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Jarðir, sem seldar eru samkvæmt 47. gr., skulu seldar fyrir fasteignamatsverð að viðbættu álagi og framlögum þeim, er ríkið kann að hafa lagt til umbóta á jörðinni, eftir að fasteignamat fór fram, en að frádregnu fasteignamatsverði þess, sem ábúandi kann að eiga í jörðinni, er salan fer fram.

Nú fylgir jörð, sem selja á samkvæmt 47. gr., veiðiréttur, er gefur eða líkur eru til að gefi leigutekjur, sem um munar, og er þá jarðareiganda heimilt að fá hann sérmetinn af dómkvöddum mönnum, og kemur það mat til viðbótar fasteignamatsverði, að svo miklu leyti sem veiðirétturinn kann að verða hærra metinn heldur en í gildandi fasteignamati.

Hið sama skal gilda, vilji ríkissjóður neyta forkaupsréttar, eftir að jörð hefur verið gerð að ættaróðali.

Jarðarverðið greiðist að fullu við afsal.

Fari sala fram á jörðum þessum, eftir að þær eru gerðar að ættaróðulum, á ríkissjóður forkaupsrétt á þeim fyrir fasteignamatsverð.

## 29. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Um þau atriði, er lúta að afhendingu og úttekt jarða og ekki er sérstaklega kveðið á um í lögum þessum, skal fara eftir ákvæðum ábúðarlaganna. Sama gildir um önnur atriði, sem ekki er sagt fyrir um á annan veg í lögum þessum.

## 30. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—10000 kr.

## 31. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 4 26. febr. 1946, lög nr. 16 22.

febr. 1950 og lög nr. 4 14. marz 1955 svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

## 32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 33. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 116 30. des. 1943 og gefa lögin út svo breytt.

Fyrirsögn laganna verði: Lög um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

## um dánarvottorð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Dánarvottorð samkvæmt ákvæðum laga þessara skal rita fyrir hvern mann, er deyr hér á landi, sbr. þó ákvæði 10. gr.

Landlæknir semur leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, er ráðherra staðfestir.

Dánarvottorð ritar löggiltur læknir á eyðublað, er landlæknir gerir úr garði og lætur í té.

## 2. gr.

Þá er maður deyr í kaupstað eða kauptúni, þar sem læknir situr, eða í næsta nágrenni læknis, þó að utan kaupstaðar sé eða kauptúns, og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, skoðar sá hinn sami læknir líkið og ritar að því búnu dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá innan sólarhrings sækja lækni til að skoða líkið og rita dánarvottorð.

## 3. gr.

Þá er maður deyr utan kaupstaðar eða kauptúns, þar sem læknir situr, eða utan næsta nágrennis læknis (sbr. 2. gr.), og læknir hefur stundað hinn látna í banalegunni, ritar sá hinn sami læknir dánarvottorð.

Nú er ekki auðið að ná til læknis þess, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, og skal þá, svo fljótt sem við verður komið, tilkynna hlutaðeigandi héraðslækni mannlátið og skýra honum nákvæmlega frá tildrögum þess. Ritar héraðslæknir síðan dánarvottorð samkvæmt þeim upplýsingum.



## 4. gr.

Þá er maður deyr erlendis eða á höfum úti eða í lofti og líkið er flutt hingað til lands til að gera hér útför hans, fer um ritun og skil dánarvottorðs hins látna eins og hann hefði andazt á þeim stað, þar sem líkið er flutt á land.

## 5. gr.

Dánarvottorð skal ávallt afhenda sóknarpresti eða safnaðarstjóra í því prestakalli, þar sem látið bar að, samkvæmt nánari fyrirmælum 2.—7. málsg. þessarar gr. Nú er jarðsettur hér á landi maður, sem dáíð hefur erlendis, og skal þá dánarvottorð það, er fylgir líkinu, afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfn hans. Sama gildir, þá er sóknarprestur eða safnaðarstjóri aðstoðar við jarðsetningu eða hliðstæða ráðstöfun á ösku látins manns, sem brenndur hefur verið erlendis.

Nú fer útför látins manns fram í prestakallinu, þar sem hann dó, og skal þá dánarvottorð hans afhent þeim sóknarpresti eða safnaðarstjóra, sem annast útfararathöfnina.

Nú annast útfararathöfn prestvígður maður annar en hlutaðeigandi sóknarprestur (safnaðarstjóri), og skal hann þá fullvissa sig um það, áður en athöfnin fer fram, að dánarvottorð hins látna sé fyrir hendi. Hann skal enn fremur annast um, að dánarvottorðið sé, áður en athöfnin fer fram, afhent sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hans látna var, og gildir þetta hvort sem hinn látni var í Þjóðkirkjunni eða utan hennar. Loks skal hann tilkynna útförina bæði sóknarpresti prestakallsins og Hagstofunni innan þriggja daga. — Ákvæði 2. málslíðs þessarar málsg. eiga ekki við, þegar hinn látni hefur dáíð í öðru prestakalli en hann er jarðsettur í, en í þess stað skal hlutaðeigandi annast um, að staðfesting samkvæmt 6. gr. komist í hendur sóknarpresti prestakallsins.

Nú er ekki prestur eða safnaðarstjóra ætlað að aðstoða við útför manns, og skal þá afhenda dánarvottorðið sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hans látna var, og kvittar prestur fyrir viðtöku. Gildir þetta hvort sem hinn látni var í Þjóðkirkjunni eða utan hennar. Er slík útför óheimil, nema fyrir hendi sé vottorð hlutaðeigandi sóknarprests til staðfestingar því, að í vörzlu hans sé dánarvottorð hins látna.

Nú er lík látins manns flutt úr því prestakalli, þar sem hann dó, í annað prestakall til útfarar, og skal þá afhenda dánarvottorð hans sóknarpresti þess prestakalls, þar sem dánarheimili hans var, hvort sem hinn látni var í Þjóðkirkjunni eða utan hennar. Sama gildir, þegar lík er flutt úr landi. Skal þá enn fremur afhenda viðkomandi skipaútgerð eða flugfélagi staðfest eftirrit hlutaðeigandi sóknarprests af dánarvottorði hins látna, og fylgi eftirritið líkinu til móttakanda þess erlendis. Má ekki taka við líki til flutnings til útlanda, nema þessum fyrirmælum sé fylgt.

Ef fleiri en einn sóknarprestur aðstoða við útför, skal afhenda dánarvottorðið þeim sóknarpresti, sem kastar rekum við athöfnina, enda sé um að ræða þau atvik, er um ræðir í 2. málsg. og í 2. og 3. málslíð 1. málsg. þessarar gr.

Reykjavíkurprófastdæmi skoðast sem eitt prestakall við framkvæmd á ákvæðum 2. málsg. og 1. málslíðs 5. málsg. þessarar gr. Heimilt er að ákveða, að sama skuli gilda um tvö eða fleiri prestaköll, sem liggja hvert að öðru.

## 6. gr.

Þá er lík er flutt úr einu prestakalli í annað til útfarar, skal sóknarprestur sá, er veitir dánarvottorðinu viðtöku samkvæmt 1. málslíð 5. málsg. 5. gr., láta í té skriflega staðfestingu þess, að hann hafi fengið það í hendur. Má enginn taka lík til flutnings milli prestakalla, nema því fylgi slík staðfesting, og skal hún fest við

fylgibréfið, þegar um það er að ræða. Sá, er annast líkflutninginn, ber ábyrgð á því, að staðfestingarskjali þessu sé skilað með líkinu, og skal það afhent þeim, er annast útfararathöfn hins látna.

#### 7. gr.

Nú annast útfararstjóri undirbúning að flutningi líks úr einu prestakalli í annað til útfarar, og skal hann þá sjá um öflun staðfestingar þeirrar, er um ræðir í 6. gr., og hann skal jafnframt gera ráðstafanir til, að hún fylgi líkinu til móttakanda. Útfararstjóri, sem annast móttöku líks frá útlöndum (sbr. 2. málslíð 1. málsg. 5. gr.) eða undirbýr flutning líks til útlanda (sbr. 2. málslíð 5. málsg. 5. gr.), skal sömuleiðis sjá svo um, að hlutaðeigandi sóknarpresti sé afhent dánarvottorð hins látna.

#### 8. gr.

Ekki má gera útför manns, nema sá, sem hana annast, hafi áður fengið í hendur dánarvottorð hins látna samkvæmt 5. gr. eða staðfestingu um móttöku dánarvottorðs samkvæmt 6. gr.

Þá er sérstök vandkvæði eru á því vegna fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, að hlutaðeiganda geti borizt dánarvottorð samkvæmt 5. gr., áður en útför er gerð, má í þess stað koma tilkynning (símlíðis eða á annan hátt) frá héraðslækni um, að hann hafi ritað og eigi í sínum vörzlum dánarvottorð hins látna.

#### 9. gr.

Sóknarprestar (safnaðarstjórar) tölusetja og árita dánarvottorð, er þeim berast, og láta þeirra getið við nöfn hinna látnu í dánarskrá ministerialbókar (safnaðar-bókar). Sóknarprestar og safnaðarstjórar láta einnig getið á sama hátt staðfestinga samkvæmt 6. gr., er þeir veita viðtöku.

Sóknarprestar (safnaðarstjórar) skulu senda Hagstofunni dánarvottorð, er þeir veita viðtöku, á sömu tímum og með sömu frestum og þessir aðilar senda Hagstofunni aðrar skýrslur samkvæmt ákvörðun hennar.

Hagstofan semur upp úr dánarvottorðum skýrslur um dánarorsakir hér á landi, í samræmi við alþjóðareglur, sem Ísland hefur gerzt aðili að.

#### 10. gr.

Í mannskaðaskýrslur samkvæmt ákvæðum laga nr. 42/1913 sækir Hagstofan m. a. vitneskju um mannskaða, er verða, án þess að lík finnist, og fyrirmæli um dánarvottorð samkvæmt lögum þessum taka ekki til.

Fyrir andvana fædd börn eru ekki rituð dánarvottorð, en prestar og ljósmæður tilkynna þau Hagstofunni með lifandi fæddum börnum.

Óheimilt er að setja lík andvana fædds barns eða látins ungbarns í kistu með öðru líki, nema hlutaðeigandi presti (safnaðarstjóra) hafi áður verið tilkynnt það. Útfararstjóri ber ábyrgð á því, að þessu ákvæði sé fylgt.

#### 11. gr.

Í viðurkenndum sjúkrahúsum er heimilt að fela sérfræðingi að rannsaka lík látinna sjúklinga í því skyni að leiða ýtarlega í ljós banamein þeirra, sbr. einnig ákvæði 6. gr. laga nr. 66/1933, varðandi rannsókn banameina í sambandi við framkvæmd opinberra sóttvarnarráðstafana. Þá er slík rannsókn fer fram, skal ekki rita dánarvottorð fyrr en niðurstöður hennar eru kunnar.

#### 12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum, allt að 1000 krónum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum.

## 13. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 8. maí 1950, um dánarvottorð og dánarskýrslur.

Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1960.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1960 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga	kr. 1 222 300 000.00	kr. 1 188 471 042.75
2.	—	—	—	262 900 000.00	— 271 167 819.45
3.	—	3. — A.	—	10 000.00	— 184 356 35
4.	—	3. — B.	—	2 293 000.00	— 5 633 705.31
5.	—	4. —	—	13 700 000.00	— 22 198 942.52
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	5. —	—	600 000.00	— 113 124 783.27
				kr. 1 501 803 000.00	kr. 1 600 780 649.65
Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr. 9 878 739.00	kr. 2 099 824.05
2.	—	8. —	—	1 473 210.00	— 1 517 206.85
3.	—	9. —	—	10 550 000.00	— 11 365 821.31
4.	—	10. — I.	—	19 577 867.00	— 19 525 610.77
5.	—	10. — II.	—	22 503 719.00	— 23 668 786.28
6.	—	11. — A.	—	76 144 631.00	— 76 023 077.13
7.	—	11. — B.	—	27 916 777.00	— 27 968 585.27
8.	—	11. — C.	—	1 750 000.00	— 1 619 639.10
9.	—	12. —	—	44 803 992.00	— 41 741 051.27
10.	—	13. — A.	—	90 964 408.00	— 92 815 430.17
11.	—	13. — B.	—	19 341 500.00	— 22 715 392.16
12.	—	13. — C.	—	26 144 921.00	— 27 035 351.11
13.	—	13. — D.	—	9 513 984.00	— 9 760 750.38
14.	—	13. — E.	—	4 481 307.00	— 4 642 873.81
15.	—	13. — F.	—	4 114 825.00	— 3 619 180.38
16.	—	14. — A.	—	166 582 572.00	— 164 867 187.13
17.	—	14. — B.	—	12 563 918.00	— 12 742 880.83

18. Gjöld samkvæmt	15. gr.	fjárlaga . kr.	13 392 206.00	kr.	13 192 665.43
19. — —	16. — A.	— . —	79 501 732.00	—	76 231 094.23
20. — —	16. — B.	— . —	19 748 389.00	—	24 895 714.23
21. — —	16. — C.	— . —	4 403 000.00	—	4 518 721.25
22. — —	16. — D.	— . —	36 561 664.00	—	36 516 661.08
23. — —	16. — E.	— . —	8 796 523.00	—	8 327 301.44
24. — —	17. —	— . —	320 665 129.00	—	319 818 670.78
25. — —	18. —	— . —	28 447 147.00	—	28 891 258.30
26. — —	19. — 1.	— . —	302 900 000.00	—	259 807 584.06
27. — —	19. — 2.	— . —	5 000 000.00	—	5 000 000.00
28. — —	19. — 3.	— . —	5 000 000.00	—	2 440 275.61
29. — —	19. — 4.	— . —	6 000 000.00	—	—
30. — —	19. — 5.	— . —	5 000 000.00	—	8 938 622.59
31. Eignahreyfingar	samkv. 20. gr.	fjárlaga	— 117 462 082.00	—	217 791 205.33
Mismunur	.....	—	618 758.00	—	50 682 227.32
			kr. 1 501 803 000.00	kr. 1 600 780 649.65	

*Gjört að Bessastöðum, 25. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Í 11. gr. laganna bætist ný málsgr., sem verður 1. málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fengnum tillögum sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skuli prestssetur á hentugri stað í prestakalli. Ákvörðun um þetta efni skal birta með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldir e- og f-liður 1. gr. laga nr. 17 20. apríl 1959.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 13 29. marz 1961, um breyting á lögum nr. 17  
10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Aftan við 2. málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábyrgðarheimild sú, sem fjármálaráðherra er veitt í 2. málsgr., skal hækka um 400 milljónir króna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

**2. gr.**

Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr., og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

**3. gr.**

Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

## 4. gr.

Heimilt er að samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, vangreiðslu á hluta gjalda, fyrirframgreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupum fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lýtur að innheimtu gjalda. Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð.

## 5. gr.

Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, samkv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar, sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðilja um innheimtuna.

Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafði í einu lagi.
2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

## um tekjustofna sveitarfélaga.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Almenn ákvæði.

## 1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Aðstöðugjald.
- c. Framlög úr Jöfnunarsjóði. (Hluti af söluskatti og landsútsvör).
- d. Útsvör.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

## 2. gr.

Auk tekna, samkvæmt 1. gr., hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o. fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

## II. KAFLI

## Um fasteignaskatt.

## 3. gr.

Á allar fasteignir, sbr. þó 6. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélaga, þar sem fasteign er.

Skattur þessi skal miðaður við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

- a. 2% af virðingarverði byggingarlóða.
- b. 1% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. ½% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lendna.

## 4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins, sem reiknast af heilum þúsundum virðingarverðs, og skal sleppa því, sem umfram er. Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Gjalddagi skattsins er 15. janúar.

## 5. gr.

Með reglugerð, sem ráðherra staðfestir, getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. með allt að 200% álagi.

## 6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú er hús sumpart notað til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot samkvæmt mati fasteignamatsmanna.

## 7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

## III. KAFLI

## Um aðstöðugjald.

## 8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr., svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsþarfa, sláturhús, mjólkurbú og oliufélög, sem greiða landsútsvar.

## 9. gr.

Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja.

Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.

#### 10. gr.

Aðstöðugjald má eigi herra vera en hér greinir:

- a. Allt að  $\frac{1}{2}\%$  af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. — —  $1\%$  — — verzlunarskipa.
- c. — —  $1\frac{1}{2}\%$  — hvers konar iðnaðarrekestri.
- d. — —  $2\%$  — öðrum atvinnurekstri.

Aðstöðugjald af rekstri fiskiskipa og hvers konar starfsemi við fiskvinnslu má eigi nema hærri hundradshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en veltuútsvar var á hverjum stað árið 1961. Heimilt skal þó sveitarfélögum, sem ekki lögðu á veltuútsvör, eða lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1961, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík það ár, að hækka aðstöðugjald allt að þeim hundradshluta, sem veltuútsvör þar voru þá á lögð.

#### 11. gr.

Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum um króna.

Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.

Gjaldddagi aðstöðugjalds er 1. júlí.

#### 12. gr.

Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef

- a. hann rekur þar fiskikaup, fiskiverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Skýlt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 9. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætlafr skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn framtalsnefndar eða hreppsnefndar.

#### 13. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 10. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

#### 14. gr.

Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.

### IV. KAFLI

#### Um jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

#### 15. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Að greiða framlag til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga.



- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkvæmt 34. gr.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

## 16. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Ríkissjóður greiðir  $\frac{1}{5}$  hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári. Nú reynist svo eitthvert ár, að  $\frac{1}{5}$  hluti söluskatts nær eigi lágmarksársgreiðslu (56 millj. krónum) ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs, og má þá draga mismuninn frá greiðslum ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs næsta eða næstu ár á eftir, ef fimmtungur söluskatts nemur þá hærri fjárhæð en lágmarksársgreiðslu til sjóðsins.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

- b. Landsútsvör samkvæmt 17.—19. gr. laga þessara.

## 17. gr.

Landsútsvör greiða:

- a. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b. Sildarverksmiðjur ríkisins, Áburðaverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- c. Olíufélög, sem flytja inn olíur og olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu innanlands.

## 18. gr.

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr. a.
- b.  $1\frac{1}{2}$ % af heildarsölu stofnana þeirra, er um getur í 17. gr. b.
- c.  $1\frac{1}{3}$ % af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. c.

## 19. gr.

Gjaldendur greiða landsútsvör sín til Jöfnunarsjóðs. Greiðslunni skal fylgja greinargerð um fjárhæð landsútsvarsins.

## 20. gr.

Félagsmálaráðuneytið annast úthlutun framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en  $\frac{3}{4}$  hlutum skal ásamt söluskatti, samkvæmt 16. gr. a, skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái herra framlag en nemi 60% af samantöldum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum s. l. ár, sbr. þó 15. gr. d.

Fé því, sem ekki verður úthlutað vegna ákvæðisins um 60% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð samkvæmt ákvæðum 15. gr.

Við úthlutun framlaga samkvæmt grein þessari er ráðherra heimilt að halda eftir 1% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr., unz sjóðurinn nemur allt að kr. 5 000 000.00.

#### 21. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna samkvæmt 20. gr. skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. maí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

#### 22. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkvæmt 15. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Ráðuneytið getur sett það skilyrði fyrir aukaframlagi, að sveitarstjórn hafi notað heimildir til hækkunar fasteignaskatta, sbr. 5. gr., og til innheimtu aðstöðugjalda samkvæmt III. kafla.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 21. gr.

#### 23. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Skal sjóðurinn vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkvæmt 20. gr., greiðslur samkvæmt 15. gr., svo og afgreiðslur á vegum sjóðsins.

#### 24. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

#### 25. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 26. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um gjalddaga og innheimtu landsútsvara samkvæmt 19. gr.

### V. KAFLI

#### Um útsvör.

##### A. Almennt um útsvör.

#### 27. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að útsvörin ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 34. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði d-liðs 15. gr. laga þessara.

*B. Um útsvarsskyldu.*

## 28. gr.

Eftirtaldir aðilar eru útsvarsskyldir, sbr. þó 29. gr. og 67. gr., með þeim takmörkunum, sem um getur í 31.—36. gr. laga þessara:

- a. Allir, sem eiga lögheimili hér á landi samkvæmt lögum nr. 35/1960, um lögheimili.
- b. Hlutfélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna, kaupfélög og önnur samvinnufélög, sameignarfélög og samlög. Nú eru ekki fleiri en þrjú félög í sameignarfélagi með persónulegri ábyrgð, og er útsvar þá ekki lagt á félagið sjálft, heldur á hvern einstakan félagsmann, nema tilmæli komi um það frá félaginu einu ári áður en tekjur eru taldar fram.
- c. Sjóðir og stofnanir, sem reka atvinnu, svo og dánar- og þrotabú, sem tekjur hafa eða eiga eignir.
- d. Útlendingar, sem stunda atvinnu skemmri eða lengri tíma hér á landi eða á íslenskum skipum, sbr. lög nr. 22/1956. Sama gildir um íslenska ríkisborgara, sem ekki hafa lögheimili á Íslandi.
- e. Aðrir aðilar, sem ekki hafa lögheimili eða aðsetur hér á landi, en reka hér atvinnu eða eiga hér arðbærar eignir.

## 29. gr.

Undanþegnir útsvari eru:

- a. Forseti Íslands.
- b. Fyrirsvarsmenn annarra ríkja, sem hér dveljast, erlendir starfsmenn sendiráða og annað erlent þjónustufólk þeirra, vegna þeirra eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir slík störf.
- c. Starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast erlendis, vegna eigna og tekna, sem þeim hlotnast fyrir þau störf.
- d. Giftar konur, nema þær eigi séreign eða hjúskapareign, sem gefa verulegan arð, hafi atvinnu aðra en heimilisstörf, eða hafi slitið samvistum við bónda sinn, en þá má leggja útsvar á þær.
- e. Þeir, sem greiða landsútsvar, sbr. 17. gr., þó ekki olúfélög, sbr. 17. gr. c.
- f. Félag, sem enga atvinnu reka, svo sem félag til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líkvarfélög, stjórnmalafélög, trúarbragðafélög o. fl.
- g. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka.

## 30. gr.

- a. Hvert sveitarfélag leggur útsvar á sína íbúa, sbr. 13. gr. laga nr. 35/1960, um lögheimili.
- b. Á aðra aðila skal lagt í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram.
- c. Þar í sveit skal útsvar gjalda, sem það var á lagt, og á hún allt útsvarið.
- d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga, ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt.
- e. Engin sveit getur þó krafizt hluta af útsvari, nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjú mánuði á árinu, sem hann flutti. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
- f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning, skal senda til sveitarstjórnar heimilissveitar fyrir lok aprílmánaðar.

- g. Að lokinni niðurjöfnun sendir sveitarstjórnin kröfuna, með umsögn, til skattstjórans í umdæmi sínu til úrskurðar, nema samkomulag verði um aðra málsmeðferð.
- h. Skattstjóri sendir báðum (öllum) aðildarsveitum þegar úrskurð um skiptinguna, og er heimilt að áfrýja til ríkisskattanevndar.
- i. Áfrýjunarfrestur er mánuður, frá því tilkynning um úrskurð var póstlögð.
- j. Eigi verður útsvar lagt á aðila nema í einu sveitarfélagi á sama ári.
- k. Nú stundar gjaldþegn fasta atvinnu utan heimilissveitar og meiri hluti atvinnutekna hans stafar frá þeirri atvinnu, en útsvör verða talin hlutfallslega lægri í heimilissveit hans en atvinnusveit, svo að nemi a. m. k. 10%, og getur þá atvinnusveit krafizt þess, þótt útsvari gjaldþegns sé ekki skipt, að hann greiði henni útsvar, sem nemur þeirri upphæð, er honum hefði borið að greiða í atvinnusveit umfram það, er hann greiðir í heimilissveit. Heimilissveit er skylt að innheimta útsvarsauka þennan, samkvæmt úrskurði skattstjóra í umdæmi heimilissveitar, og standa atvinnusveit skil á honum. Úrskurði skattstjóra má áfrýja til ríkisskattanevndar eftir almennum reglum, sbr. i-lið. Gjaldþegn getur og áfrýjað með sama fresti.

### C. Upphæð einstakra útsvara.

#### 31. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

#### 32. gr.

Útsvör skulu vera sem hér segir:

#### A. Af hreinum tekjum greiða:

##### 1. Einstaklingar:

Af 15— 20 þús. kr. greiðist kr.	200	af	15 þús. kr. og 14%	af afgangi.
— 20— 25 — — — —	900	—	20 — — —	16% — —
— 25— 30 — — — —	1700	—	25 — — —	18% — —
— 30— 40 — — — —	2600	—	30 — — —	20% — —
— 40— 50 — — — —	4600	—	40 — — —	22% — —
— 50— 60 — — — —	6800	—	50 — — —	24% — —
— 60—100 — — — —	9200	—	60 — — —	25% — —
— 100 þús. kr. og þar yfir	19200	—	100 — — —	30% — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldufrádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

Auk frádráttar þess, er hér um ræðir, er heimilt að draga frá útsvari samkvæmt 1. mgr. allt að kr. 800.00, þannig, að útsvör allra verði lækkuð um hér um bil sömu fjárhæð.

Heimilt er að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 kr.

##### 2. Félög:

Af 1—75 þús. kr.	greiðist 200 kr. af	1 þús. kr. og 20%	af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	— 15000 — —	75 — — —	30% — —

**B. Af hreinum eignum greiðist:**

Af 40— 70 þús. kr.	greiðast 100 kr. af	40 þús. kr. og	5% af afg.
— 70—100 — —	— 250 — —	90 — —	6% — —
— 100—150 — —	— 430 — —	100 — —	7% — —
— 150—200 — —	— 760 — —	150 — —	8% — —
— 200—250 — —	— 1180 — —	200 — —	9% — —
— 250 þús. kr. og þar yfir	— 1630 — —	250 — —	10% — —

**33. gr.**

Lækka skal útsvör gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 32. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

- Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
- Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
- Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

**34. gr.**

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 32.—33. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlunin segir til um, og skal þá lækka eða hækka hvert útsvar að rétri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

**35. gr.**

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 kr. eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

**36. gr.**

Sameignarfélög, þar með talin samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, greiða ekki útsvar af þeim tekjum, sem skipt er milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í afurðasölu eða afurðavinnslu félagsins og lagt er á útsvar hjá þeim.

Samvinnufélög greiða ekki útsvar af arði, sem stafar af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta framtalsnefndum eða hreppsnefndum í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætlar framtalsnefnd eða hreppsnefnd viðskiptin og arð af þeim. Kæra má áætlanir nefndanna eftir almennum reglum um útsvarskærur.

**D. Um álagningu útsvara.****37. gr.**

Bæjarstjórn kýs eftir hverjar reglulegar bæjarstjórnarkosningar 3—5 menn, og jafnmarga til vara, í framtalsnefnd til fjögurra ára, nema ákveðinn hafi verið skemmri kjörtími fyrir nefndina. Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á sæti í framtalsnefnd. Ekki á hann atkvæðisrétt í nefndinni, nema bæjarstjórn hafi kosið hann í hana. Kjósa má skattstjóra eða umboðsmann hans formann framtalsnefndar, þó að hann eigi þar eigi atkvæðisrétt.

## 38. gr.

Í hreppum annast hreppsnefnd störf framtalsnefndar, samkvæmt 42. gr., ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Hreppsnefnd getur þó falið 1—3 mönnum úr sínum hópi, og er sveitarstjóri þar með talinn, að annast störf framtalsnefndar, ásamt skattstjóra eða umboðsmanni hans.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans á ekki atkvæðisrétt um störf framtalsnefndar í hreppsnefnd, nema hann sé jafnframt hreppsnefndarmaður eða hafi verið kosinn til starfanna af hreppsnefnd, en fela má honum forustu þessara starfa.

## 39. gr.

Um kjörgengi til framtalsnefnda og skyldu til setu í framtalsnefnd fer samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga um kjörgengi til sveitarstjórna og skyldu til setu í sveitarstjórn.

Ákvæði sveitarstjórnarlaga um fundahöld sveitarstjórna gilda um framtalsnefndir eftir því, sem við getur átt.

## 40. gr.

Skattstjóri eða umboðsmaður hans skal veita þeim, er annast framtalsnefndarstörf, aðgang að öllum skattframtölum.

Framtalsnefndarmönnum, hreppsnefndarmönnum og öðrum þeim, sem annast störf framtalsnefnda, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að við framtalsnefndarstörf um hagi gjaldþegna.

## 41. gr.

Þóknun til skattstjóra eða umboðsmanns hans fyrir framtalsnefndarstörf er innifalin í launum hans, en sveitarstjórn ákveður þóknun til annarra fyrir slík störf, sem greiðist úr sveitarsjóði.

## 42. gr.

Hlutverk framtalsnefndar er:

- a. að rannsaka skattframtölin og úrskurða til útsvarsálagningar, sbr. þó 2. mgr.,
- b. að áætla tekjur og eignir þeirra, sem ekki hafa skilað skattframtali innan lögboðins frests, en við þá áætlun skal miða álagningu útsvara á þessa aðila,
- c. að ákveða, að hverju leyti skuli til greina taka ýmis atvik í sambandi við álagningu útsvara, sem lög ákveða eða heimila að tillit sé tekið til, sbr. 33. gr.,
- d. að semja skrá yfir tekjur og eignir gjaldenda, sem miða skal útsvörin við, samkvæmt stafliðum a—c,
- e. að senda skrá þá, sem um ræðir í d-lið hér að framan, til hlutaðeigandi skattstjóra, ásamt upplýsingum um upphæð útsvara samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins,
- f. að úrskurða allar kærur vegna útsvarsálagninga, sem fram kunna að koma, samkvæmt 52. gr. laga þessara.

Nú hyggst framtalsnefnd eða hreppsnefnd breyta framtali gjaldanda í óhag, er hún úrskurðar það, sbr. a-lið þessarar greinar, og skal hún þá tilkynna honum þá fyrirætlun og gefa honum kost á að gæta réttar síns. Þetta ákvæði gildir þó ekki um leiðréttingar á augljósum villum, svo sem færslum í framtölum, sem brjóta í bága við lagafyrirmæli, eða reikningssekkjum.

## 43. gr.

Störfum þeim, sem um ræðir í 42. gr. a—e, skal vera lokið fyrir lok apríl-mánaðar ár hvert.

## 44. gr.

Skattstjóri annast álagningu útsvara í skattaumdæmi sínu, sbr. þó 45. gr.

Við álagningu útsvaranna er hann bundinn við skrá þá um tekjur og eignir, sem um ræðir í 42. gr. d. Skattstjóri skal þó breyta skránni, ef í ljós kemur við athugun hans og endurskoðun skattframtala:

- a. að leiðrétting á reikningsskekkjum krefst þess,
- b. að ekki hefur verið fylgt gildandi lögum um framtal tekna, eigna, skulda eða frádráttar gjalda,
- c. að nýjar upplýsingar liggja fyrir, t. d. launamiðar, sem ekki var kunnugt um, þegar skráin var samin.

## 45. gr.

Í hreppum með færri en 500 íbúa er sveitarstjórn heimilt að leggja á útsvör án milligöngu skattstjóra, sem lætur þeim þá í té afrit af skattskrá hreppsins til hliðsjónar við álagninguna. Hreppsnefnd gerir síðan skrá um álagninguna, sem skal vera lokið 20. júní ár hvert. Að öðru leyti gilda um álagningu hreppsnefnda ákvæði laga þessara.

## 46. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattaumdæmi sínu, þegar hann hefur lokið álagningu útsvaranna, samkvæmt 44. gr.

Skrá þessa skal hann síðan senda hlutaðeigandi sveitarstjórn til innheimtu eigi síðar en 20. júní ár hvert.

*E. Um gjalddaga og innheimtu.*

## 47. gr.

Gjalddagar útsvara skulu vera tveir. Annan helming útsvara skal greiða fyrir 15. júlí, en hinn helminginn fyrir 15. október.

Sveitarstjórn getur þó ákveðið aðra gjalddaga á útsvörum eftir þessum reglum:

- a. Með fimm jöfnum greiðslum, er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, jafnháa allt að helmingi þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Sveitarstjórn setur nánari reglur um þessar greiðslur fyrir 15. janúar ár hvert og auglýsir þær á þann hátt, er venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað. — Nú hafa tekjur gjaldanda á útsvarsárinu verið lægri en á næsta ári áður, svo að nemi 30% eða þar yfir, eða ástæður hans versnað með öðrum hætti svo mjög, að vænta megi þess, að mun lægra útsvar verði lagt á hann en árið áður, og getur hann þá krafizt lækkunar á útsvarsgreiðslum samkvæmt þessum staflið. Hreppsnefnd eða framtalsnefnd ákveður lækkunina. Nú verður ljóst, þegar niðurjöfnun útsvara lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagt útsvar, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt ½% vöxtum fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem féð var í vörzlum sveitarsjóðs.
- b. Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber samkvæmt a-lið, ber gjaldanda að greiða með allt að fimm jöfnum greiðslum á tímabilinu frá 1. ágúst til 1. desember eftir ákvörðun sveitarstjórnar, 1. ágúst, 1. sept., 1. okt., 1. nóv. og 1. des.
- c. Allar greiðslur samkvæmt þessari grein skulu inntar af höndum í heilum krónum eða heilum eða hálfum tug króna, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.
- d. Vangreiðsla á útsvarshluta samkvæmt þessari grein veiddur því, að allt útsvar gjaldandans á gjaldárinu fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar, eftir að álagningu er lokið.

## 48. gr.

- a. Kaupgreiðendur ábyrgjast, að útsvarsgjaldendur, sem þeir greiða kaup, standi skil á útsvari sínu, álögðu á gjaldárinu, á gjalddögum, sem ákveðnir verða samkvæmt 47. gr., eða þegar kaup fellur til útborgunar eftir gjalddaga, og er kaupgreiðanda rétt og skylt að halda eftir af kaupinu til útsvarsgreiðslunnar, enda hafi áður komið fram krafa frá sveitarstjórn til kaupgreiðanda um, að hann haldi eftir af kaupinu fyrir útsvarsgreiðslunni.
- b. Vilji sveitarstjórn haga innheimtunni á þann veg, sem segir í a-lið, skal hún senda hverjum kaupgreiðanda í tæka tíð tilkynningu um útsvör þeirra gjaldenda, sem kaupgreiðandi hefur í þjónustu sinni og ætlazt er til, að kaupgreiðandi greiði, og senda jafnframt þrírtaða kvittanaeyðublaðabók, er sýni glögg, að um útsvarsgreiðslur sé að ræða. Skal kaupgreiðandi láta útsvarsgreiðanda í té slíka kvittun í hvert sinn, er hann greiðir upp í útsvar sitt. Samriti af kvittuninni ber kaupgreiðanda að skila, um leið og hann afhendir útsvarsgreiðsluna til sveitarsjóðs.
- c. Orðið kaup tekur til hvers konar kaups, launa, aflahlutar eða annarrar þóknunar, þ. á m. eftirlauna, hvort sem greitt er samkvæmt vinnusamningi, ákvæðisvinnusamningi eða öðrum samningum eða ákvörðunum.
- d. Kaupgreiðandi telst sérhver sá, sem innir framangreindar greiðslur af hendi, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra, þ. á m. kaupgreiðslustöðvar. Taki hlutarmaður aflahlut sinn og selji öðrum, telst kaupandinn kaupgreiðandi.
- e. Sveitarstjórn getur og gert kröfu um, að kaupgreiðendur haldi eftir af kaupum kaupþega til greiðslu á eldri útsvarsskuldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.
- f. Til lúknings greiðslum samkvæmt e-lið skal þó ekki haldið eftir meira en  $\frac{1}{2}$  hluta af því kaupum, sem til útborgunar á að koma hverju sinni, hjá útsvarsgjaldanda, sem á fyrir heimili að sjá, en ella  $\frac{1}{3}$ . Ekki má krefja útsvarshluta af manni samkvæmt e- og f-liðum, ef kaup hans fullnægir ekki brýnustu lífsþörfum hans, að dómi framfærslunefndar.
- g. Allir kaupgreiðendur skulu, þegar sveitarstjórn krefst þess, skyldir til að láta henni í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því sem sveitarstjórn óskar, um nöfn starfsmanna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu þeirra, fæðingardag og ár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig kaup er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem sveitarstjórn óskar að fá vitneskju um vegna innheimtu útsvara af kaupum. Sveitarstjórn getur krafist um framangreindar skýrslur með munnlegri kröfu eða skriflegri svo og með almennri auglýsingu, og setur sveitarstjórn kaupgreiðendum frest til að skila skýrslum.
- h. Allir, sem hafa með höndum atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkafólks, skulu að kröfu sveitarstjórnar skyldir til að senda henni kaupskrár sínar eða afrit af þeim það snemma, að unnt sé að gera kröfu um útsvarsgreiðslur þeirra, er við kaupum eiga að taka, áður en til útborgunar kemur.
- i. Kaupgreiðandi, sem skyldur er að halda eftir af kaupum samkvæmt því, er í grein þessari segir, skal við hverja útborgun, þar með taldar hvers konar greiðslur upp í kaup, draga af kaupum útsvarsgjaldanda fjárhæð, er nægir, til greiðslu samkvæmt a-lið og heimilt að draga af kaupum samkvæmt e- og f-liðum, svo og 10% af kaupum daglaunafólks, þó ekki af lægri kaupupphæð en 100 krónum, og skila sveitarstjórn því, sem þannig er haldið eftir, innan tveggja virkra daga frá útborgunardegi, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgjaldandann. Nú er kaup greitt að einhverju leyti í öðru en peningum, svo sem með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum, og skulu þá þessi hlunnindi talin með kaupgreiðslu á því verði, sem þau eru almennt metin til skatts á hverjum stað.



- j. Nú hættir útsvarsgjaldandi að taka kaup hjá kaupgreiðanda, er krafinn hefur verið um greiðslu upp í útsvar hans, áður en umkrafinn útsvarsskuld er að fullu greidd, og skal kaupgreiðandi þá tafarlaust tilkynna sveitarstjórn brottför útsvarsgreiðanda.
- k. Útsvarsgjaldandi og kaupgreiðandi mega ekki slíta vinnusamningi fyrir það eitt, að krafizt hefur verið útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldanda.
- l. Ef kaupgreiðandi:
1. vanrækir að láta sveitarstjórn í té umkrafðar skýrslur og upplýsingar um útsvarsgjaldendur innan tiltekins frests,
  2. greiðir útsvarsgjaldanda kaup án þess að halda eftir þeirri fjárhæð, sem skylt var samkvæmt þessari grein,
  3. skilar eigi til sveitarstjórnar eða umboðsmanna hennar, svo sem hér segir í i- og j-liðum,
  4. tilkynnir ekki brottför útsvarsgreiðanda, svo sem segir í j-lið, þá ábyrgist hann sem geymslufé þá fjárhæð, sem var haldið eftir hjá útsvarsgjaldanda upp í skuld hans, en sem eigin útsvarsskuld það, sem halda hefði mátt eftir, ef kaupgreiðandi hefði ekki vanrækt skyldur þær, sem honum bar að rækja samkvæmt þessari grein. Má gera lögtak hjá kaupgreiðanda til tryggingar þessum skuldum eftir sömu reglum og gera hefði mátt lögtak hjá útsvarsgjaldanda sjálfum.
- m. Útsvarsgjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til kaupgreiðanda samkvæmt þessari grein, á rétt til endurgreiðslu beint úr sveitarsjóði, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt sveitarsjóðnum útsvarið eða ekki.
- n. Sveitarstjórn setur nánari reglur um innheimtu útsvara eftir þessari grein.

## 49. gr.

Á sama hátt og með sömu viðurlögum og í 48. gr. segir getur sveitarstjórn eða innheimtumaður, er hún setur fyrir sig, krafizt útsvarsgreiðslu af kaupum gjaldþegns hjá kaupgreiðanda í öðru sveitarfélagi svo og skýrslna um starfsmenn, sbr. g- og h-liði, þó ekki með almennri auglýsingu.

## 50. gr.

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar álagning fer fram.

## VI. KAFLI

## Sameiginleg ákvæði.

## A. Um kærur og áfrýjun.

## 51. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur fengið útsvarsskrá, sbr. 46. gr., og skrá um aðstöðugjöld, sbr. 14. gr., eða lokið álagningu samkv. 45. gr., skulu skrárnar lagðar fram á þingstað sveitarfélagsins eða öðrum hentugum stað og vera til sýnis fyrir almenn-ing í tvær vikur. Jafnframt skal framlagning skráanna auglýst í blöðum á staðnum eða með öðrum hætti.

## 52. gr.

Rétt er gjaldendum að kæra útsvar og aðstöðugjald, sem þeim er gert að greiða. Kærur út af útsvari eða aðstöðugjaldi skulu vera bréflugar og sendar réttum úrskurðaraðila, áður en liðinn er sá tími, sem gjaldskrárnar eiga að liggja frammi, sbr. 51. gr.

Úrskurðir um slíkar kærur skulu vera rökstuddir, og gjöldunum ber að breyta

eftir því, sem efni standa til. Kærur skal úrskurða svo fljótt sem unnt er, og eigi síðar en 30 dögum eftir kærufrest.

Sendu skal kærendum í ábyrgðarbréfi afrit af úrskurðunum þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Samtímis ber framtalsnefndum og skattstjóra að senda sveitarstjórn afrit úrskurðanna.

#### 53. gr.

Nú hyggst úrskurðaraðili breyta gjaldi til hækkunar, sbr. 52. gr., og skal þá gjaldandanum tilkynnt um þá fyrirætlun og honum gefinn kostur á að gæta réttar síns.

Sama gildir, ef fyrirhuguð er álagning gjalds á aðila, sem ekki var lagt á, samkvæmt framlögðum skrám.

#### 54. gr.

Útsvarskærur ber að senda til formanns framtalsnefndar eða oddvita hreppsnefndar, en framtalsnefnd eða hreppsnefnd leggur úrskurð á kærurnar.

Kærur út af aðstöðugjaldi ber að senda skattstjóra, sem úrskurðar þær.

#### 55. gr.

Nú vill gjaldandi ekki una úrskurði um útsvar eða aðstöðugjald, sbr. 54. gr., og er honum þá rétt að áfrýja úrskurðinum skriflega til ríkisskattanefndar.

Áfrýjunarfrestur er 21 dagur frá því að afrit úrskurðar var póstlagt, sbr. 4. mgr. 52. gr.

Áfrýjun úrskurðar um aðstöðugjald ber að senda beint til ríkisskattanefndar, en áfrýjun úrskurðar um útsvar ber að senda til skattstjóra, sem gefa skal skriflega umsögn um kærumálið. Umsögn sína sendir skattstjóri síðan ásamt áfrýjunarskjali og öðrum gögnum til ríkisskattanefndar, svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 4 vikum eftir að hann fékk málið til umsagnar.

Þegar sveitarstjórn leggur á útsvörin, samkvæmt 45. gr., ber að senda áfrýjun úrskurðar um útsvarskæru beint til ríkisskattanefndar.

#### 56. gr.

Ríkisskattanefnd fellir úrskurð í málum þeim, er henni berast, sbr. 55. gr., svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 6 vikum eftir að henni barst málið, nema fresta verði úrskurði lengur vegna öflunar frekari gagna.

Ríkisskattanefnd ber að rökstyðja úrskurði sína.

Sendu ber hlutaðeigandi gjaldendum og sveitarstjórnnum afrit af úrskurðum nefndarinnar þegar eftir uppkvaðningu þeirra.

Úrskurðir ríkisskattanefndar eru fullnaðarúrskurðir um upphæð gjalda.

#### 57. gr.

Sama rétt og gjaldendur hafa til þess að kæra út af aðstöðugjaldi til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar hafa og sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli.

#### 58. gr.

Kæra eða áfrýjun leysir ekki gjaldanda frá þeirri skyldu að greiða gjald sitt á réttum gjalddaga, en verði gjald hans lækkað, skal það endurgreitt, sem ofgöldið hefur verið.

### B. Ýmis ákvæði.

#### 59. gr.

Nú þykir sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda á reikningsárinu, og getur þá sveitarstjórn ákveðið hækkun álagðra útsvara, samkvæmt

V. kafla laga þessara, sem svarar því, sem á vantar, þannig að öll útsvör verði hækkuð eftir ákveðnu hundraðshlutfalli.

Álögð útsvör, að viðbættri hækkun, mega eigi hærra vera en fyrir er mælt í 34. gr. 2. mgr.

#### 60. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að nota heimild 59. gr. um hækkun gjalda, og skal hún þá auglýsa þá ákvörðun sína með sama hætti og framlagningu gjaldskrár, sbr. 51. gr.

Viðbótargjöld þessi falla í gjalddaga viku eftir birtingu auglýsingarinnar.

#### 61. gr.

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari grein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

#### 62. gr.

Ef gjöld samkvæmt II., III., IV. og V. kafla laga þessara eru ekki greidd, áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða sveitarsjóði dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður þar fram yfir frá gjalddaga, unz gjaldið er greitt.

#### 63. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir í 62. gr., svo og dráttarvexti má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

#### 64. gr.

Nú hefur álagning aðstöðugjalda eða útsvara af einhverjum ástæðum dregizt svo, að gjöld þessi verða eigi innheimt á réttum gjalddögum, samkvæmt lögum þessum, og getur ráðuneytið þá hlutast til um, að álagning fari fram svo fljótt sem unnt er.

Gjalddagi skal þá vera einni viku eftir að gjaldskrár voru lagðar fram.

#### 65. gr.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofna samkvæmt II., III. og IV. kafla, og sker þá ráðherra úr. Heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

#### 66. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að breyta gjalddögum þeirra gjalda, sem renna eiga í sveitarsjóð, til samræmis við gjalddaga útsvara.

#### 67. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenzkra aðilja, sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum og eignum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

#### 68. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin eftirfarandi lög:

Lög nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör, ásamt breytingarlögum nr. 59/1947, 53/1950, 48/1954, 24/1960 og 43/1960.

Lög nr. 47 4. júlí 1924, um aukaútsvör ríkisstofnana.

I. kafli laga nr. 67 12. apríl 1945, um fasteignaskatt til bæjar- og sveitarfélaga.

Lög nr. 19 13. apríl 1960, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Enn fremur eru úr gildi fallin öll lagaákvæði, sem brjóta í bág við lög þessi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Nýbýli, sem stofnuð eru úr landi einstaklinga, njóta því aðeins þeirra réttinda, er um getur í 47. gr., að stofnandi býlisins hafi eignarumráð á því landi, sem býlinu fylgir, og að landið sé laust við öll veðbönd, þegar stofnunarheimild er útgefin.

#### 50. gr.

Þegar nýbýli er stofnað í landi jarðar, skal þess gætt, að jörðin hafi eftir minnst 10 ha. tún, ef verið hefur svo stórt, og svo mikið landrými, að nægilegt teljist til búskapar að dómi nýbýlastjórnar.

#### 51. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að láta reisa nýbýli samkvæmt þessum kafla, eitt eða fleiri, á jörðum ríkisins, sem losna úr ábúð. Einnig er henni heimilt að kaupa lönd í sama skyni. Skal þá undirbúningur undir stofnun býlanna vera með sama hætti og stofnun nýbýla í byggðahverfum og forkaupsréttur að býlunum með sama hætti.

#### 52. gr.

Nú vill eigandi nýbýlis selja það eða verður að láta það af hendi, og skal þá, ef fram er tekið í samningi, með samþykki landnámsstjóra, sá, er landið lét af hendi af eign sinni, og börn hans, eiga forkaupsrétt að því fyrir kostnaðarverð, að frádreginni fyrningu, enda sjái kaupandi um, að nýbýlið sé í sérstakri ábúð. Þetta gildir þó því aðeins, að nýbýlið sé stofnað á landi einnar jarðar. Að öðru leyti gilda um sölu og afhendingu nýbýlis samkvæmt þessari grein sömu reglur og í byggðahverfum, sbr. 41. gr.

### VIII. KAFLI

#### Um endurbyggingu eyðijarða, eftirlit með ábúð á jörðum og sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komið.

#### 53. gr.

Skýlt er nýbýlastjórn að sporna við því eftir föngum, að jarðir (sérmetnar) fari í eyði, sem að dómi trúnaðarmanna nýbýlastjórnar og jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands eru vel fallnar til jarðræktar og búrekstrar. Skal hún hafa um það samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að notaðar séu heimildir ábúðarlaganna til að koma í veg fyrir jarðníðslu og að byggilegar jarðir séu lagðar í eyði. Nýbýlastjórn ber enn fremur að vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, að jarðir, sem komnar eru í eyði, en veita þau skilyrði til búrekstrar, er að framan greinir, byggist aftur þar til hæfum mönnum. Skýlt er hreppstjóra

hverjum að senda nýbýlastjórn skýrslu um hver áramót um allar jarðir í hreppnum byggðar og óbyggðar, þar með taldar þær jarðir, er 3. gr. ábúðarlaganna ræðir um. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirsögn nýbýlastjórnar, og ber henni að ganga eftir því, að þær séu gerðar. Henni ber og að láta gera jarðaskýrslu fyrir allt landið ár hvert.

## 54. gr.

Nýbýlastjórn skal, svo fljótt sem tök eru á, láta rannsaka skilyrði til ræktunar og búrekstrar á eyðijörðum og jörðum, sem ekki eru nytjaðar nema að einhverju leyti, sbr. 3. gr. ábúðarlaganna. Við rannsókn þessa skal safna upplýsingum um öll þau atriði, er máli skipta vegna búrekstrar á hverri einstakri jörð, og hvað varð þess valdandi, að hún fór að einhverju eða öllu leyti í eyði. Skal þetta þannig gert, að þeir, sem falast eftir jarðnaði, geti fengið rétta og greinilega hugmynd um jörðina og þá aðstöðu til búrekstrar, er hún veitir.

Nýbýlastjórn skal árlega gera sérstaka skrá yfir þær af þessum jörðum, sem hún telur rétt að byggja og eru lausar til ábúðar. Skrá þessi skal birt almenningi.

## 55. gr.

Skýlt er nýbýlastjórn að veita þeim, er þess óska og hafa hug á að reisa bú í sveit, upplýsingar um þær jarðir, sem eru lausar til ábúðar og um ræðir í 53. gr. Umsækjendur um jarðnaði, sem uppfylla þær kröfur, er gera verður til búandi manna í sveit, skulu njóta þeirrar aðstoðar nýbýlastjórnar við útvegum jarðnaðis, er hún getur í té látið.

## 56. gr.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að einhver ákvæðinn annmarki veldur því, að jörð, sem nýbýlastjórn hefur full umráð yfir, byggist ekki, en jörðin er að öðru leyti vel fallin til ræktunar og búrekstrar, og er nýbýlastjórn þá heimilt að ráða bót á þessu, ef þess er kostur. Kostnaður af þessum framkvæmdum má þó aldrei fara fram úr áætluðum meðalkostnaði býlis í byggðahverfi.

## 57. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn að kaupa einstakar jarðir, þar með talin eyðibýli, ef hún telur það nauðsynlegt til þess að koma betra skipulagi á byggðina og tryggja örugga ábúð á jörðunum. Kaupverð slíkra jarða skal eigi fara fram úr því verði, er nýbýlastjórn greiðir á sama tíma fyrir lönd undir byggðahverfi.

## 58. gr.

Verði jarðeigandi brotlegur við ákvæði 3. gr. ábúðarlaganna, og hlutaðeigandi sveitarstjórn notar ekki þá heimild, sem henni er veitt samkvæmt 3. og 4. gr. sömu laga til að ráðstafa jörð, sem komin er í eyði eða niðurníðslu og nýbýlastjórn telur vel fallna til búrekstrar, er nýbýlastjórn heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, er ábúðarlögin heimila hreppsnefndum, til þess að jörðin verði endurbyggð af þar til hæfum manni. Nýbýlastjórn er enn fremur heimilt að ganga í þau kaup, er um ræðir í 2. málsg. 4. gr. ábúðarlaganna, að hlutaðeigandi hreppsnefnd frágenginni, ef nýbýlastjórn telur það henta.

## 59. gr.

Jarðir, sem nýbýlastjórn fær eignarumráð yfir samkv. heimild 57. og 58. gr., skulu auglýstar til sölu og ábúðar. Skýlt er kaupanda að gera jörðina að ættaróðali samkvæmt ákvæðum laga nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð. Söluverð jarðar sé kostnaðarverð nýbýlastjórnar, þar með talinn kostnaður við þær umbætur, sem gerðar kunna að verða á jörðinni samkv. 56. gr. Heimilt er þó nýbýla-

stjórn að veita styrk vegna ræktunarumbóta tilsvarendi ákvæðum 47. gr., þegar jörðin hefur verið tekin til ábúðar. Jarðir þessar njóta réttar til lána úr Stofnlána-deild landbúnaðarins, að ábúð tryggðri, eftir sömu reglum og bygðar jarðir.

#### 60. gr.

Sé hætt á, að jarðir fari í eyði vegna vöntunar á viðunandi lífsafkomu fyrir meðalfjölskyldu sökum skorts á ræktun eða vegna brunatjóns, skal landnámsstjóri athuga búrekstrarskilyrði á þeim og leita um þær umsagnar hlutaðeigandi nýbýlanefnda. Telji hann tryggt, að jörð sé hægt að bæta svo með ræktun, að þar megi hafa minnst 10 ha. tún, og önnur búskaparskilyrði eru allgóð, þá er nýbýlastjórn ríkisins heimilt að veita til hennar óafturkræft framlag samkv. þessum lögum, sbr. 36. gr., 3. tölul., og 63. gr. Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði. Framræslukostnaður og framlög til hans samkv. jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkv. þessari grein.

#### 61. gr.

Landnámsstjóri getur í samráði við stjórnir og framkvæmdastjóra ræktunarsambanda á grundvelli rannsóknar, er Landnám ríkisins framkvæmir, gert áætlun um ræktunarframkvæmdir samkv. 59. gr. á hverju ræktunarsambandssvæði, enda sé þar fram tekið, hvaða jarðir falli undir ákvæði greinarinnar. Jafnan skal þess gætt, að slík aðstoð sé veitt fyrst á þeim svæðum, þar sem það getur komið í veg fyrir, að heill hreppur eða verulegur hluti hrepps fari í eyði.

#### 62. gr.

Þar, sem Landnám ríkisins eða ræktunarsambönd taka að sér ræktunarframkvæmdir, svo sem framræslu, jarðvinnslu og frágang ræktunar, eiga þessar stofnanir forgangsrétt til þeirra framlaga, er greidd verða út á umbæturnar samkvæmt jarðræktarlögum og ákvæðum 60. gr.

#### 63. gr.

Nýbýlastjórn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsbyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum (sbr. 48. gr.). Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkvæmt 64. gr.

#### 64. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 6.0 milljónir króna á ári næstu 4 ár frá og með árinu 1962.

### IX. KAFLI

#### Um viðhaldsskyldu o. fl.

#### 65. gr.

Nýbýlastjórn skal halda skýrslur um öll þau býli, sem reist eru eða endurbyggð samkvæmt lögum þessum. Skal nákvæmlega frá því skýrt, hvenær hvert býli er reist eða endurbyggt, hver hefur orðið kostnaður við landnám það, sem fallið hefur í hlut býlisins, við ræktun þess og byggingu, hver lánskjörin hafa verið, hvernig lánin hafa greiðzt, hve mikið eigendur þess og ábúendur hafa lagt fram til þess að koma því upp, auk annars, sem nauðsynlegt þykir að skýra frá. Þá skal nýbýlastjórn afla sér skýrslna um rekstrarafkomu hvers býlis svo sem við verður komið. Getur hún lagt þá kvöð á ábúanda hvers býlis, er lán fær úr Stofnlánadeild, að halda búreikn-



inga, er gerðir séu eftir fyrirsögn Búreikningaskrifstofu ríkisins, enda sé þá greitt fyrir slíkt reikningshald eins og Búreikningaskrifstofan telur hæfilegt. Yfirlits-skýrslur um býli þau, sem reist eru með lánnum úr Stofnlánadeild, svo og afkomu búrekstrarins á býlunum skal nýbýlastjórn birta svo oft sem ástæða þykir til og eigi sjaldnar en fimmta hvert ár.

## 66. gr.

Skylt er hverjum þeim, sem fengið hefur lán úr Stofnlánadeild, að halda vel við byggingum þeim, sem hann hefur fengið lán til. Nýbýlanefndir í héruðum skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn deildarinnar þegar, ef því er að einhverju leyti ábótavant. Skal þá stjórn deildarinnar veita hlutaðeigandi ábúanda áminningu, og er útbyggingar- og eignarnámssök, ef áminningin er ekki tekin til greina.

## 67. gr.

Ef ábúenda- og eigendaskipti verða við sölu á fasteign, sem veðbundin er Stofnlánadeildinni, skal deildin, nema um erfðaskipti sé að ræða eða sölu til einhvers þess aðila, sem nefndur er í 2. másl. 41. gr., hafa forkaupsrétt að eigninni, og ef um nýbýli er að ræða, gegn kostnaðarverði að frádregnu metnu álagi vegna fyrningar og skemmda, enda er enginn kaupsamningur um eignina gildur nema með árituðu samþykki stjórnar deildarinnar, eða þess fulltrúa hennar, sem umboð hefur til slíkrar áritunar. Þegar býlin skipta um eigendur við erfðaskipti, hafa erfingjar forkaupsrétt umfram Stofnlánadeild, en að öðru leyti skal mat á þeim og staðfesting eigendaskiptanna háð sömu reglum og þegar um venjulega sölu er að ræða. Sveitarstjórn hefur þó rétt til að ganga inn í forkaupsrétt Stofnlánadeildar, ef hún óskar þess. Um sölu óðalsjarða og ættarjarða fer samkvæmt lögum nr. 116 30. des. 1943. Ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 55 5. júní 1926, um forkaupsrétt á jörðum, skulu víkja fyrir ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem nauðsyn krefur. Ef Stofnlánadeild eða sveitarstjórn kaupir jörð samkvæmt heimildum þessara laga, er þeim skylt að selja eða leigja jörðina gegn veði eða leigukjörum, er samsvara kaupverðinu.

## X. KAFLI

## Um Teiknistofu landbúnaðarins.

## 68. gr.

Stofnunin heitir Teiknistofa landbúnaðarins og starfar á vegum Búnaðarbanka Íslands.

## 69. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, og þá sérstaklega peningshúsa. Nefndin lætur rannsaka gerð og gæði húsa, sem nú eru til eða reist verða, með tilliti til þess, að með því fái stund grundvöllur undir öruggari leiðbeiningastarfsemi í byggingarmálum sveitanna.

## 70. gr.

Í nefndinni skulu vera: Forstöðumaður Teiknistofu landbúnaðarins, yfirdýralæknir, nautgriparræktarráðunautur og sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og einn maður, er landbúnaðarráðherra skipar í nefndina án tilnefningar. Landbúnaðarráðherra ákveður, hver skuli vera formaður nefndarinnar.

## 71. gr.

Heimilt er nefndinni með samþykki landbúnaðarráðherra að ráða sérfræðing til þess að framkvæma þær rannsóknir, sem nefndin telur nauðsynlegt að gera. Hann skal hafa eftirlit með athugunum og rannsóknum, er gerðar verða í þágu byggingarstarfseminnar hjá einstökum bændum eða á opinberum búum, og vinna úr gögnum þeim, sem aflað er, í samráði við nefndina.

Kostnaður við byggingarrannsóknir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

## 72. gr.

Verkefni teiknistofunnar er að gera uppdrætti að húsum, sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum, sem stofnaðir hafa verið eða stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til bygginga í sveitum. Skal það vera skilyrði fyrir slíkum lánum, að teiknistofan hafi gert eða samþykkt uppdrætti að húsunum.

## 73. gr.

Teiknistofan lætur gera uppdrætti að einföldum og ódýrum húsgögnum. Enn fremur leitar hún aðstoðar húsgagnaarkitekta, íslenzkra listamanna og viðurkenndra hannyrðakvenna og smíðameistara utan stofnunarinnar um gerð húsgagna, til þess að þau verði sem smekklegst og í þjóðlegum stíl. Allir, sem rétt hafa til lána úr sjóðum þeim, er um ræðir í 72. gr., svo og stjórnir byggingarfélaganna verkamanna og byggingarsamvinnufélaganna skulu endurgjaldslaut fá teikningar af húsgögnum, eftir því sem teiknistofan getur í té látið.

## 74. gr.

Nú verður komið á fót verkstæðum við bændaskóla, húsmæðraskóla, héraðsskóla eða annars staðar til að annast smíði á húsgögnum og fleira, er að húsgagnagerð lýtur, svo sem vefnað á húsgagnafóðri og gluggatjöldum, og skal þá teiknistofan veita verkstæðum þessum alla nauðsynlega aðstoð, svo að þau geti komið að sem almennustum notum við húsgagnagerð.

## 75. gr.

Teiknistofan veitir bændum leiðbeiningar um byggingarkostnað, efnisval og annað, er við kemur húsagerð. Hún skal gefa út handbók með almennum leiðbeiningum í þessum efnum og fyrirmyndaruppdráttum af húsum og húsgögnum. Teiknistofunni ber að fylgjast með erlendum og innlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það, er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa, eftir því sem við verður komið.

## 76. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstöðumann teiknistofunnar og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Forstöðumaður annast stjórn teiknistofunnar í samráði við stjórn Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórn. Forstöðumaður ræður sér menn til aðstoðar, að fengnu samþykki stjórnar Búnaðarbanka Íslands.

## 77. gr.

Kostnaður af rekstri teiknistofunnar greiðist af Stofnlánadeild landbúnaðarins.

## XI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

## 78. gr.

Um framlög ríkisins til ræktunar og útihúsa fer eftir jarðræktarlögum.

## 79. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði, er nauðsynleg þykja, um framkvæmd þessara laga.

## 80. gr.

Um endurskoðun Stofnlánadeildar landbúnaðarins, starfsskýrslur o. fl. fer eins og mælt er fyrir í lögum nr. 115 9. okt. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

## 81. gr.

Reikningar Landnáms ríkisins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarbanka Íslands og birtir með reikningum bankans. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra og lagðir fyrir landbúnaðarnefndir Alþingis ár hvert.

## 82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi felld lög nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, lög um breyting á þeim lögum, nr. 49 11. júní 1960 og nr. 64 1961, svo og önnur lagaákvæði, sem kunna að brjóta í bága við lög þessi.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Norður-Múlasýslu og eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hluta úr landi jarðarinnar Hofteigs í Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu, svonefndar Merkur, ekkjunni Lilju Magnúsdóttur, Hvanná í sömu sveit.

Ríkisstjórninni er og heimilt að selja eyðijörðina Austmannsdal í Ketildalahreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu bóndanum Gísla Ólafssyni á Kirkjubóli í sama hreppi.

Kaupverðið skal vera eins og um semst, eða ef samkomulag verður ekki, þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 17. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

## um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir aflatryggingasjóður sjávarútvegsins. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum.

## 3. gr.

Sjóðurinn skiptist í fjórar deildir: Síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild.

Réttindi í síldveiðideild eiga öll íslensk fiskiskip, sem gerð eru út til síldveiða með herpinót, vörpu eða reknetjum.

Réttindi í almennu deild bátaflotans eiga öll íslensk fiskiskip bátaflotans, sem stunda veiðar með línu, netjum, botnvörpu, dragnót, handfærum o. s. frv.

Réttindi í almennu deild togaraflotans eiga öll íslensk botnvörpuskip.

Hlutverk jöfnunardeildar er að veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á.

## 4. gr.

Með reglugerð, er sjóðsstjórnin semur og samþykkt hefur verið af stjórnunum eftirfarandi aðila:

Alþýðusambands Íslands, Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, Fiskifélags Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna og Sjómannasambands Íslands, og staðfest af ráðherra, skal ákveða:

1. Bótatímabil, er miðist við vertíðarskipti í hverri veiðistöð. Stundi skip ekki veiðar allt tímabilið, skerðist bótaréttur við það hlutfallslega.
2. Skipting veiðisvæða og verstöðva í flokka, þannig að í sama flokki séu þau veiðisvæði og þær verstöðvar, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni á hverri vertíð, hvort heldur um er að ræða síldveiði eða þorskveiði.
3. Skipting veiðiskipa í flokka, þannig að í sama flokki séu skip, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama meðalveiðimagni, með tilliti til stærðar, veiðiútbúnaðar o. fl.
4. Meðalveiðimagn skipa í hverjum flokki fyrir sig, eftir því á hvaða svæði skipin veiða, hvaða tíma árs þau veiða og hvaða veiði þau stunda. Meðalveiðimagn þetta skal fundið með hliðsjón af aflamöguleikum. Meðalveiðimagn, sem þannig er ákveðið fyrir hvern flokk skipa, skal gilda sem meðalveiðimagn, er reikna skal út bótagreiðslur úr sjóðnum, þar til sömu aðilar hafa á sama hátt ákveðið annað. Verði ágreiningur um einstök ákvæði reglugerðarinnar, sker ráðherra úr.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast ekki innan þess frests, sem tiltekinn er í reglugerð, sem sett verður samkvæmt lögum þessum, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

## 5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðsstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar í hlutaðeigandi verstöð, skýrslu um útgerð og aflabrögð veiðiskips síns á bótatímabilinu í því formi, er stjórnin ákveður, og eigi síðar en einum mánuði eftir að veiðitímabili lýkur. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um útgerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

## 6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki síldveiðideildar eða hinnar almennu deildar bátaflotans er minni en 75% eða í hinn almennu deild togaraflotans minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til 4 ára í senn á þann hátt, sem hér segir: Einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, annar samkv. tilnefningu Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, þriðji samkv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, fjórði samkv. tilnefningu Sjómannasambands Íslands, og fimmti er fiskimálastjóri, og er hann formaður stjórnarinnar.

Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.

Ráðherra ákveður þóknun sjóðsstjórnarinnar og endurskoðenda.

Fiskifélag Íslands annast afgreiðslu sjóðsins undir eftirliti sjóðsstjórnarinnar og yfirstjórn ráðherra. Stjórnar- og afgreiðslukostnaður greiðist af fé sjóðsins, og skiptist hann á deildir í réttu hlutfalli við tekjur þeirra seinasta reikningsár.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

## 8. gr.

Stofnfé hinnar almennu deildar bátaflotans og síldveiðideildar er fé Hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins við gildistöku laganna. Stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans eru kr. 37500000.00, er greiðist með jöfnum árlegum greiðslum á fimmtán árum. Ríkissjóður leggur fram þessa upphæð.

## 9. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru:

1. 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (öðrum en þeim, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.
2. Framlag ríkissjóðs er helmingur á móti 1. lið. Á árinu 1962 skal framlagið nema 8.5 millj. kr.
3. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins. Ríkissjóður sér um innheimtu tekna samkvæmt 1. og 2. tölulið þessarar greinar.

Tekjur samkvæmt 1. og 2. tölulið skiptast þannig milli deilda:

Í síldveiðideild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum.

Í almennu deild bátaflotans 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum bátaflotans.

Í almennu deild togaraflotans 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum togaraflotans.

Í jöfnunardeild 50% af tekjum af útfluttum síldarafurðum og 50% af tekjum af útfluttum þorskafurðum báta- og togaraflotans.

## 10. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðsins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert það skip, sem aflar 45% eða minna af meðalveiðimagni skips þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem vantar á veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar	45%	af meðalafla,	fær	40%	bættur af því,	sem á vantar	meðaltal.
— — —	46%	— —	—	39%	— — —	— —	—
— — —	47%	— —	—	38%	— — —	— —	—
— — —	48%	— —	—	37%	— — —	— —	—
— — —	49%	— —	—	36%	— — —	— —	—
— — —	50%	— —	—	35%	— — —	— —	—
— — —	51%	— —	—	34%	— — —	— —	—
— — —	52%	— —	—	33%	— — —	— —	—
— — —	53%	— —	—	32%	— — —	— —	—
— — —	54%	— —	—	31%	— — —	— —	—
— — —	55%	— —	—	30%	— — —	— —	—
— — —	56%	— —	—	29%	— — —	— —	—
— — —	57%	— —	—	28%	— — —	— —	—
— — —	58%	— —	—	27%	— — —	— —	—
— — —	59%	— —	—	26%	— — —	— —	—
— — —	60%	— —	—	25%	— — —	— —	—
— — —	61%	— —	—	24%	— — —	— —	—
— — —	62%	— —	—	23%	— — —	— —	—
— — —	63%	— —	—	22%	— — —	— —	—
— — —	64%	— —	—	21%	— — —	— —	—
— — —	65%	— —	—	20%	— — —	— —	—
— — —	66%	— —	—	19%	— — —	— —	—
— — —	67%	— —	—	18%	— — —	— —	—
— — —	68%	— —	—	17%	— — —	— —	—
— — —	69%	— —	—	16%	— — —	— —	—
— — —	70%	— —	—	15%	— — —	— —	—
— — —	71%	— —	—	14%	— — —	— —	—
— — —	72%	— —	—	13%	— — —	— —	—
— — —	73%	— —	—	12%	— — —	— —	—
— — —	74%	— —	—	11%	— — —	— —	—
— — —	75%	— —	—	10%	— — —	— —	—
— — —	76%	— —	—	9%	— — —	— —	—
— — —	77%	— —	—	8%	— — —	— —	—
— — —	78%	— —	—	7%	— — —	— —	—
— — —	79%	— —	—	6%	— — —	— —	—
— — —	80%	— —	—	5%	— — —	— —	—
— — —	81%	— —	—	4%	— — —	— —	—
— — —	82%	— —	—	3%	— — —	— —	—
— — —	83%	— —	—	2%	— — —	— —	—
— — —	84%	— —	—	1%	— — —	— —	—
— — —	85%	— —	—	0%	— — —	— —	—

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur til veiða, sem stundaðar eru í tilraunaskyni.

## 11. gr.

Stjórn aflatryggingasjóðs er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán allt að 30 millj. kr. handa sjóðnum, eða einstökum deildum hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þessi.

## 12. gr.

Ef skip veiða minna en 33% af meðalveiðimagni viðkomandi flokks, skal sjóðsstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleyssi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleyssinu, er sjóðsstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkv. hinni almennu reglu 10. greinar, eða fella bætturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða. Skip, sem stundað hafa veiðar  $\frac{1}{3}$  bótatímabilsins eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.

## 13. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

## 14. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

## 15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

## 16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um Hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48 25. maí 1949, með síðari breytingu.

## 17. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi sjóðsstjórnar og ný skal skipuð samkvæmt 7. gr.

## 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins er heimilt að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að gefa út skuldabréf allt að 30 milljónum króna, og skulu þau notuð til aðstoðar togurunum vegna aflabrests á árinu 1960 samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar og ráðuneytisins. Skuldabréf þessi innleystast á árunum 1963—1968. Vextir eru 7½%. Skuldabréfin verða því aðeins látin af hendi, að fyrir liggja yfirlýsing viðskiptabanka hlutaðeigandi útgerðarfyrirtækis, sem tryggi, að kröfuhafar taki við greiðslu í skuldabréfum.

Skipting tekna sjóðsins fyrir allt árið 1962, svo og útreikningur bóta fyrir árið 1961, skal fara eftir ákvæðum laga þessara.

*Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

### um lífeyrissjóð togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Sjóðurinn nefnist Lífeyrissjóður togarasjóðmanna og undirmanna á farskipum og starfar með því skipulagi og markmiði, sem segir í lögum þessum. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

##### 2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld til sjóðsins og rétt eiga á lífeyri úr honum.

##### 3. gr.

Sjóðfélagar eru allir þeir, sem lögskráðir eru á íslenzka togara, íslenzk farskip, sem notuð eru til farþegaflutninga eða vöruflutninga, og á íslenzk varðskip, nema yfirmenn á farskipum, sem tryggðir skulu í lífeyrissjóðum, sem skipafélögin eru aðilar að. Yfirmenn strandferðaskipa ríkissjóðs og varðskipanna skulu tryggðir í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Heimilt er þó útgerð farskipa að tryggja yfirmönnum lífeyrisréttindi í sjóði þessum, ef samkomulag næst um það við stéttarfélög yfirmanna.

##### 4. gr.

Réttindi þau, er farmenn og togarasjóðmenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.

##### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins eiga sæti 7 menn, tilnefndir af: Hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Sömu aðilar skipa hver um sig einn varamann í stjórnina.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

##### 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

##### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast vandlega með fjárhag, rekstri og starfsemi sjóðsins og gæta þess, að hann starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

##### 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.



Við lánveitingar til íbúðabygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1956, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Síni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

11. gr.

Sjóðfélagar greiði 4% af heildarárslaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðendur greiði 6% af heildarárslaunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðendur skulu halda iðgjöldum sjóðfélaga eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt sínum iðgjaldahluta beint til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipi og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

12. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans eða síðustu 20 starfsár, ef það er sjóðfélagi hagfelldara, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár .....	10 %	21 ár .....	32 %
11 — .....	12 —	22 — .....	34 —
12 — .....	14 —	23 — .....	36 —
13 — .....	16 —	24 — .....	38 —
14 — .....	18 —	25 — .....	40 —
15 — .....	20 —	26 — .....	42 —
16 — .....	22 —	27 — .....	44 —
17 — .....	24 —	28 — .....	46 —
18 — .....	26 —	29 — .....	48 —
19 — .....	28 —	30 — eða lengur .....	50 —
20 — .....	30 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem undirmaður á farskipi eða togarasjómaður í 9 mánuði eða lengur á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómannanna eða undirmanna á farskipum á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

#### 14. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi, er veitir aðgang að sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna meiri en 35%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 13. grein.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfsskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en á farskipi eða togara.

#### 15. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld sín til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum, eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

#### 16. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1½% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi, er veitir aðgang að sjóði þessum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu tíu ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

#### 17. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% af meðalmeðlagi því, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, þegar hann verður öryrki.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar sem börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

#### 18. gr.

Nú hættir sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku störfum, er veita honum aðgang að lífeyrissjóði togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins, svo og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir til eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðalárslauna síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 13. og 15. gr. Lífeyrir barna hans skal ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 17. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Aldreí getur sjóðfélagi fengið endurgreidd iðgjöld sín samkvæmt þessari grein,

fyrir en níu mánuðir eru liðnir frá því hann var síðast afskráður af farskipi eða togara, nema hann eigi lögheimili erlendis.

#### 19. gr.

Nú flyzt maður, er verið hefur í lífeyrissjóði togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærrí upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í lögum þessum.

#### 20. gr.

Nú verður undirmaður á farskipi yfirmaður á farskipi, og flyzt hann þá úr sjóðnum í lífeyrissjóð hlutaðeigandi útgerðarfélags eða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. þó 3. gr. i. f., og skal þá sjóðurinn greiða sjóði þeim, er farmaðurinn flyzt til, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt sjóðnum og greidd hafa verið sjóðnum hans vegna, ásamt vöxtum. Hlutdeild í ágóða þeim, sem til fallið hefur vegna brottfarinna sjóðfélaga, meðan þeir voru sjóðfélagar í lífeyrissjóði togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, skal og greidd við brottför úr sjóðnum sjóði þeim, sem við þeim tekur. Hlutdeild þessi skal vera samanlagður ágóðinn, deildur með tölu sjóðfélaganna við flutning.

Ákvæði 1. mgr. skulu og gilda um flutning undirmanna þeirra, sem verið hafa félagar í lífeyrissjóði útgerðarfélaganna, en flytjast nú við gildistöku laga þessara til lífeyrissjóðs togarasjómannanna og undirmanna á farskipum. Uppgjöri samkvæmt þessari mgr. skal að fullu lokið innan tveggja ára frá gildistöku laga þessara.

#### 21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

#### 22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

#### 23. gr.

Lífeyrissjóður togarasjómannanna og undirmanna á farskipum skal taka við öllum eignum lífeyrissjóðs togarasjómannanna, eins og þær eru við gildistöku laga þessara. Jafnframt verða allir sjóðfélagar lífeyrissjóðs togarasjómannanna félagar í lífeyrissjóði togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, og skulu réttindi þeirra í sjóðnum m. a. miðuð við iðgjöld þau, er þeir höfðu til hans greitt.

#### 24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómannanna, svo og lög nr. 24 30. maí 1960, um breyting á þeim lögum.

**Bráðabirgðaákvæði.**

1. Skytt er sjóðnum að veita viðtöku iðgjöldum, sem haldið hefur verið eftir vegna skipverja á farskipum, frá 1. janúar 1959, svo og hluta útgerðarmanns, og veita þeim réttindi sjóðfélaga í samræmi við það.

2. Skipverji á togara eða undirmaður á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn 65 ára, var enn á togara eða undirmaður á farskipi og hafði verið það minnst 10 ár, skal eiga réttindi í sjóðnum þannig miðað við framangreindan tíma, að sá, sem var 65 ára, fær rétt eins og sá, sem greitt hefur í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram iðgjaldagreiðslu, fær hann aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á farskipi eða togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 13. gr. laganna.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir. Sama gildir þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

*Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðasta málsgrein ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1960 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957). Á sama hátt skal hámarkstala slíkra bifreiða vera 264 á árinu 1961 og 150 á árinu 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1962

---

---

17. maí.

171

Nr. 80.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 17. maí 1962.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius*

22. maí.

Nr. 81.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Ráðherra raforkumála hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að ganga nú þegar frá lántökum vegna stækkunar Írafossvirkjunar við Sog. Með því að ríkissjóður sé ábyrgur in solidum með Reykjavíkurborg fyrir öllum skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949, sé nauðsynlegt að fá lagaheimild til lántöku. Enn fremur sé nauðsynlegt að fá heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán þau, sem tekin verða. Í samræmi við framanritað beri brýna nauðsyn til að afla téðra heimilda þegar í stað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarendi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 24. maí 1962.*

**Ólafur Thors.**

**Friðjón Skarphéðinsson,**

**Jónatan Hallvarðsson.**

*Ingólfur Jónsson.*

---

Stjórnartíðindi A, nr. 80—81. Útgáfudagur 28. maí 1962.

A 22

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1962

---

Nr. 82.

172

1. júní.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Siglingamálaráðherra hefur tjáð oss, að h/f Hvalur eigi nú kost á að kaupa erlendis hvalveiðiskip, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. júní 1962.*

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.

Jónatan Hallvarðsson.

*Emil Jónsson.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gær úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 15. júní 1962.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

24. júní.

Nr. 84.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér að þrátt fyrir margra vikna samningsumleitanir milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarféлага sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, um kaup og kjör sjómanna á síldveiðum á þessu sumri, hafi samningar ekki tekizt. Þetta muni hafa í för með sér stöðvun flestallra síldveiðiskipa og mundi valda óbætanlegu tjóni.

Það beri því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka stöðvun síldveiðiskipanna án tafar og gefa út bráðabirgðalög, sem geri veiðiskipunum mögulegt að hefja veiðar nú þegar og að kjör síldveiðisjómanna verði ákveðin síðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leiða:

#### 1. gr.

Óheimilt skal að hindra lögskráningu skipverja á síldveiðiskip á sumarsíldveiðum 1962 upp á væntanlega kjarasamninga eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu síldveiðiskipanna.

#### 2. gr.

Nú takast ekki samningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarféлага sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar um kaup og kjör skipverja á sumarsíldveiðum 1962 fyrir 10. júlí 1962, eða sáttasemjari ríkisins lýsi því yfir fyrir þann tíma, að áframhaldandi viðræður séu þýðingarlausar, þá skulu þau ákveðin af gerðardómi.

#### 3. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Hæstiréttur skipar formann dómsins og tvo meðdómendur. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipar einn meðdómenda og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa sameiginlega einn meðdómenda.



Nefni deiluaðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ekki mann í dóminn af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dóminn í þeirra stað.

4. gr.

Dómsformaður kveður dóminn saman og annast um, að störfum hans sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru deiluaðilar að láta dómnum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðilar geta í té látið.

Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar að gilda skuli milli deiluaðila, skulu vera bindandi fyrir aðila sumarið 1962 á sama hátt og þau hefðu verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjörin skulu einnig vera bindandi fyrir þau útgerðarfyrirtæki og útgerðarmenn, sem ekki eru félagar í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

5. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, enda liggja ekki þyngri refsing við, samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. júní 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 — 1962

---

28. júní.

175

Nr. 85.

## AUGLÝSING

Málfriður Bjarnadóttir .....	4000.00
Málfriður Jónsdóttir .....	10129.00
Margrét Árnadóttir .....	11012.00
Margrét Ásmundsdóttir .....	5077.00
Margrét Björnsdóttir .....	7630.00
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni .....	16604.00
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja ....	3828.00
Margrét Lárusdóttir .....	11716.00
Margrét Kr. Lárusdóttir .....	5077.00
Margrét Möller .....	6000.00
Margrét Þórðardóttir .....	7617.00
María Guðlaugsson .....	9373.00
María Pétursdóttir .....	14000.00
María Thoroddsen .....	19528.00
María Tómasdóttir .....	5660.00
Melitta Urbancic .....	9538.00
Nanna Jónsdóttir .....	10850.00
Nikólína Jóhannsdóttir .....	6000.00

kr.

kr.

18. gr.

	kr.	kr.
Oddný Guðmundsdóttir .....	10000.00	
Oddný Pétursdóttir .....	12017.00	
Oktavía Sigurðardóttir .....	10189.00	
Ólafía Einarsdóttir .....	13585.00	
Ólafía Finnbogadóttir .....	2540.00	
Ólafía Valdimarsdóttir .....	6792.00	
Olga E. Jónsson .....	11320.00	
Ólína Snæbjörnsdóttir .....	8905.00	
Ólöf Sigurðardóttir .....	6009.00	
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi .....	4000.00	
Ólöf Sigvaldadóttir .....	10000.00	
Ragnheiður Brynjólfsson .....	5723.00	
Ragnhildur I. Bjarnadóttir .....	8012.00	
Ragnhildur Thorlacius .....	13585.00	
Ragnhildur Thoroddsen .....	15022.00	
Rannveig Tómasdóttir .....	7617.00	
Rígmor Ófeigsson .....	10155.00	
Rósa Eggertsdóttir .....	6009.00	
Rósa Jónsdóttir .....	6000.00	
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen .....	8012.00	
Sigríður Árnadóttir .....	24000.00	
Sigríður Arnljótsdóttir .....	12017.00	
Sigríður Bjarnason .....	25377.00	
Sigríður Björnsdóttir .....	8000.00	
Sigríður Einarsson .....	39056.00	
Sigríður Eiríksdóttir .....	8000.00	
Sigríður Finnbogadóttir .....	10155.00	
Sigríður Fjeldsted .....	10189.00	
Sigríður Gísladóttir .....	3828.00	
Sigríður Guðmundsdóttir .....	3828.00	
Sigríður Hallgrímsdóttir .....	15000.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum ...	19137.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal .....	6367.00	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vil- hjálmssonar .....	12000.00	
Sigríður Pétursdóttir .....	11320.00	
Sigríður Sigtryggisdóttir .....	12000.00	
Sigríður Sæmundsson .....	24000.00	
Sigrún Árnadóttir .....	7000.00	
Sigrún Guðbrandsdóttir .....	9057.00	
Sigrún Thorarensen .....	8000.00	
Sigurlaug Sigurðardóttir .....	12000.00	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir .....	11320.00	
Soffía Árnason .....	7000.00	
Sólveig Árnadóttir .....	8000.00	
Sólveig Eggerz .....	33456.00	
Sólveig Pétursdóttir .....	11320.00	
Sólveig P. Sandholt .....	8000.00	
Stefanía Snævarr .....	13000.00	
Stefanía Stefánsdóttir .....	12452.00	
Steinunn P. Eyjólfsson .....	6748.00	

	kr.	kr.
Steinunn Gísladóttir .....	7000.00	
Steinunn Jóhannesdóttir .....	7617.00	
Steinunn Sigurðardóttir .....	12000.00	
Súsanna Friðriksdóttir .....	11320.00	
Sveinbjörg Kristinsdóttir .....	10000.00	
Sveindís Hansdóttir .....	6000.00	
Sveinsína Sigurðardóttir .....	9000.00	
Torfhildur Magnúsdóttir .....	6000.00	
Una Jóhannesdóttir .....	18000.00	
Unnur Guðjónsdóttir .....	25029.00	
Unnur Skúladóttir .....	12694.00	
Valborg Einarsson .....	12694.00	
Valborg Haraldsdóttir .....	10850.00	
Valgerður Björg Björnsdóttir .....	15000.00	
Valgerður Halldórsdóttir .....	18114.00	
Valgerður Helgadóttir .....	10014.00	
Valgerður Jóhannsdóttir .....	6867.00	
Valgerður Ólafsdóttir .....	9057.00	
Vigdís G. Blöndal .....	6367.00	
Viktória Bjarnadóttir .....	1915.00	
Vilborg Bjarnadóttir .....	7244.00	
Vilborg Stefánsdóttir .....	22000.00	
Vilborg Torfadóttir .....	3828.00	
Þóra L. Björnsson .....	13585.00	
Þóra Hjartar .....	4528.00	
Þóra Jónasdóttir .....	6509.00	
Þóra Magnúsdóttir .....	8000.00	
Þóra Sigfúsdóttir .....	5723.00	
Þóra Sigurðardóttir .....	3828.00	
Þóra Skaftason .....	3828.00	
Þorbjörg Sigmundsdóttir .....	12694.00	
Þórey Jóhannsdóttir .....	6000.00	
Þórunn Helgadóttir .....	6000.00	
Þórunn Pálsdóttir .....	12694.00	
Þórunn Þórðardóttir .....	2343.00	
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir .....	7923.00	
Þuríður Benediktsdóttir .....	12732.00	
Þuríður Helgadóttir .....	6000.00	
Þuríður Káradóttir .....	14717.00	
	<hr/>	
	2 859 700	
<b>c. Barnastyrkur:</b>		
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 19/1924, sjúklingur .....	3 828	
<b>d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II. ....</b>	2 227 000	
	<hr/>	8 875 433
<b>III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað) .....</b>	20 500 000	
<b>IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvemma, skv. 12. gr. l. 65/1955 .....</b>	250 000	

## 18. gr.

	kr.	kr.
V. Framlag rikissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940 .....		24 000
VI. Framlag rikissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri .....		12 800 000
Samtals ...	. . .	43 066 840

## 19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir .....		430 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 25. gr. ....		5 000 000
3. Fyrningar .....		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda .....		13 000 000
5. Til launauppbóta .....		65 000 000
Samtals ...	. . .	521 000 000

## III. KAFLI

## Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
<b>Inn:</b>		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum .....		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....		3 000 000
Samtals ...	. . .	3 100 000
<b>Út:</b>		
I. Afborganir lána ríkissjóðs .....		20 124 707
II. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs .....		38 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss .....		2 000 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins .....		2 200 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins .....		250 000
VI. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana .....	6 503 000	
2. Til byggingar fávitahælis .....	427 500	
3. Til byggingar hjúkrunarskóla .....	250 000	
4. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi ...	400 000	
VII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		7 580 500
VIII. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja .....		3 000 000
IX. Til sjúkraflugvalla .....		12 720 000
X. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum .....		492 100
XI. 1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri .....	300 000	
2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík ...	3 000 000	
3. Til byggingar sjómannaskólans .....	600 000	
4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum .....	67 500	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni .....	427 500	
6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands .....	3 000 000	
7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	450 000	
8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra .....	1 500 000	
9. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri .....	150 000	
10. Til Íþróttakennaraskóla Íslands, byrjunarframlag .....	500 000	
		9 995 000
XII. Til bygginga á prestssetrum .....		2 865 000
XIII. Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum ...		194 000
XIV. Til útihúsa á prestssetrum .....		734 000
XV. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		1 400 000
XVI. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík .....		3 000 000
XVII. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla .....		2 000 000
XVIII. Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs .....		705 000

## 20. gr.

	kr.	kr.
XIX. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglunga .....		500 000
XX. Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum .....		95 000
XXI. Framlag til atvinnubótasjóðs .....	10 000 000	
XXII. Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins .....	500 000	
XXIII. Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..	900 000	
XXIV. Til aukningar landhelgisgæzlu .....	8 400 000	
XXV. Til kaupa á biskupsbústað .....	300 000	
XXVI. Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum	300 000	
XXVII. Til endurbyggingar á Borg á Mýrum .....	300 000	
XXVIII. Til byggingar prestsseturs í Odda .....	300 000	
XXIX. Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti ..	450 000	
XXX. Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða ....	85 000	
XXXI. Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana ....	1 000 000	
XXXII. Til byggingar vitaskips .....	2 222 000	
XXXIII. Til að byggja bókhöfuð að forsetasetrinu að Bessastöðum .....	500 000	
XXXIV. Til hlutabréfakaupa í Iðnaðarbanka Íslands h.f. ..	1 000 000	
XXXV. Til að lána til landkaupa í kauptúnum .....	2 000 000	
<b>Samtals ...</b>	<b>. . .</b>	<b>137 077 307</b>

21. gr

## I. Rekstrar-

		kr.	kr.
<b>Tekjur:</b>			
2. gr.	Skattar og tollar .....		1 848 000 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana .....		324 900 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs .....		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur .....		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur .....		20 000 000
Samtals ...		...	2 194 975 000

## II. Sjóðs

		kr.
<b>Inn:</b>		
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti .....	2 194 975 000
Aðrar innborganir:		
20. gr. I.	Vætanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl. ....	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna .....	3 000 000
Samtals ...		2 198 075 000

Yfirlit.

yfirlit.

21. gr.

		kr.	kr.
<b>Gjöld:</b>			
7. gr.	Vextir .....		10 616 216
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins .....		1 611 933
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkis- reikninga .....		12 635 500
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar .....		50 718 274
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn .....	96 785 658	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	32 069 592	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur ..	2 200 000	131 055 250
12. gr.	Til læknaSKIPUNAR og heilbrigðismála .....		67 606 841
13. gr. A.	Vegamál .....	121 666 511	
— B.	Samgöngur á sjó .....	13 300 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir .....	41 987 778	
— D.	Flugmál .....	12 754 088	
— E.	Veðurþjónusta .....	5 210 452	
— F.	Ýmis mál .....	6 927 519	206 846 348
14. gr. A.	Kennslumál .....	258 737 523	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	18 565 018	277 302 541
15. gr.	Kirkjumál .....		16 646 866
16. gr. A.	Landbúnaðarmál .....	100 420 319	
— B.	Sjávarútvegsmál .....	54 579 771	
— C.	Iðnaðarmál .....	5 826 520	
— D.	Raforkumál .....	31 912 394	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl. ....	14 427 894	207 166 898
7. gr.	Til félagsmála .....		506 040 274
8. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár .....		43 066 840
9. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl. ....		521 000 000
	Rekstrarafgangur ...		142 661 219
	Samtals ...	. . .	2 194 975 000

yfirlit.

		kr.
<b>Út:</b>		
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi .....	2 052 313 781
20. gr.	Aðrar útborganir: Afborganir lána og til eignaaukningar .....	137 077 307
	Greiðslujöfnuður ...	8 683 912
	Samtals ...	2 198 075 000



## 22. gr.

## Ríkisstjórninni er heimilt:

- I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.
- II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhags-áætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.
- III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1963 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.
- IV. Að verja afgangi af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.
- V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.
- VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.
- VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóþveifreiðum og sjúkrafreiðum til almenningsnota.
- VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.
- IX. Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.
- X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.
- XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappambúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.
- XII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).
- XIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aukum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.
- XIV. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
- XV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.
- XVI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.
- XVII. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og  $\frac{2}{5}$  hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1962 og 1963. Enn fremur að greiða allt að  $\frac{1}{3}$  hluta af áföllnum rekstrarhalla hljómsveitarinnar 28. febr. 1961, þegar ríkisútvarpið tók við rekstri hennar.
- XVIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.
- XIX. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda

- greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.
- XX. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina h/f í Stykkishólmi, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
- XXI. Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. til bygginga og endurbóta á sildarverksmiðjum og sildarumhleðslustöðvum.
- XXII. Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennarskóla og hjúkrunarskóla
- XXIII. Að taka allt að 560 þús. kr. lán til endurbóta á Fiskiðjuveri Seyðisfjarðar, en það er nú eign ríkissjóðs.
- XXIV. Að taka lán að fjárhæð 14 200 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
- XXV. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
- XXVI. Að taka allt að 1 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.
- XXVII. Að taka lán allt að 70 millj. kr. til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur (Reykjanesbrautar) og enn fremur að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurveggar 1951—1962, að upphæð 5 millj. kr., til lagningar vegarins.
- XXVIII. Að kaupa húseignina Borgartún 7 í Reykjavík.
- XXIX. Að kaupa eignir Kol h/f á Skarðsströnd, tæki og fasteignir að undan-genginni rannsókn.
- XXX. Að kaupa eignir Ræktunarfélags Norðurlands, sem tilraunaráð jarð-ræktar hefur á leigu.
- XXXI. Að selja gamalt póst- og símahús við Austurgötu 11 í Hafnarfirði og hluta úr húsi að Skíðabraut 4 á Dalvík og enn fremur sæsimaskúr að Strandavegi 10 á Seyðisfirði ásamt tilheyrandi lóðum, ef viðunandi boð fæst.
- XXXII. Að selja húseignina nr. 1 við Norðurgötu á Seyðisfirði, eign rafmagns-veitu ríkisins.
- XXXIII. Að selja húseignina Mánagötu 5 í Keflavík, húseignina Vatnsnesveg 11 í Keflavík og hluta af húseigninni Tjarnargötu 3 í Keflavík.
- XXXIV. Að selja Stykkishólmsþreppi 780 fermetra skika úr lóðinni nr. 13 við Aðalgötu í Stykkishólmi.
- XXXV. Að selja Akraneskaupstað 2377 fermetra spildu af lóð prestssetursins Kirkjuhvols á Akranesi eftir mati.
- XXXVI. Að selja land prestssetursjarðarinnar Setbergs á Snæfellsnesi á Grundarbotni, ef viðunandi boð fæst.
- XXXVII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af sérstökum tækjum og efni, sem lagt er til af Mikla Norræna Ritsímafélaginu og flutt inn vegna nýju sæsimanna, samkvæmt samningum við það félag, dags. 26. jan. 1960.
- XXXVIII. Að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán, sem veitt var til kaupa á flugvél.
- XXXIX. Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa, dags. 22. júní 1956, um afhendingu mannvirkja til nýbyggingarnefndar Höfðakaupstaðar til Höfðahrepps, að upphæð 400 þús. kr., að viðbættum vöxtum frá útgáfudegi.
- XL. Að ábyrgjast allt að 60% af byggingarkostnaði nýrra flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).
- XLI. Að ábyrgjast lán allt að 970 þús. þýzkra marka (DM) fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann til þess að koma fyrir tækjum í togarann Narfa til heilfrystingar á fiski, enda verði settar þær tryggingar, er ráðherra metur gildar.
- XLII. Að láta gera við togarann Þorstein Þorskabít, sem nú er eign ríkissjóðs,

til að koma skipinu í rekstrarhæft ástand og taka í því skyni lán, ef með þarf.

- XLIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.
- XLIV. Að kaupa plöntusafn Eyþórs Einarssonar.
- XLV. Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar.
- XLVI. Að greiða Sigurði Ólafssyni 200 þús. kr. vegna flugvélakaupa.
- XLVII. Að kaupa listaverk fyrir allt að 50 þús. kr. til að gefa til skrifstofubýggingar Bernarsambandsins í Genf.
- XLVIII. Að ráðstafa eignum Áburðareinkasölu ríkisins til jarðvegrannsóknna, sérstaklega með tilliti til rannsóknar á áburðarþörf lands, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins í samráði við búnaðardeild atvinnudeildar háskólans.
- XLIX. Að festa kaup á skriðbil, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið.

#### 23. gr.

Frá 1. júní 1962 er heimilt að greiða 7% uppbót á laun starfsmanna ríkisins, þar með talin yfirvinna.

#### 24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1963 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvonna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1963.

Þá er og heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júní 1962 að telja, sem nemi 7%.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

#### 25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1963 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1963 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

17. desember.

Nr. 89.

**L Ö G**

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Hinn 1. janúar 1963 fellur úr gildi 10. gr. laganna.

Allar bætur skulu frá sama tíma greiddar samkvæmt ákvæðum laganna um bætur á 1. verðlagssvæði.

Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á aðrar reglur laganna en þær, er snerta bætur, iðgjöld og framlög.

**2. gr.**

Við skiptingu framlags sveitarfélaga á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga árið 1963 skal áætla útgjöld lífeyristrygginga í hverju umdæmi, sem var á öðru verðlagssvæði árið 1962, miðað við að þau hefðu þá verið á fyrsta verðlagssvæði.

**3. gr.**

Ellilífeyrir skv. 13. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, svo og örorkulífeyrir skv. 14. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting

á þeim lögum, lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, svo og lög nr. 95 8. desember 1961, um hækkun á bótum almannatrygginga, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1963 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

## 2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

## 3. gr.

Gjöld samkv. lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1963 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1962, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1963, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1963, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex krónum — af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

## 4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1963:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tollfirtlit, frestað til ársloka 1963.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkaffli	9 nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10 nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11 nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17 nr. 1—6, sykur.
—	22 nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 nr. 1—9, tóbak.
—	25 nr. 10, salt.
—	27 nr. 1—4, kol.
—	27 nr. 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og vörur þær, sem taldir eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

## 5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1963 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10/1960, um söluskatt. Enn fremur skulu lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, gilda til ársloka 1963.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

*Gjört að Bessastöðum, 13. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1961 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:				Áætlun	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga	kr.	1 268 100 000.00	kr. 1 368 573 577.66
2.	—	3. — A.	—	290 000 000.00	— 271 279 050.11
3.	—	3. — B	—	75 000.00	— 178 939.75
4.	—	4. —	—	2 493 000.00	— 5 043 292.15
5.	—	5. —	—	24 900 000.00	— 19 518 218.81
6.	Eignahreyfingar samkv. 20 gr. fjárlaga	—	—	3 100 000.00	— 70 228 439.26
				kr. 1 588 668 000.00	kr. 1 734 821 517.74

Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga	kr.	9 782 463.00	kr. 6 366 560.38
2.	—	8. —	—	1 435 010.00	— 1 565 094.21
3.	—	9. —	—	9 550 000.00	— 9 929 560.99
4.	—	10. — I.	—	19 415 704.00	— 21 694 585.72
5.	—	10. — II.	—	18 591 577.00	— 21 464 828.15
6.	—	10. — III.	—	3 844 101.00	— 3 978 580.15
7.	—	11. — A.	—	77 451 522.00	— 81 576 326.03
8.	—	11. — B.	—	26 290 550.00	— 30 310 511.17
9.	—	11. — C.	—	1 700 000.00	— 1 902 243.61
10.	—	12. —	—	50 908 786.00	— 51 498 770.23
11.	—	13. — A.	—	98 299 898.00	— 103 651 208.50
12.	—	13. — B.	—	14 058 000.00	— 17 592 404.41
13.	—	13. — C.	—	26 322 031.00	— 27 413 094.57
14.	—	13. — D.	—	10 992 543.00	— 14 848 324.91
15.	—	13. — E.	—	4 452 348.00	— 4 883 210.35
16.	—	13. — F.	—	5 253 962.00	— 5 884 791.21
17.	—	14. — A.	—	180 048 867.00	— 180 646 353.85
18.	—	14. — B.	—	13 053 806.00	— 13 316 557.36
19.	—	15. —	—	13 283 706.00	— 13 090 518.51
20.	—	16. — A.	—	79 370 200.00	— 74 733 538.83
21.	—	16. — B.	—	25 872 482.00	— 26 193 681.09
22.	—	16. — C.	—	4 687 000.00	— 4 779 814.46
23.	—	16. — D.	—	32 961 859.00	— 32 333 965.15
24.	—	16. — E.	—	8 813 826.00	— 9 054 615.31
25.	—	17. —	—	379 249 630.00	— 377 744 213.01
26.	—	18. —	—	30 272 839.00	— 31 975 014.81
27.	—	19. — 1.	—	302 900 000.00	— 305 805 062.26
28.	—	19. — 2.	—	12 000 000.00	— 21 140 029.53

29.	Gjöld samkvæmt 19. gr. 3. fjárlaga	kr.	3 000 000.00	kr.	2 750 292.15
30.	— — 19. — 4. —	—	6 000 000.00	—	
31.	— — 19. — 5. —	—	6 500 000.00	—	11 649 058.60
32.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	kr.	111 876 355.00	kr.	191 677 521.37
	Mismunur .....	—	428 935.00	—	33 371 186.86
			kr. 1 588 668 000.00	kr. 1 734 821 517.74	

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*



## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 23. marz 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli öðlast gildi.

#### 2. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði, er kunna að vera nauðsynleg til að framfylgja greindum samningi.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Fylgiskjal.

#### Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

#### 1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði stjórnvalds eða skriflegri skuldbindingu, sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag maka sínum, fyrrverandi maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skal þegar fullnægt í öðru samningsríki, sé þess farið á leit. Sama gildir um þess háttar dóm, sem ekki er enn aðfararhæfur, og hvern þann úrskurð þess háttar, sem dómstóll, dómari eða „överexekutor“ hefur kveðið upp og fullnægt verður eins og aðfararhæfum dómi.

Nú hefur með dómi eða úrskurði í ríki því, þar sem fullnustu er leitað, meðlag verið ákveðið lægra eða úrskurðað, að ekki sé um meðlagsskyldu að ræða, og verður þá ekki þar í gegn fullnustu krafizt í því ríki.

#### 2. gr.

Beiðni um fullnustu skal senda yfirvaldi í samningsríki því, þar sem sá dvelst, er meðlagið á að fá, eða í samningsríki því, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn var kveðinn upp eða skriflega skuldbindingin gerð.

Eigi fullnusta að fara fram í öðru samningsríki en því, þar sem beiðnin kom fram samkvæmt 1. mgr., skal senda beiðnina til fyrrnefnds ríkis. Í því tilvikum er beiðnin send og móttækin af:

í *Danmörku* yfirstjórnvaldi (í Kaupmannahöfn „overpræsidenten“, en annars hlutaðeigandi amtmanni) eða, ef óvist er, hvert yfirstjórnvald á að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;

í *Finnlandi* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, ef óvíst er, hver lénsstjórn á að fjalla um málið, utauríkisráðuneytinu;  
 á *Íslandi* dómsmálaráðuneytinu;  
 í *Noregi* hlutaðeigandi fylkismanni eða, ef óvíst er, hver fylkismaður á að fjalla um málið, félagsmálaráðuneytinu, þegar um er að ræða meðlag með óskilgetnu barni eða móður slíks barns, en annars dómsmálaráðuneytinu; og  
 í *Svíþjóð* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, sé óvíst, hver lénsstjórn á um að fjalla, réttardeild utanríkisráðuneytisins.

Beiðni um innheimtu í öðru samningsríki á meðlagi, sem yfirvald hefur greitt fyrir fram, má það yfirvald senda beint til yfirvalds í því ríki, samkvæmt ákvæðinu í 2. mgr., þar sem innheimtan á að fara fram.

Skjali á finnsku eða íslenzku skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku, að því leyti sem þörf er á.

### 3. gr.

Yfirvald það, sem framkvæma skal innheimtuna, getur, ef nauðsynlegt þykir, krafizt vottorðs um, að dómurinn, úrskurðurinn eða skuldbindingin fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. mgr. 1. gr. fyrir fullnustu. Vottorð skal gefið út í því ríki, þar sem dómur eða úrskurður hefur verið kveðinn upp eða skuldbinding gerð, og af því yfirvaldi, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr.

Hafi upphæð meðlags ekki verið ákveðin í dómnum, úrskurðinum eða skuldbindingunni eða sé í beiðni um fullnustu farið fram á hærri upphæð en ákveðið hefur verið, má einnig krefjast vottorðs um upphæð meðlagsins samkvæmt 1. mgr.

### 4. gr.

Fullnustan fer fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

Fullnustan fer fram án kostnaðar fyrir réttihafa, nema hún eigi að fara fram samkvæmt reglunum um aðför í fasteign.

Innheimt upphæð sendist þeim, sem beiðzt hefur fullnustu, eða öðrum, sem hann ákveður.

### 5. gr.

Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafar vegna kostnaðar við fæðingu og sængurlegu og kostnaðar við sérstaka menntun barns og enn fremur skírn þess, fermingu, veikindi, greftrun og þess háttar.

### 6. gr.

Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

### 7. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem verða má.

Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjálanna. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur frá 10. febrúar 1931 milli samningsríkjanna um innheimtu meðlaga, eins og honum var breytt með samkomulagi hinn 1. apríl 1953.

Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt upp samningnum, og hættir hann þá að gilda hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan að liðnum sex mánuðum frá uppsögn.

Til staðfestingar hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gert í Osló, í einu eintaki á hverju þessara mála: íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

**(L. S.)**

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

### um almannavarnir.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðilja samkvæmt lögum.

Almannavarnir skulu veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðherra, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá.

##### 2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögín fela þeim.

##### 3. gr.

Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

#### II. KAFLI

##### Skipulag almannavarna.

##### 4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. Hann skipar forstöðumann almannavarna í landinu og setur honum erindisbréf. Skipunin má vera tímabundin.

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörðun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

#### 5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirætlunum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkráðsmál, lækni meðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum sjúkráðs ber, samkvæmt fyrirætlunum landlæknis, að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkráðs.

#### 6. gr.

Almannavarnaráð, er ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti, auk forstöðumanns, sbr. 4. gr., sem er formaður þess, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.

#### 7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhérauð eða bæir hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

#### 8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, er borgarráð velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi eða byggingafulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóra. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, er sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

#### 9. gr.

Almannavarnanefndum er falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur:

1. Viðvörðunarkerfi.
2. Skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Hjálparliðum má skipta í hverfisflokkka, er gegna störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er það umfangsmikið, að hverfisflokkur fær eigi við ráðið. Flokkar umdæmissveita skulu þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða

eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.

3. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
4. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun, sem ráðherra samþykkir.
5. Stjórnstöðvar.
6. Fjarskiptakerfi.
7. Birgðageymslur og birgðavarzla.
8. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði.
9. Aðrar ráðstafanir, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

### III. KAFLI

#### Hjálparlið.

##### 10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almanna-  
varna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

##### 11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

##### 12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

##### 13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

##### 14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarks-  
tíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

### IV. KAFLI

#### Einkavarnir.

##### 15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnu-  
stað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða.

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

#### 16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

#### 17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnateki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

#### 18. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

#### 19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

### V. KAFLI

#### Flutningur fólks af hættusvæðum.

#### 20. gr.

Ef brýna nauðsyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

#### 21. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

#### 22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlyningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrir-  
mæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húskaskjól,  
svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem  
látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim,  
sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

## VI. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 23. gr.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almanna- og húsnæðis hús sín og  
tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafizt, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða um-  
ráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brún þörf er á til almanna-  
varna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra  
manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að  
þær komi að tilætlunum notum. Um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir  
ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, eftir því sem við á.

#### 24. gr.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir  
gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða  
starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lág-  
markskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

#### 25. gr.

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnunum  
ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku  
laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almanna- og húsnæðis, og má þá sveitarfélagið greiða  
sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almanna- og húsnæðis en um getur í 1. og 2.  
málsgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir  
 $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.

#### 26. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé  
sérstaklega tekið fram.

#### 27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði  
samkvæmt öðrum lögum.

#### 28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um ráðstafanir til  
loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941,  
svo og breytingar á þeim lögum nr. 13 15. maí 1942 og nr. 103 15. desember 1951.

*Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## L Ö G

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum  
eða geislatækjum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

